


KJÓLAR
*Stílhreint, stutt og klassískt vinsælt*
Sérblað um kjóla
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.




SIEMENS
*Smith & Norland bæklingur*
Fyrir jólin
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.






# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

26. nóvember 2009 — 280. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Nýtt bókaforlag



Málstaður gefur út barnabók og styður afrískar mæður í vanda.

TÍMAMÓT 30

### Þagnameistarinn

„Þagnameistarinn lýsir nú eftir opnu og gagnsæju samfélagi. Hann hefur snúizt gegn sjálfum sér," skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 24

### Fögur fljóð



Fáklæddar fyrirsætur sýndu undirfötin frá Victoria's Secret.

FÓLK 45

### Vilja halda Degi



Austurríska handboltasambandið hefur boðið Degi Sigurðssyni nýjan samning.

ÍÞRÓTTIR 50

## VEÐRIÐ Í DAG




**KÓLNANDI VEÐUR** Í dag verða norðaustan 8-15 m/s, en hvassara við suðausturströndina í fyrstu. Dálítil él norðaustan til en yfirleitt bjartviðri suðvestanlands. Hitinn verður um og rétt undir frostmarki.

VEÐUR 4

# Sparnaður hjá HÍ jafngildir rekstri Kennaraháskólans

**Afkastatengdur samningur Háskóla Íslands við ríkið hefur verið felldur niður. Ríkið sparar 720 milljónir í ár. Áfall segir rektor. Skólinn áætlar að lækka laun yfir 350 þúsundum um allt að 6 prósent árið 2010.**

**MENNTAMÁL** Háskóli Íslands verður samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2010 rekinn fyrir jafngildi þeirrar fjárveitingar sem skólinn fékk fyrir sameiningu hans við Kennaraháskóla Íslands.

Í byrjun árs 2007 var undirritaður samningur við menntamálaráðuneytið um fjármögnun metnaðarfullrar stefnu HÍ. Hefur sú stefna kristallast í markmiðinu um að koma skólanum í hóp hundrað bestu háskóla heims. Samningurinn er afkastatengdur og átti að tryggja skólanum það viðbótarfé sem hann þarfnast til að geta sinnt hlutverki sínu sem menntastofnun í fremstu röð. Samningnum hefur nú verið frestað. Á þessu ári sparar það ríkinu 720 milljónir króna.

Kristín Ingólfsdóttir, rektor HÍ, segir að frestun samningsins sé áfall ekki síst þar sem skólinn hefur staðið við öll áfangamarkmið sem í samningnum eru. „Hvað kennsluna varðar þá vorum við hvött til að opna dyr skólans um áramótin. Fjölgaði í skólanum um fjórtán hundruð nemendur sem margir höfðu þá misst vinnuna. Nýnemum í haust fjölgaði um tuttugu prósent á milli ára. Skólinn er að stækka gífurlega á meðan við þurfum að mæta miklum niðurskurði. Við leggjum mesta áherslu á að nemendur skólans fái þá kennslu sem þeim ber en það eykur byrðar á herðum kennara sem lækka í launum. Hættan er sú að okkur fatist flugið í rannsóknum og af því hef ég verulegar áhyggjur."

Kristín hefur jafnframt áhyggjur af samstarfssamningum við erlenda háskóla. „Við höfum lagt mikið upp úr því að okkar nemendur geti tekið hluta af sínu námi við virtar erlendar stofnanir án þess að borga há skólagjöld. Framlag okkar í þessu samstarfi eru vísindi og rannsóknir. Með slíkum samningum teljum við okkur vera að stækka íslenska menntakerfið án útgjalda fyrir samfélagið. Þetta samstarf er í hættu."

Niðurskurður innan skólans er rúmur milljarður króna á þessu ári. Útfærsla niðurskurðar fyrir árið 2010 er í vinnslu og gerir ráð fyrir fjögur til sex prósenta lækkunum á laun yfir 350 þúsundum króna. Sameiginleg útgjöld og útgjöld fræðasviða verða lækkuð um fjögur prósent. Þessar forsendur ásamt sparnaði ársins 2009 jafngilda því að rekstur Kennaraháskólans fyrir sameiningu við HÍ hafi verið þurrkaður út úr bókum ríkisins. Sú skylda er því lögð á herðar stjórnenda að fjármagna rekstur menntavísindasviðs HÍ sem er að stofni til gamli Kennaraháskólinn. Ríkisframlög til Kennaraháskólans á síðasta rekstrarári hans sem sjálfstæðs skóla var um 1,5 milljarðar króna.

**- shá**



**LJÓSAGANGA UNIFEM** Stefán Eiríksson lögreglustjóri, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir alþingiskona og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra voru meðal þeirra sem tóku þátt í ljósagöngu UNIFEM í gærkvöldi. Í gær var alþjóðlegur baráttudagur SÞ gegn kynbundnu ofbeldi auk þess sem UNIFEM á Íslandi fagnaði 20 ára afmæli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

168 matargjöfum úthlutað:

## Metdagur hjá Hjálparstarfinu

**SAMFÉLAGSMÁL** Hjálparstarf kirkjunnar úthlutaði 168 matargjöfum í gær, sem er met ef frá er talin aðstoð um hátíðir. Á miðvikudaginn í síðustu viku var 116 gjöfum úthlutað, og þótti það þó mjög mikið, að sögn Vilborgar Oddsdóttur hjá Hjálparstarfinu. Auk þess hafa hátt í sjötíu gjafir verið sendar út á land.

Vilborg segir að gífurleg fjölgun hafi orðið hjá þeim á þessu ári. Sem dæmi nefnir hún að í október hafi borist um 880 umsóknir, samanborið við tæpar 200 í fyrra, sem þó þótti mikill fjöldi. „Mín skýring er sú að það er svo ofboðslegur greiðsluvilji hjá fólki. Fólk er að greiða það sem það skuldar og á bara ekkert eftir," segir hún. Margar fjölskyldur hafi ekki nema 30 til 50 þúsund krónur aflögu eftir að hafa greitt sínar skuldir.

**- sh**

Notkun jarðhita til húshitunar hefur sparað 880 milljarða frá 1970:

## 57 milljarðar spöruðust í fyrra

**ORKUMÁL** Íslenskt samfélag sparaði sér 57 milljarða króna árið 2008 með því að nýta jarðhita til húshitunar miðað við hvað kostað hefði að kynda hús með olíu. Þetta er niðurstaða útreikninga sem Orkustofnun hefur gert.

Jónas Ketilsson, jarðhitasérfræðingur hjá Orkustofnun, segir að miðað við 2% raunávöxtun hafi Íslendingar sparað sér 880 milljarða króna á núvirði frá 1970, með því að kynda hús með jarðhita samanborið við kostnað af olíukyndingu.

„Ef við tökum bara þá orku sem við erum að nýta í dag til húshitunar og yfirfærum á olíu þá fáum við þessar tölur," segir Jónas. Jafnvel þótt orkunotkun yrði eitthvað minni ef kynt væri með dýrari orkugjafa eins og olíu eða rafmagni sé sparnaðurinn gífurlegur.

**- pg**


EINFALT
að skila og skipta!
Yfir 50.000 vöruliðir í úrvali allt árið




50 ára HAGKAUP fyrir íslendinga í 50 ár

sbarro®
18 tommu pönnupizza með 2 áleggstegundum
1990 kr.
Risa pizza
Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750



**SPURNING DAGSINS**



*Ragnheiður, hafa Íslendingar margt á prjónunum?*

„Já, það er fitjað upp á ýmsu."

Ragnheiður Eiríksdóttir og Erla Sigurlaug Sigurðardóttir hafa gefið út mynddisk um prjónaskap.

Reykjavíkurborg minnir á reglur um jólagjafir og jólahlaðborð fyrir starfsmenn:

# Fá hvorki jólagjöf né veitingahúsaferð

**REYKJAVÍKURBORG** „Að gefnu tilefni skal á það minnt að stjórnendum vinnustaða Reykjavíkurborgar er óheimilt að verja fjármunum vinnustaða til að bjóða starfsmönnum á jólahlaðborð veitingastaða eða til að kaupa jólagjafir. Hafi slíkt tíðkast áður, ber að láta af þeim sið," segir í bréfi til sviðsstjóra og starfsmannastjóra hjá Reykjavíkurborg.

Í bréfinu, sem Hallur Páll Jónsson mannauðsstjóri sendi fyrr í þessum mánuði, kemur fram að starfsstaðir Reykjavíkurborgar hafi haft ýmsan hátt á varðandi skipulag atburða með starfsmönnum í tilefni aðventunnar.

„Á öllum vinnustöðum gera menn sér dagamun og þannig verður það án efa að þessu sinni, enda mikilvægt að efla starfsandann," ítrekar mannauðsstjórinn um leið og hann undirstrikar að nauðsynlegt sé að útgjöld í tilefni aðventunnar verði í miklu hófi. „Hér er ekki aðeins verið að vísa til sparnaðar og ráðdeildar eða að vel sé farið með skattfé borgarinnar, heldur einnig bent á mikilvægi þess að sömu meginviðmið gildi um starfsmenn í þessum efnum, óháð vinnustað og fagsviði."

Í svari til Fréttablaðsins segir Hallur að borgin hafi ekki gefið út sérstakar leiðbeiningar fyrir stjórnendur. „Hins vegar hefur þeim tilmælum verið beint til stjórnenda að gæta þess að útgjöld verði í hófi," segir mannauðsstjórinn. - gar



**ENGINN PAKKI Í ÁR** „Hafi slíkt tíðkast áður ber að láta af þeim sið," segir um jólagjafir til starfsmanna og boð í jólahlaðborð á veitingastöðum í bréfi til yfirmanna hjá Reykjavíkurborg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Með óþekktan dvalarstað:

## Ákærður fyrir að trampa á bíl

**DÓMSMÁL Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir að trampa á bíl og stórskemma hann.**

**Atvikið átti sér stað í júní á síðasta ári á bifreiðastæði við skemmtistaðinn 800-bar við Eyrarveg á Selfossi. Maðurinn gekk tvívegis yfir bílinn með þeim afleiðingum að dældir mynduðust á vélarhlíf og þaki hans. Þegar lögregla hafði afskipti af manninum neitaði hann að gefa upp nafn sitt og persónuupplýsingar. Eigandi bifreiðarinnar gerir skaðabótakröfu upp á tæplega 400 þúsund krónur. Skemmdarvargurinn er nú erlendis en ekki er vitað hvar.** - jss

Forsætisráðherra:

## Neyðarmóttaka verður varin

**HEILBRIGÐISMÁL Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í ávarpi á 20 ára afmæli UNIFEM á Íslandi í gær að þrátt fyrir yfirvofandi niðurskurð yrði starfsemi neyðarmóttöku nauðgana á Landspítala varin.**

**Nýlega bárust fréttir af því að stjórnendur Landspítalans hygðust mæta fyrirliggjandi hagræðingarkröfum með því að leggja af sérþjálfað teymi lækna.**

**„Starfsemi neyðarmóttökunnar þyrfti þvert á móti að efla þannig að sú mikla þekking sem þar hefur orðið til gæti nýst í þeirri atlögu sem nú stendur yfir gegn kynferðislegu ofbeldi í íslensku samfélagi," sagði Jóhanna. Heilbrigðisráðherra hefur kallað eftir tillögum stjórnenda Landspítalans um starfsemi neyðarmóttökunnar.** - shá

Samskipti vegna Icesave:

## Brown svarar en segir lítið

**UTANRÍKISMÁL** Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra barst svar frá Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, fyrr í þessum mánuði við bréfi sem hún sendi í ágúst vegna Icesave. Forsætisráðuneytið birti bréfið opinberlega í dag í kjölfar fyrirspurnar fréttastofu Stöðvar 2.

Bréf Browns er almenns eðlis og ekki vikið að hugmynd Jóhönnu um að fundað verði sérstaklega vegna málsins. Í bréfinu segist hann vera ánægður með þann árangur sem hafi náðst í viðræðum landanna og bindur vonir við nýtt frumvarp um ríkisábyrgð.

Jóhanna hefur svarað og lagt áherslu á að Íslendingar fallist ekki á þau rök að þeim sé lagalega skylt að greiða Icesave reikninginn. - shá

# Félitlir Íslendingar hafna skiptinemum

**Aldrei hefur gengið jafn illa að fá fósturfjölskyldur fyrir skiptinema að sögn Guðrúnar Eyþórsdóttur hjá AFS-skiptinemasamtökunum. Fjórir skiptinemar hafa flakkað á milli fjölskyldna síðan í ágúst sem er þeim erfitt.**

**FÓLK** Verra efnahagsástand er helsta orsök þess að verr hefur gengið að fá fósturfjölskyldur fyrir skiptinema nú en áður, segir Guðrún Eyþórsdóttir, verkefnastjóri erlendra nema hjá AFS-skiptinemasamtökunum. „Fólk setur fyrir sig að hafa aukamunn að metta þegar það veit ekki hvort það heldur vinnunni í vetur."

Guðrún segir að þrátt fyrir að skiptinemum sem teknir voru til Íslands í ár hafi verið fækkað um fimm síðan í fyrra þá hafi ekki verið búið að útvega tíu þeirra fjölskyldur þegar nemarnir komu til landsins í ágúst. „Við tókum 41 skiptinema til landsins í ár en 46 í fyrra. Af þeim tíu sem ekki höfðu fjölskyldur eru sex komnir með fósturfjölskyldur í dag en fjórir hafa verið flakkandi á milli fjölskyldna síðan í ágúst, verið eina til tvær vikur á hverjum stað. Þetta tekur auðvitað á, þau eru misvel undirbúin undir það að lenda í þessum aðstæðum. Og þetta gerir aðlögunarferlið að nýju landi auðvitað miklu erfiðara. Og nú nálgast jólin og þá fara tárin að streyma," segir Guðrún.

Skiptinemarnir fá sjálfir vasapening frá AFS þannig að fósturfjölskylda ber ekki af þeim neinn kostnað fyrir utan matinn og það er ekki ætlast til þess að þeir fái sérherbergi. Fulltrúar AFS skoða þó aðstæður áður en fósturfjölskylda er samþykkt.

Guðrún segir skiptinemana eiga að vera hluta af fjölskyldunni og taka þátt í daglegu lífi hennar og sinna heimilisstörfum á við aðra fjölskyldumeðlimi. „Krakkarnir sem ekki eru komnir með fjölskyldu eru allir mjög fínir, þeir eru í framhaldsskóla eins og vera ber en það er auðvitað ekkert mál fyrir þá að skipta um skóla og fara í nýjan nálægt nýrri fósturfjölskyldu því misserinu er að ljúka," segir Guðrún.

Krakkarnir sem komu til Íslands í ágúst eru frá átján löndum, flest frá Evrópu en líka frá Venesúela, Bandaríkjunum og Grænlandi svo dæmi séu tekin. Þau eru á aldrinum sextán til nítján ára. Guðrún segir yfirleitt taka skiptinema nokkrar og upp í átta vikur að aðlagast nýju landi. Tengslin á milli skiptinema og fósturfjölskyldu verði oft sterk og haldist jafnvel á milli kynslóða.

sigridur@frettabladid.is



**BRUGÐIÐ Á LEIK** AFS stendur fyrir uppákomum fyrir skiptinemana yfir veturinn og er myndin tekin við slíkt tækifæri.



**GUÐRÚN EYÞÓRSDÓTTIR** „Fólk setur fyrir sig að hafa aukamunn að metta þegar það veit ekki hvort það heldur vinnunni í vetur," segir Guðrún.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn:

## Funda um aðra endurskoðun

**EFNAHAGSMÁL** Nefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) sækir landið heim dagana 1. til 14. desember næstkomandi. Nefndin fundar með stjórnvöldum um aðra endurskoðun samkomulags ríkisstjórnarinnar og sjóðsins um endurreisn efnahagslífsins.

Að sögn talskonu sjóðsins leiðir Mark Flanagan nefndina sem fyrr. Farið verður yfir þróun efnahagsmála og þann árangur sem náðst hefur undir hatti áætlunar stjórnvalda með stuðningi AGS frá því að fyrri endurskoðun lauk. Samkvæmt upplýsingum AGS verður áhersla lögð á enduruppbyggingu fjármálakerfisins og á að tryggja sjálfbærni ríkisfjármála, í víðara samhengi efnahagsbata landsins. Fundað verður með fjölmiðlum í lok heimsóknarinnar. - óká

Síldarkvótinn hálfur á land:

## Nóg af síld en hún er torveidd

**SJÁVARÚTVEGUR Skip HB Granda hafa lokið við að veiða þann 4.500 tonna síldarkvóta sem kom í hlut félagsins við ákvörðun sjávarútvegsráðherra á 40 þúsund tonna aflamarki á veiðum á íslensku sumargotssíldinni fyrr í þessum mánuði.**

**Lundey NS kom í gærkvöldi til Akraness með um 1.350 til 1.400 tonn af síld sem fengust í Breiðafirði.**

**Að sögn Arnþórs Hjörleifssonar, skipstjóra á Lundey, hefur tíðarfar verið erfitt og norðlæg vindátt, sem stóð beint á land, og síldin uppi í landsteinum. Auk þess var mikill straumur í sundunum í nágrenni Stykkishólms.**

**Íslensku skipin eru nú hálfnuð með síldarkvótann samkvæmt aflastöðulista Fiskistofu.** - shá






Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók alls um 150 kannabisplöntur í fyrrinótt:

# Vatn fossaði úr kannabisverksmiðju

**LÖGREGLUMÁL** Vatnsleki úr íbúð í Kópavogi í fyrrinótt varð til þess að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fann kannabisræktun með ríflega hundrað plöntum.

Gríðarlegur vatnsleki var úr íbúðinni sem er í fjölbýlishúsi. Þar sem húsráðandi var ekki heima og ekki hægt að ná í hann til að komast inn í íbúðina var gripið til þess ráðs að kalla til lögreglu. Einnig var slökkviliðið kvatt á staðinn til að dæla vatninu upp.

Þegar lögreglan fór inn í íbúðina reyndist kannabisræktun vera þar í fullum gangi. Húsráðanda bar svo að, ásamt öðrum manni, þegar lögregla var um það bil að ljúka störfum. Þeir voru báðir handteknir og færðir til skýrslutöku. Maðurinn mun hafa komið við sögu áður hjá lögreglu, meðal annars vegna fíkniefnamála.

Í fyrrinótt tók lögreglan einnig kannabisræktun í Skipholti. Þar voru fjórutíu plöntur teknar.

Sem fyrr minnir lögreglan á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. Fíkniefnasíminn er samvinnuverkefni lögreglu og tollyfirvalda og er liður í baráttunni við fíkniefnavandann. - jss



**KANNABISRÆKTUN** Kannabisræktunin í Kópavogi var ekki jafn umfangsmikil og í kannabisverksmiðjunni sem lögreglan fann á Kjalarnesi í mars. Verðmæti framleiðslunnar þar var metið á fimmtíu milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ALLAR VÖRUR
Á TAX FREE
AÐEINS Í DAG
OPIÐ TIL 22
FIMMTUDAGINN 26. NÓVEMBER
blómaval
AÐVENTAN
Sýnikennsla í jóla-
skreytingum í öllum
Blómavalsverslunum í kvöld
Piparkökur, kakó
og jólastemmning
í Húsasmiðjunni
í kvöld
HÚSASMIÐJAN
Gildir ekki af öðrum tilboðum og að
sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil
á virðisaukaskatti til ríkissjóðs

## GENGIÐ 25.11.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122 | 122,58 |
| Sterlingspund | 203,9 | 204,9 |
| Evra | 183,25 | 184,27 |
| Dönsk króna | 24,623 | 24,767 |
| Norsk króna | 21,778 | 21,906 |
| Sænsk króna | 17,686 | 17,79 |
| Japanskt jen | 1,3885 | 1,3967 |
| SDR | 196,13 | 197,29 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

235,8811

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ríkið og Seðlabankinn eiga meirihluta 368 milljarða krafna í bú gamla Icebank:

# Kröfum ríkisins ekki hafnað

**VIÐSKIPTI** Kröfur í þrotabú Sparisjóðabankans, áður Icebank, eru 242 og nema samtals 368 milljörðum króna. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gær. Kröfur upp á 81 milljarð hafa verið samþykktar.

Langstærstu kröfuna gerir ríkissjóður, eða rúmlega 200 milljarða. Þá gerir Seðlabanki Íslands kröfu upp á um 24 milljarða. Megnið af þessum upphæðum eru tilkomnar vegna endurhverfra viðskipta Icebank við Seðlabankann.

Í fréttum RÚV sagði að slitastjórn hefði þegar hafnað þessum kröfum. Berglind Svavarsdóttir, sem situr í slitastjórninni, segir það hins vegar ekki rétt. Kröfurnar séu skráðar þannig að þeim hafi verið hafnað að svo stöddu, en það þýði í raun að engin afstaða hafi verið tekin til þeirra enn. Búið er að taka afstöðu til um helmings krafnanna 242.

Fjármálaeftirlitið gerir 26 milljóna kröfu í búið vegna starfa skilanefndar bankans. Þeirri kröfu hefur verið hafnað. Berglind segir að þegar neyðarlögin voru sett í fyrrahaust hafi verið kveðið á um það að kostnaður við skilanefndir félli á ríkið. Því hafi svo verið breytt, en sú breyting væri ekki afturvirk. Mat slitastjórnarinnar sé því að kostnaður við störf skilanefndarinnar fram að lagabreytingunni skuli ekki greiðast úr þrotabúinu. **- sh**



BERGLIND SVAVARSDÓTTIR

Þrjú samtök álykta:

## Íþróttasamband álykti um KSÍ

**FÉLAGSMÁL** Femínistafélag Íslands, Samtök um kvennaathvarf og Stígamót fordæma niðurstöðu KSÍ í máli fjármálastjóra félagsins.

Sá var, sem kunnugt er, ekki dreginn til frekari ábyrgðar á dögunum fyrir að hafa notað greiðslukort KSÍ inni á svissneskum súlustað árið 2005. Samtökin þrjú segja það óviðunandi að stjórn KSÍ víki ekki eftir máttleysisleg viðbrögð hennar. Íþróttahreyfingin þiggi háar fjárhæðir frá foreldrum og hinu opinbera. Samtökin þrjú krefja því Íþróttasamband Íslands um afstöðu til málsins. **- kóþ**

Forsætisráðherra Belgíu:

## Leterme tekur við af Rompuy

**BELGÍA, AP** Yves Leterme tók í gær við forsætisráðherraembætti Belgíu af Herman Van Rompuy, sem fyrir helgi var valinn í embætti forseta leiðtogaráðs Evrópusambandsins.

Engin önnur breyting verður á samsteypustjórn kristilegra demókrata, frjálslyndra og sósíalista. Bæði Leterme og Van Rompuy eru kristilegir demókratar.

Erfiðasta verkefni stjórnarinnar er að halda í skefjum deilum Vallóna og Flæmingja, sem búa hvorir í sínum helmingi landsins. Leterme sagði af sér fyrir tæpu ári vegna bankahneykslis. **- gb**



YVES LETERME

Barnaverndarnefndir:

## Ekki meira álag vegna kreppu

**FÉLAGSMÁL** Ekkert bendir til þess að tilkynningum til barnaverndarnefnda hafi fjölgað meira í kjölfar kreppunnar en áður en hún skall á. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem svokölluð velferðarvakt, sem starfar undir félags- og tryggingamálaráðuneytinu, lét gera.

Kveikja rannsóknarinnar var fréttaflutningur um að tilkynningum hefði fjölgað töluvert á fyrri hluta þessa árs frá árinu áður, og ályktanir í þá veru að fjölgunin tengdist kreppunni og vaxandi atvinnuleysi.

Í ljós kom að þessar ályktanir voru ekki á rökum reistar. Tilkynningum hafði sannarlega fjölgað á milli ára, en þó ekki meira en þeim hafði gert nánast undantekingarlaust síðustu ár. **- sh**

# Skerðing á fæðingarorlofi bitnar frekar á körlunum

**Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu telur skerðingu á fæðingarorlofsgreiðslum vinna gegn markmiðum laganna. Lögin eigi að tryggja börnum aðgengi að foreldrum og jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði.**

**FÉLAGSMÁL** Fyrirhuguð skerðing á fæðingarorlofsgreiðslum gengur gegn markmiðum laganna um slíkar greiðslur, að mati Kristínar Ástgeirsdóttur, framkvæmdastýru Jafnréttisstofu. Hún bendir á að markmið laganna sé annars vegar að tryggja börnum aðgengi að foreldrum sínum og hins vegar að jafna stöðuna á vinnumarkaði.

„Svo bitnar þetta meira á körlum en konum, því breytingarnar gera karlmönnum erfiðara fyrir að taka fæðingarorlof," segir Kristín. Hún segir mjög bagalegt að grípa þurfi til ráðstafana sem þessara. „Auðvitað er mjög mikil hætta á því að því lægra sem farið er með þakið því erfiðara eigi fólk með að taka fæðingarorlof og þá sérstaklega karlmenn. Eins og við vitum hafa þeir töluvert hærri meðallaun en konur og verða þar af leiðandi fyrir meiri tekjuskerðingu með orlofstökunni."

Kristín segir að verði ekki hægt að snúa aftur til fyrri hátta fljótlega sé kerfið farið sem hér hafi verið byggt upp. „Sem væri synd því þetta fyrirkomulag hefur vakið mjög mikla athygli erlendis og margar þjóðir sem velta því fyrir sér að byggja upp svipað kerfi." Hún segir þó jákvætt að ekki sé hróflað við tímalengd orlofsins, en jafnljóst sé að eftir því sem tekjuþakið sé lægra því erfiðara sé að fá þá sem eru með meðallaun og þar yfir til að taka fullt fæðingarorlof. „Og það kemur náttúrulega niður á börnunum og auðvitað þeim markmiðum sem ætlunin var að ná með lögunum."



KRISTÍN ÁSTGEIRSDÓTTIR

Núverandi kerfi hefur varað í um fimm ára skeið, en hefur, að sögn Kristínar, á þeim tíma hvorki haft áhrif á launamun kynjanna né á verkaskiptingu innan heimilanna. Erfitt sé hins vegar að segja til um hvort það séu breytingar sem hefðu tekið lengri tíma. „En þetta hefur jafnað stöðu kynjanna á vinnumarkaði."

Þá segir Kristín að forvitnilegt verði að sjá áhrifin á barnsfæðingar. „Ég hefði haldið að mjög fljótlega færi að draga úr þeim. Það stefnir reyndar í met á þessu ári, en það tel ég kannski tengjast því að fólk hafi ekki verið viðbúið kreppunni eða trúað að hún yrði langvarandi. En ég held að fólk sem virkilega hugsar sinn gang hljóti að fresta barneignum. Það gerðist til dæmis hér á landi í heimskreppunni miklu og þannig fyndist manni eðlilegra að draga myndi úr álagi á kerfið." **olikr@frettabladid.is**



**VIÐ FÆÐINGARDEILD LSH** Fjölmargir hafa brugðist við og mótmælt fyrirhuguðum niðurskurði fæðingarorlofsgreiðslna. Þar á meðal er Félagsráðgjafafélag Íslands sem bendir á að börn gæti ekki hagsmuna sinna sjálf og því sé ábyrgð stjórnvalda, fjölmiðla og samfélagsins alls mikil þegar komi að málefnum sem þau varði. Tryggja eigi börnum samveru við báða foreldra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### BREYTINGIN MIÐAST VIÐ ÁRAMÓT

Foreldrar barna sem fæðast fyrir áramót halda þeim réttindum sem nú eru við lýði hvað fæðingarorlof varðar, jafnvel þótt orlofstöku sé frestað, samkvæmt upplýsingum úr félags- og tryggingamálaráðuneytinu. Foreldrar barna sem fæðast 1. janúar og síðar fá lægri greiðslur.

Með frumvarpi Árna Páls Árnasonar félagsmálaráðherra um lægri fæðingarorlofsgreiðslur er horft til þess að spara nálægt tveimur milljörðum króna. Hámarksgreiðslur lækka um 50 þúsund krónur, fara úr 350 þúsund krónum í 300 þúsund krónur á mánuði. Þá fá foreldrar sem hafa meira en 200 þúsund krónur í mánaðarlaun ekki 80 prósent af tekjum sínum frá ríkinu meðan á orlofstöku stendur heldur 75 prósent launanna.

Fæðingarorlofið verður eftir sem áður níu mánuðir og skiptist á milli foreldranna. Frumvarpið var kynnt í ríkisstjórn á þriðjudag en búist er við því að það fari fyrir Alþingi nú í lok vikunnar eða byrjun næstu viku.






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir Veðurfréttamaður

**KULDATÍÐ** Helstu tíðindin í veðrinu eru að það fer talsvert kólnandi á landinu einkum um helgina. Þá er útlit fyrir snjókomu í höfuðborginni á morgun og á laugardag en á sunnudag léttir til. Það verður því jólalegt um að litast fyrsta helgina í aðventu.



Á MORGUN Hæg austlæg eða breytileg átt.

LAUGARDAGUR Víða hægviðri.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 11° |
| Berlín | 10° |
| Billund | 10° |
| Eindhoven | 11° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 11° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 11° |
| Mallorca | 24° |
| New York | 16° |
| Orlando | 23° |
| Ósló | 8° |
| París | 12° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.




# JÓLAGJAFAHANDBÓK 2009
# SMÁRALINDAR ER KOMIN ÚT

Þar er að finna fjölmargar hugmyndir að góðum gjöfum fyrir alla fjölskylduna sem auðvelda þér jólainnkaupin.

Verslanir Smáralindar eru nú sneisafullar af jólagjöfum, jólamat, jólafatnaði, jólaskreytingum og öllu öðru sem þarf til jólanna.

**Gerðu öll innkaupin á einum stað þar sem jólastemningin ræður ríkjum – í Smáralind.**

Opið til kl. 21 í dag

SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
**Verslanir opnar:** mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

KJÖRKASSINN



*Ert þú með húðflúr á líkama þínum?*

| | |
|---|---|
| Já | 21,7% |
| Nei | 78,3% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Telur þú réttmætt að fjölmiðlar fái stuðning frá ríkinu?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Erlendir fjármagnsmarkaðir enn lokaðir en margt bendir til þess að þeir opnist brátt segir seðlabankastjóri:

# Ísland ekki í áhættuflokk að óbreyttu

**EFNAHAGSMÁL** Lánshæfismat íslenska ríkisins mun að óbreyttu geta haldist í svokölluðum fjárfestingaflokki hjá matsfyrirtækjunum, og sleppa við að lenda í áhættuflokki versni ástandið ekki. Þetta kom fram í máli Más Guðmundssonar seðlabankastjóra á fundi Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga á Grand hóteli í gær.

Már benti á að í nýjasta mati sem erlent matsfyrirtæki hefur gefið út eru horfur hér á landi sagðar stöðugar. Út frá því megi búast við að lánshæfismatið lækki ekki frekar komi ekkert óvænt upp á.

Erlendir fjármagnsmarkaðir eru enn lokaðir ríkinu og íslenskum fyrirtækjum, en Már sagði Seðlabankann sjá vísbendingar um að það gæti verið að breytast. Mögulega muni slíkir markaðir brátt opnast á ný, hugsanlega þegar líða taki á næsta ár.

Aðstæður ættu að skapast snemma á næsta ári fyrir því að ríkið fari í öfluga kynningu á landinu á erlendum mörkuðum, sagði Már. Þá sé mögulegt að ríkið ryðji leiðina á lánsfjármörkuðum með því að taka lán til að auðvelda íslenskum fyrirtækjum að fylgja í kjölfarið.

Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Arion, áður Nýja Kaupþings, sagði mikilvægt fyrir íslensk fyrirtæki að erlendir lánsfjármarkaðir opnist, og líklega muni það gerast í nokkrum skrefum. Mikilvægt sé að ríkið ryðji brautina, en engu aðsíður sé ljóst að kjörin verði „heldur ömurleg“ til að byrja með. - bj

## FÁ LÁN FRÁ NORÐURLÖNDUM FYRIR JÓL

Seðlabankinn áformar að draga á lánaheimildir frá Norðurlöndunum á næstunni, og mun féð vonandi koma til landsins fyrir jól. Þetta kom fram í máli Más Guðmundssonar seðlabankastjóra á fundi FVH í gær.

„Fjármálaráðuneytið er aðal lántakandinn, en ég get upplýst að slík beiðni verður lögð inn einhverntíman á næstu dögum,“ sagði Már í samtali við Fréttablaðið eftir fundinn. Hægt væri að fá að hámarki 440 milljónir evra að láni á þessum tímapunkti, sem jafngildir um 81 milljarði króna.

Már reiknar ekki með að óskað verði eftir allri upphæðinni, en að lágmarki verði 200 milljónir evra, um 37 milljarðar króna, teknar að láni nú.

Lánið verður notað til að styrkja gjaldeyrisforðann.

# Yfirvinna getur híft menn yfir ráðherra

**Endurskoðun launa æðstu manna stendur enn yfir. Kjararáð getur ákveðið að greiða aukalega fyrir yfirvinnu og álag þannig að ríkislaun verði hærri en laun forsætisráðherra. Flugmenn Gæslunnar eru einir með hærri laun í dagvinnu.**

**ALÞINGI.** Kjararáð hefur ekki lokið við að endurskoða launakjör í neinum þeirra ríkisstofnana og fyrirtækja sem falla undir úrskurðarvald ráðsins eftir lagabreytingu á Alþingi í sumar. Breytingin var gerð til að hrinda í framkvæmd ákvæði stjórnarsáttmálans að „engin ríkislaun verði hærri en laun forsætisráðherra“.

Fram kom hjá Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á Alþingi í gær að þetta feli í sér að enginn æðstu manna ríkisins, stofnana þess og fyrirtækja hafi meira en 935.000 krónur í föst dagvinnulaun, nema forseti Íslands. Kjararáð geti þó, eins og áður, ákveðið að greiða aukaeiningar fyrir yfirvinnu og vaktaálag, til viðbótar við föstu dagvinnulaunin.

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagðist telja að flestir hefðu talið að með yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar í stjórnarsáttmálanum og við lagabreytingarnar í sumar hefði verið átt við að enginn af embættismönnum eða stjórnendum ríkisfyrirtækja fengi hærri heildarlaun en forsætisráðherra.

Fram kom hjá Jóhönnu að flugmenn Landhelgisgæslunnar séu þeir einu sem taka laun samkvæmt kjarasamningum, sem hafa meira en 935.00 krónur í föst laun fyrir dagvinnu. Aðrir ríkisstarfsmenn, sem ekki eru settir undir Kjararáð, geti einnig haft hærri heildarlaun en forsætisráðherra vegna yfirvinnu, vaktaálags og fleiri greiðslna.

Jóhanna sagði Kjararáð vinna að endurskoðun kjaramála þeirra stofnana og stjórnenda sem nýju lögin ná yfir. „Endurskoðun sé „misjafnlega á veg komin“ en sé hvergi lokið.



**FORSÆTISRÁÐHERRA** Jóhanna Sigurðardóttir sagði á Alþingi í gær að endurskoðun á kjörum útvarpsstjóra, forstjóra Landsvirkjunar, seðlabankastjóra, forstjóra Landspítalans og fleiri standi nú yfir á vegum Kjararáðs. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

„Ég hef alltaf furðað mig á því að jafnaðarmenn allra landa hafi ekki gripið inn í skattfrelsi utanríkisþjónustunnar,“ sagði Pétur H. Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, í umræðunum á Alþingi í gær, „og ekki bara skattfrelsi heldur líka dagpeninga og alls konar undanþágur sem menn eru með“. Pétur sagði að varpa ætti ljósi á verðmæti lífeyrisréttinda, dagpeninga „en ekki bara líta á einhverja krónutölu, sem laun hæstvirts forsætisráðherra“.

Jóhanna sagðist undrast ýmis hlunnindi sem starfsmenn utanríkisþjónustunnar njóta en að það sneri að utanríkisráðherra frekar en að sér að skoða það mál og hafa á því skoðun. peturg@frettabaldid.is

Karlmaður um þrítugt fyrir dóm:

# Kveikti í íbúð og setti bíl í sjóinn

**DÓMSMÁL** Karlmaður um þrítugt hefur verið ákærður fyrir að kveikja í fatahrúgu innan dyra og stökkva síðan út úr bíl sem hann ók að höfninni á Hvammstanga, þannig að bíllinn rann út í sjó.

Maðurinn er ákærður fyrir að hafa kveikt í kjallaraíbúð í þríbýlishúsi á Hvammstanga í febrúar. Það gerði hann með því að leggja eld að fatnaði sem lá ofan á rúmdýnu í svefnherbergi hans í íbúðinni. Með því olli hann eldsvoða sem hafði í för með sér almannahættu, verulegt eignatjón auk hættu á yfirgripsmikilli eyðingu eigna annarra hefði eldurinn náð að breiðast út frekar áður en hann var slökktur af slökkviliði, eins og segir í ákæru.

Jafnframt er maðurinn ákærður fyrir að hafa tekið bíl traustataki og ekið honum undir áhrifum áfengis heiman að frá sér að hafnarsvæðinu og stokkið þar á ferð út úr bifreiðinni sem rann áfram og hafnaði í sjónum.



**HVAMMSTANGI** Atvikin áttu sér stað á Hvammstanga í febrúar.

Vátryggingafélag Íslands gerir skaðabótakröfu á hendur manninum að upphæð ríflega 4,5 milljónir króna. - jss


15% afsláttur
af 204 stk. NICOTINELL pakkningum



Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins
Nicotinell
Lyfjaval APÓTEK
Bílaapótek Hæðarsmára
Mjódd • Álftamýri
Lyfjaval.is • sími 577 1160

Æskuminningar Flosa




Ómótstæðilegur húmor – nístandi háð.
Besta bók Flosa Ólafssonar.
SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

DEVOLD
Nærfatnaður í miklu úrvali



Munið gjafabréfin!
Gjafabréf Ellingsen
Ellingsen
– fullt hús jólagjafa

# Vinsælustu
## heimilistækin á frábæru verði

OPIÐ til 20 alla daga

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

**Melissa**



**Melissa straujárn**
641031
- 1600w
- Ryðfrír stálbotn

2.990 kr
FRÁBÆRT VERÐ

**exido**



**Exido brauðrist** 243034
- 800w
- Hólf fyrir 2 sneiðar
- 7 hitastillingar
- Endurhitun og afþýðing
- Mylsnubakki

3.990 kr
FRÁBÆRT VERÐ

**SEVERIN**



**Severin eldhúsvog** KW3667
- Skýr LCD skjár
- Gler fótur
- 5kg
- 1g kvarði

3.990 kr
FRÁBÆRT VERÐ

**SEVERIN**



**Severin kaffivél** KA5700
- 1450w Kaffivél-Svört
- Vaprotonic boiling system- Sýður vatnið
- Dropastoppari
- 1l glerkanna fyrir 8-12 bolla

16.990 kr
FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa**



**Melissa djúpsteikningarpottur**
643069
- Melissa djúpsteikingarpottur
- Tekur 2,2 lítra
- Plasthús
- Margvíslegar hitastillingar

10.990 kr
FRÁBÆRT VERÐ

**KENWOOD**



**Kenwood matvinnsluvél** FP110
- 300w matvinnsluvél
- 13 Notkunarmöguleikar
- Tekur allt að 800ml/0,8kg
- 1 hraði ásamt púls
- Hágæða ryðfrír hnífar
- Öryggislás
- Gúmmílappir fyrir aukin stöðuleika

7.990 kr
FRÁBÆRT VERÐ

**PHILIPS**



**Philips hárblásari** HP8180
- 2100w Professional hárblásari með 6 hita og hraðastillingar
- Mjór haus fyrir nákvæmari blástur
- Túrbo blástur án þess að auka hita
- CoolShot tækni
- Auðveldur að hreinsa

5.990 kr
FRÁBÆRT VERÐ

**PHILIPS**



**Philips sléttujárn** HP8300
- Keramik húð
- Professional styling temprature að 180°C
- Aðeins 30 sek. að hitna
- Stafræn hitastilling

5.990 kr
FRÁBÆRT VERÐ

**exido**

**Exido sléttujárn** 235021
- Keramík plötur
- Þéttar svartar keramik plötur bjóða betri dreifingu á hita fyrir mýkra hár og endingameiri útkomu
- On/off aðgerð
- Hægt að tengja snúru við og nota sem venjulegt sléttujárn
- Þráðlaust - sléttir hárið að fullu með aðeins einni upphitunar törn
- Hæsta hitastig: 230°C
- MCH hitun - snögg og jöfn hitun
- Öryggi: slekkur sjálfkrafa á sér eftir 60 mínútur
- 45W



4.990 kr
FRÁBÆRT VERÐ

Gildir til 3. desember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

„HÉR KVEÐUR VIÐ NÝJAN TÓN!“




„Bók sem erfitt er að leggja frá sér. Hér kveður við nýjan tón í íslensku glæpasagnahljómkviðunni.“
– Ármann Jakobsson, íslenskufræðingur.

„Sannarlega ágætis byrjun og það er erfitt að forðast frasann að hér hafi bæst við nýr tónn í íslenska spennusagnaflóru ... skemmtileg aflestrar.“
– Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is

VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9

Obama kemur við í Kaupmannahöfn á leiðinni á Nóbelshátíðina í Ósló:

# Mætir á loftslagsráðstefnuna

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti ætlar að koma við á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn áður en hann heldur til Óslóar að taka við friðarverðlaunum Nóbels.

Hann kemur til Kaupmannahafnar 9. desember og ávarpar ráðstefnuna, sem hefst 7. desember. Þar ætlar hann að greina frá hvaða markmið Bandaríkin ætla að setja sér í losun gróðurhúsalofttegunda.

Mike Froman, ráðgjafi forsetans, segir að hann hafi ákveðið að fara til Kaupmannahafnar til þess að setja kraft í samningaviðræðurnar þar. Nú hafa leiðtogar 65 ríkja boðað komu sína til Kaupmannahafnar, en flestir þeirra ætla sér að vera þar undir lok ráðstefnunnar, dagana 17. til 18. desember, þegar niðurstöður viðræðnanna eru farnar að koma í ljós.


**BARACK OBAMA** Ætlar að gera grein fyrir áformum Bandaríkjanna í loftslagsmálefnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Yvo de Boyer, framkvæmdastjóri loftslagsmála hjá Sameinuðu þjóðunum, segir afar mikilvægt að Obama láti sjá sig á ráðstefnunni.

Þetta verður önnur heimsókn Bandaríkjaforseta til Kaupmannahafnar síðan í haust. Í byrjun október hélt hann þangað til að sannfæra alþjóðaólympíunefndina um að velja Chicago sem vettvang sumarólympíuleikanna árið 2016, en hafði þá ekki erindi sem erfiði. - gb




NeoStrata húðvörur

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS
Opið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14

LYFJAVER
APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

Kröfur námu 1,3 milljörðum:

# 603,5 milljónir voru greiddar

**VIÐSKIPTI** Kröfur sem lýst var í þrotabú V & Þ hf. (áður Vélar og þjónusta) námu rúmlega 1,3 milljörðum króna. 603,5 milljónir króna fengust upp í kröfur, eða 45,9 prósent.

Búið var tekið til gjaldþrotaskipta í septemberbyrjun 2004, en þeim lauk 26. október síðastliðinn. Búskröfur upp á 31,2 milljónir og forgangskröfur upp á 21,2 milljónir króna fengust greiddar að fullu. 66,77 prósent fengust upp í veðkröfur upp á 749,6 milljónir og 10,13 prósent fengust upp í almennar kröfur, 516,9 milljónir króna.

Eftir gjaldþrotið 2004 ákváðu lánardrottnar að endurreisa fyrirtækið. Hinn 16. október síðastliðinn seldi Kaupþing Rekstrarfélagið Vélar og þjónustu til nýrra eigenda. Starfsemin er á síðu félagsins sögð óbreytt að sinni. - óká


**NEYÐARMÓTTAKAN** Eyrún Jónsdóttir, verkefnisstjóri Neyðarmóttökunnar, segir að þegar Netið hafi komið til sögunnar hafi enn ein birtingarmynd kynferðisofbeldis tekið við.

# 12 ára á neyðarmóttöku eftir partí

**Allt niður í tólf ára stúlkur leita til neyðarmóttöku fyrir þolendur nauðgana eftir að hafa kynnst einhverjum á Netinu eða verið í partíum. Gerendur notfæra sér aldur og þroskaleysi ungra stúlkna.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Allt niður í tólf ára stúlkubörn hafa leitað á neyðarmóttöku fyrir þolendur nauðgana á Landspítala eftir að hafa verið í partíum eða kynnst einhverjum á Netinu. Þetta segir Eyrún Jónsdóttir, verkefnisstjóri Neyðarmóttökunnar.

„Þær kynnast gjarnan einhverjum gegnum skemmtanir, partí eða Netið. Þótt þær séu sem betur fer ekki margar svona ungar sem leita til neyðarmóttöku þá er umgjörðin oft sú sama. Gerendur lokka þær til fylgilags við sig og misnota sér aldur og þroskaleysi þeirra.“

Stærsti samanlagði hópurinn sem leitar á neyðarmóttökuna er tólf til átján ára og yngri, að sögn Eyrúnar. Hann er rúmlega 30 prósent af heildinni.

„Það er misjafnt milli ára hversu margir á yngsta aldursbilinu koma inn,“ segir Eyrún. „Þegar Netið kom til sögunnar bættist enn ein birtingarmyndin við. Það á ekki einungis við um yngsta aldurshópinn, heldur geta líka eldri konur lent í sömu aðstæðum.“

Eyrún segir að hópnauðganir og nauðganir á skemmtistöðum hafi færst í vöxt á síðustu tveimur til þremur árum.

„Hvað varðar hópnauðganir þá eru þær oftast skemmtana- og áfengistengdar. Fólk er úti á lífinu að skemmta sér og endar í mismunandi aðstæðum, heima hjá geranda, þolanda eða annars staðar þegar brotið er framið. Um þriðjungur brotaþola sem leita til Neyðarmóttökunnar er í áfengisdái þegar brot er framið, sem er auðvitað mjög alvarlegt. Oft eru ýmis formerki um að það sé verið að ná sér í fórnarlamb í málum sem varða til dæmis hópnauðganir.“

Nauðganir á skemmtistöðum segir Eyrún vera oftast á salernunum með þeim hætti að ruðst er inn á konurnar og verknaðurinn framinn.

Nokkrir þolendur mansals hafa komið á neyðarmóttökuna síðastliðin ár.

„Hingað hafa komið konur sem sendar hafa verið milli landa í kynlífsánauð. Birtingarmyndir þessa ofbeldis eru margar,“ segir Eyrún. „Þá hafa komið hingað konur sem óábyrgir makar hafa fengið hingað til lands á hæpnum forsendum og haldið síðan í algjörri ánauð á sínu heimili.“

Eyrún segir þolendur yfirleitt koma á neyðarmóttöku fyrir tilstilli samtaka sem konurnar hafi leitað til eða á eigin vegum, til dæmis vegna áverka og leita þá meðal annars til slysa- og bráðadeildar LSH. jss@frettabladid.is

**KOMUR Á NEYÐARMÓTTÖKU**

| ÁR | FJÖLDI |
|---|---|
| 2006 | 145 |
| 2007 | 136 |
| 2008 | 118 |
| *2009 | 110 |

*ÞAÐ SEM AF ER ÁRI.



LEIÐIN FRAM Á VIÐ
– tækifæri í nýju efnahagsumhverfi



**Ólafur Ísleifsson**, lektor við viðskiptadeild, heldur erindi í Háskólanum í Reykjavík um leiðina fram á við og þau tækifæri sem gefast í nýju efnahagsumhverfi.

**STUND:** Í dag, fimmtudaginn **26. nóvember, kl. 17:00.**
**STAÐUR:** Háskólinn í Reykjavík, Ofanleiti 2, 3. hæð.
ALLIR VELKOMNIR!

NÁMSKYNNING
Kennarar og nemendur viðskiptadeildar verða á staðnum – tilbúin að ræða um nám, kennslu og rannsóknir við deildina. Kynntu þér grunnnám við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.

- BSc Í VIÐSKIPTAFRÆÐI*
  - DAGSKÓLI
  - HÁSKÓLANÁM MEÐ VINNU (HMV)

www.hr.is/vd
*Umsóknarfrestur er til 30. nóvember

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY


Clarins
Clinique
Estee Lauder
Kanebo
Shiseido
Mac
Helena Rubinstein
Lancome
Biotherm
John Frieda
Babyliss og Gama
Wella
Debenhams
Allir ilmir
Jóladúndur
20%
afsláttur
af öllum
snyrtivörum
Tilboðið gildir fimmtudag til sunnudags.
DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI



**ÁHYGGJUR Í MEKKA** Þessa dagana leggja milljónir pílagríma leið sína til Mekka í Sádi-Arabíu. Margir þeirra hafa áhyggjur af svínaflensu og sumir grípa til varúðarráðstafana, eins og þessir löggæslumenn sem hafa klút fyrir vitum sér. NORDICPHOTOS/AFP

Hækkun tryggingagjalds úr 7 prósentum í 8,6 prósent kostar sveitarfélög tvo milljarða á ári:

# Sveitarfélög vilja fá endurgreiðslu

**SKATTAR** Sveitarfélögin fá væntanlega endurgreidda þá hækkun tryggingagjalds sem fellur á þau um áramótin. Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir að sambandið vilji að sveitarfélögin leggi út hækkað gjald en fái hækkunina endurgreidda úr ríkissjóði.

Ráðgerð hækkun tryggingagjalds úr 7% í 8,6% um áramót mun kosta sveitarfélögin allt að tveimur milljörðum króna, að sögn Halldórs.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar á laugardag að ríkisstjórnin myndi bæta sveitarfélögunum kostnaðarauka vegna tryggingagjalds.

Þegar gjaldið var hækkað úr 5,34% í 7% sl. sumar jukust útgjöld sveitarfélaganna einnig um tvo milljarða. Auknar útsvarstekjur vegna útgreiðslu séreignarsparnaðar úr lífeyrissjóðum í kjölfar hrunsins vógu upp áhrif þeirrar hækkunar þetta árið. Ákveðið hefur verið að framlengja heimild til að greiða út séreignarsparnað og útsvar vegna þess muni skila sveitarfélögum 2,5 milljörðum í auknar tekjur. Halldór Halldórsson segir að þær tekjur vegi aðeins upp á móti hækkun tryggingagjaldsins úr 5,34% í 7%.

Hækkunin um næstu áramót mun ekki núllast út með sama hætti. Sveitarfélögin treysti þess vegna á yfirlýsingar um að stjórnvöld muni bæta hækkunina um áramót sérstaklega og þá með endurgreiðslum en ekki í gegnum Jöfnunarsjóð. - pg

## 61% HÆKKUN MILLI ÁRA

Í upphafi þessa árs var tryggingagjald 5,34%. Það var hækkað í 7% í sumar. Nú er ætlunin að hækka gjaldið á ný þannig að það verði 8,6% frá áramótum. Hækkun milli ára verður því um 61%.

Allir launagreiðendur þurfa að standa skil á tryggingagjaldi með staðgreiðslu skatta. Gjaldið leggst ofan á öll vinnulaun, þóknanir, reiknað endurgjald og aðrar tegundir greiðslna til launþega.

Þegar tilkynnt var um hækkunina um næstu áramót tók fjármálaráðuneytið fram að hún ætti að skila ríkinu 12 milljörðum í auknar tekjur. Miðað við það skilar tryggingagjald ríkinu um 60 milljarða í tekjur næsta ár.



**RUPERT MURDOCH** Fjölmiðlaeigandinn hefur barist gegn því að Google birti útdrætti úr fréttum netmiðla.

Murdoch vill loka á Google:

# Styður ekki ókeypis fréttir

**FJÖLMIÐLAR** Fjölmiðlamógúllinn Rupert Murdoch og bandaríski hugbúnaðarrisinn Microsoft hafa upp á síðkastið rætt um samstarf sem felur í sér kaup þess síðarnefnda á kaupum á efni fjölmiðla Murdochs.

Viðræðurnar eru liður í aðgerðum Murdochs sem miða að því að loka fyrir ókeypis aðgang að fjölmiðlum News Corp. sem hann á. Hann hefur sömuleiðis barist gegn því að netleitarrisinn Google birti útdrætti úr fréttum netmiðla. Krefst hann þess að Google greiði fyrir efnið. Það þykir ólíklegt, að sögn netútgáfu Financial Times, sem segir að Microsoft, sem opnaði netfréttaveituna Bing í sumar, hafi sömuleiðis þrýst á aðra netmiðla að þeir fjarlægi leitarstrengi sína af fréttasafni Google. - jab

# Sjö ákærðir fyrir hryðjuverkaárásirnar í Mumbaí

**Pakistönsk stjórnvöld hafa ákært sjö menn vegna hryðjuverkaárásanna í Mumbaí á Indlandi fyrir réttu ári. Pakistanar hafa aldrei áður dregið fyrir dómstóla neinn sem framið hefur hryðjverk á Indlandi.**

**PAKISTAN, AP** Sjö menn voru í gær ákærðir í Pakistan fyrir aðild að hryðjuverkaárásum í Mumbaí á Indlandi á síðasta ári. Þetta eru fyrstu ákærurnar í Pakistan vegna málsins.

Í dag er ár liðið frá því að hryðjuverkamenn gerðu árás á nokkrar helstu byggingarnar í fjármálaborginni Mumbaí, einni stærstu borg Indlands. Árásirnar kostuðu 166 manns lífið.

Mennirnir sjö neita ásökunum, en þeir eiga yfir höfði sér dauðadóm. Þeir eru ákærðir fyrir að hafa aðstoðað við undirbúning og framkvæmd árásanna. Þeir eru allir sagðir meðlimir í Lashkar-e-Taíba, samtökum herskárra múslima sem staðið hafa að ýmsum hryðjuverkum á Indlandi.

Indversk stjórnvöld hafa sakað tvo mannanna, Zaki-ur-Rehman Lakhvi og Zarrar Shah, um að vera höfuðpaurana á bak við árásirnar.

Stjórnvöld í Pakistan hafa til þessa aldrei dregið neina hryðjuverkamenn, sem hafa gert árásir í Indlandi, til ábyrgðar fyrir dómstólum.



**FÆDDIST Í MIÐJUM KLÍÐUM** Þetta litla barn fæddist á sjúkrahúsi í Mumbaí, áður Bombei, meðan árás á sjúkrahúsið stóð yfir fyrir réttu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Á Indlandi standa enn yfir réttarhöld yfir eina árásarmanninum, sem lifði af. Í þeim réttarhöldum hefur komið fram að hópur tíu árásarmanna lagði af stað siglandi frá höfninni í Karachi í Pakistan og kom til Mumbaí. Þar skiptu þeir sér í hópa og réðust inn á hótel, lestarstöð, sjúkrahús og fleiri byggingar.

Leyniþjónusta Pakistans og þarlend stjórnvöld hafa lengi verið sökuð um stuðning við Lashkar-e-Taiba og fleiri herská samtök, og notað þau sem eins konar staðgengil fyrir pakistanska herinn í langvinnum átökum við Indland út af Kasmír-héraði, sem bæði löndin gera tilkall til.

Stjórnin í Pakistan segir þetta liðna tíð, en margir pakistanskir stjórnmálamenn og yfirmenn í hernum virðast enn hafa taugar til hryðjuverkasamtaka sem gera árásir á Indlandi.

Bæði Indverjar og stjórnvöld víða á Vesturlöndum munu því fylgjast grannt með því hvernig réttarhöldunum í Pakistan vindur fram.

Pakistönsk stjórnvöld hafa undanfarið farið í hart gegn talibönum og fleiri uppreisnarhópum í norðvesturhluta landsins, nú síðast í héraðinu Suður-Waziristan þar sem talibanar hafa hreiðrað um sig. gudsteinn@frettabladid.is





SJÓÐFÉLAGAFUNDUR

Sjóðfélagafundur Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 26. nóvember 2009 kl. 17.30 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2.

Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Kristján Örn Sigurðsson, framkvæmdastjóri, kynnir stöðu sjóðsins
3. Þorkell Sigurlaugsson, formaður endurskoðunarnefndar sjóðsins, fer yfir hlutverk endurskoðunarnefndar
4. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, ræðir um áhrif skattlagningar lífeyrisiðgjalda
5. Þorbjörn Guðmundsson, stjórnarmaður í sjóðnum, ræðir mögulega aðkomu lífeyrissjóða að uppbyggingu atvinnulífsins
6. Umræður
7. Önnur mál

Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sími 510 5000
mottaka@lifeyrir.is
lifeyrir.is

Lífeyrir Sameinaði lífeyrissjóðurinn


**HEILDARSKATTAR SEM HLUTFALL LANDSFRAMLEIÐSLU**

**Bráðabirgðatölur 2008**

| Land | % | Land | % |
|---|---|---|---|
| Danmörk | 48,3 | Bretland | 35,7 |
| Svíþjóð | 47,0 | Pólland* | 34,9 |
| Belgía | 44,3 | Nýja-Sjáland | 34,5 |
| Ítalía | 43,2 | Spánn | 33,0 |
| Frakkland | 43,1 | Kanada | 32,2 |
| Austurríki | 42,9 | Grikkland | 31,3 |
| Finnland | 42,8 | Ástralía* | 30,8 |
| Noregur | 42,1 | Sviss | 29,4 |
| Ungverjaland | 40,1 | Slóvakía | 29,3 |
| Lúxemborg | 38,3 | Írland | 28,3 |
| Holland* | 37,5 | Japan* | 28,3 |
| Tékkland | 36,6 | Bandaríkin | 26,9 |
| Portúgal | 36,5 | Kórea | 26,6 |
| Þýskaland | 36,4 | Tyrkland | 23,5 |
| **Ísland** | **36,0** | Mexíkó | 21,1 |

*Tölur frá 2007.

HEIMILD: OECD REVENUE STATISTICS 1965-2008.

Skattar sem hlutfall landsframleiðslu dragast saman:

# Skatttekjur hafa lækkað í kreppunni

**EFNAHAGSMÁL** Skatttekjur í ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) drógust saman í takt við efnahagsþrengingar síðasta árs, samkvæmt nýbirtum tölum.

„Samanlögð skattbyrði innan OECD, reiknuð sem hlutfall skatttekna í samanburði við landsframleiðslu, var óbreytt milli áranna 2006 og 2007, en féll árið 2008. Samdráttur skattbyrði árið 2008 telst að jafnaði nema 0,5 prósentum af landsframleiðslu, úr 35,8 prósentum í 35,2 prósent samkvæmt áætlun,“ segir í tilkynningu.

Fram kemur að víðast hvar hafi skattar dregist saman sem hlutfall af landsframleiðslu á síðasta ári og líkur séu á að sú þróun hafi haldið áfram á þessu ári. „Skattheimta dregst oft meira saman en nemur samdrætti landsframleiðslu í kreppu, en við það bætist að mörg ríkja OECD lækkuðu skatta undir árslok 2008 og í byrjun 2009 til að styðja við eftirspurn eftir fjármálahrunið í september 2008.“

Skattheimta í hlutfalli við landsframleiðslu er langmest í Danmörku, eða 48,3 prósent. Hér var hlutfallið 40,9 prósent árið 2007, en féll í fyrra niður í 36,0 prósent. Á Spáni fóru tölurnar á sama tíma úr 37,2 prósentum í 33 og úr 30,8 prósentum í 28,3 á Írlandi. - óká



**KÝR Í FJÓSI** Rúmlega helmingur allra kúa eru í 35 prósentum fjósa landsins, að því er fram kemur á vef Landssambands kúabænda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lausagöngukýr mjólka betur:

# Stundum allar tegundir mjalta

**LANDBÚNAÐUR Yfir helmingur mjólkurkúa eru í svonefndum lausagöngufjósum og hafa aldrei verið fleiri, samkvæmt nýrri samantekt sem unnin hefur verið fyrir Landssamband kúabænda (LK). „Kýr í lausagöngu eru að jafnaði afurðahærri en kýr í básafjósum,“ segir á vef LK.**

**Sambandið hefur undanfarin ár látið taka saman þróun á fjósgerðum. Fram kemur að enn séu viðhöfð hér á landi öll grundvallarvinnubrögð við mjaltir sem þekkjast, allt frá handmjöltum til mjaltaþjóna.**

**Þá mun fjöldi fjósa í framleiðslu í fyrsta sinn kominn niður fyrir 700, eða í 685 fjós. Fækkunin er sögð nema 4,9 prósentum á tveimur árum. - óká**

Samstöðuskattur lögbrot:

## Kostar þýska ríkið stórútlát

**ÞÝSKALAND Dómstóll í Neðra-Saxlandi í Þýskalandi hefur úrskurðað að svonefndur samstöðuskattur, sem Vestur-Þjóðverjar hafa þurft að greiða til að standa straum af uppbyggingu í Austur-Þýskalandi, brjóti í bága við stjórnarskrá landsins.**

**Málið kemur nú til kasta stjórnlagadómstólsins í Þýskalandi. Staðfesti hann úrskurðinn mun það kosta þýska ríkið stórfé í endurgreiðslu skattsins.**

**Samstöðuskatturinn var fyrst lagður á til eins árs þegar þýsku ríkin sameinuðust árið 1991, en var síðan tekinn upp aftur árið 1995 um óákveðinn tíma.** - gb

Belgíumaðurinn Rom Houben tjáir sig eftir að hafa verið talinn í dái í 23 ár:

# Segist vera nánast eins og endurfæddur

**BELGÍA, AP** Rom Houben segist vera nánast eins og endurfæddur, nú þegar hann hefur fengið hjálp við að tjá sig eftir að hafa legið málvana í 23 ár lamaður eftir bílslys. Læknar héldu hann vera í dái allan tímann, þar til einn áttaði sig loks á því að Houben var með fullri meðvitund.

„Ímyndaðu þér bara. Þú heyrir, sérð, finnur til og hugsar en enginn áttar sig á því,“ segir hann með aðstoð talþjálfa, sem hjálpar honum að nota tölvulyklaborð til að tjá sig. „Þetta var sérstaklega pirrandi þegar fjölskyldan mín þurfti á mér að halda,“ sagði Houben, sem átti erfitt með að geta ekki sýnt nein viðbrögð þegar hann frétti af láti föður síns. „Ég gat ekki tekið þátt í sorg þeirra. Við gátum ekki veitt hvert öðru neinn stuðning.“

Talþjálfinn, Linda Wouters, segir Houben stýra hönd hennar á lyklaborðinu. Hún finnur fyrir léttum þrýstingi frá fingrum hans, og greinilegt sé þegar hann mótmælir ef hún ætlar að ýta á rangan hnapp á lyklaborðinu. Til þess að ganga úr skugga um að það sé í raun Houbens sem stýrir stafavalinu hefur verið prófað að sýna honum hluti meðan Wouters er ekki nærri, og síðan er hann spurður út í það sem hann sá þegar hún kemur til baka að aðstoða hann. - gb



**TJÁIR SIG MEÐ STUÐNINGI** Houben notar lyklaborð til að tjá sig með aðstoð talþjálfa síns, Lindu Wouters. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**PIPARKÖKUHÚS** Húsin sem eyðilögð voru í Bergen voru glæsileg rétt eins og þau sem hafa verið til sýnis á árlegri piparkökuhúsasýningu í Kringlunni.

Íbúar í Bergen taka gleði sína:

## Piparkökubær endurreistur

**BERGEN** Íbúar í Bergen vinna nú hörðum höndum að því að endurreisa piparkökubæinn sem lagður var í rúst aðfaranótt sunnudags. Þrátt fyrir að margir leggi hönd á plóginn er samt ljóst að bærinn verður ekki opnaður nú um helgina heldur í næstu viku.

650 hús höfðu verið sett upp í miðbæ Bergen síðastliðinn laugardag en flest voru eyðilögð í skemmdarverki sem bæjarbúar eru mjög ósáttir við enda piparkökubærinn orðinn að jólahefð í bænum. Tveir menn voru handteknir í fyrradag grunaðir um skemmdarverkið en látnir lausir að loknum yfirheyrslum.

Íbúar hafa þegar bakað 100 ný hús og að því er fram kemur í dagblaðinu Bergens tidende eru þeir mjög áhugasamir um endurreisnina. - sbt








**SLÁTURHÁTÍÐ** Hindúar í Nepal komu saman í vikunni til fórnarhátíðar þar sem dýrum var slátrað í hundraða þúsunda tali handa valdagyðjunni Gadhimai. Hátíð þessi er haldin á fimm ára fresti og sætir harðri gagnrýni víða um heim. NORDICPHOTOS/AFP

Síminn ýtti nýju vörumerki úr vör í gær sem leggur áherslu á ungt fólk:

# Sjá viðskipavini sem vinahóp

**NEYTENDUR** Síminn hóf í gær að bjóða upp á farsímaþjónustuna Ring, sem sérstaklega er gerð með þarfir ungs fólks í huga. „Við lítum ekki á Ring sem hefðbundna farsímaþjónustu heldur stuðning við vinahóp. Notendurnir eru hópur sem talar saman, fer út að borða og í bíó,“ segir Sigurður Hjaltalín Þórisson, vörustjóri Ring hjá Símanum. „Allt er gert svo vinahópurinn geti verið saman.“

Með þjónustunni fylgja kaupauk-ar, afsláttur í kvikmyndahús á tilteknum dögum og af mat og fötum, svo sem hjá verslunum NTC. Sigurður bendir á að vinahópurinn hjá Símanum sé geysistór enda viðskiptavinir alls 160 þúsund talsins.

Viðskiptavinir Ring kaupa áfyllingu fyrir 1.990 krónur og dugar hún í 31 dag. Fyrir upphæðina má tala í 1.500 klukkustundir, eða heilan sólarhring og klukkustund betur. Fjöldi smáskilaboða er innifalinn í verðinu. Ekkert kostar að hringja innan kerfis fyrr en 1.500 mínútur eru uppurnar. Þá kostar hver mínúta 15,5 krónur. Þá nýtast 990 krónur af inneigninni til símtala á milli kerfa. Þegar inneigninni sleppir gildir mínútugjald á milli kerfa. Sé farið yfir inneignina þurfa viðskiptavinir ekki að eiga von á bakreikningi vegna ofnotkunar. - jab



**VÖRUMERKIÐ KYNNT** Ný þjónusta Símann horfir á viðskiptavini sem vinahóp. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Búseta fyrir fatlaða:

# Fjöldi á biðlista á Akureyri

**FÉLAGSMÁL** Alls eru 26 manns á biðlista á Akureyri eftir búsetu með þjónustu fyrir fatlaða. Þetta kom fram í máli Önnu Maritar Níelsdóttur félagsráðgjafa á fundi félagsmálaráðs Akureyrar.

Níu manns eru á biðlista eftir húsnæði sem sérstaklega er ætlað geðfötluðum, þar af eru fjórir sem bíða eftir úrræði fyrir einstaklinga með geðfötlun og viðvarandi vímuefnavanda. Alls bíða sautján einstaklingar með þroskahömlun eftir búsetu.

Í bókun félagsmálaráðs kemur fram að áfram þurfi að leita allra leiða til að mæta þörfum umsækjenda. - th

Startarar og alternatorar



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

# Flugvöllurinn fer ekki á næstunni

**Forseti borgarstjórnar segir að Reykjavíkurflugvöllur verði ekki lagður niður á næstu árum og svarar ekki hvort til greina komi að breyta aðalskipulagi, til að festa hann í sessi. Formaður skipulagsráðs undrast gagnrýni Samfylkingarinnar.**

**REYKJAVÍK** Breyttar aðstæður efnahagslífs gera að verkum að „menn eru ekki að fara að setja milljarða í að byggja eða flytja flugvöll á næstunni“. Reykjavíkurflugvöllur verður því ekki færður eða lagður niður í bráð.

Svo segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarfulltrúi og forseti borgarstjórnar.

„Við skulum ekki gleyma því að við erum með mörg hundruð manns í vinnu og að það eru ekki til fjármunir fyrir þessa dýru samgöngumiðstöð.“ Fyrir utan annað sé völlurinn á aðalskipulagi til ársins 2024. Því sé sjálfsagt að skoða það að byggja nýja flugstöð, berist um það erindi frá ráðherra.

Spurður um kostnaðinn við völlinn, sem Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi telur að nemi fjórum milljörðum króna á ári, segir Vilhjálmur:

„Þú verður að spyrja hann að því, hvernig hann fær það út.“

Vilhjálmur lítur á flugstöðvarhugmyndina sem endurnýjun á byggingu, en ekki þannig að verið sé að bæta við starfsemi. Hann svarar ekki, um hvort til greina komi að breyta aðalskipulagi og festa flugvöllinn í sessi umfram það sem nú er.

Spurður hvort samstaða sé um nýju flugstöðina í Sjálfstæðisflokknum segir Vilhjálmur að það hafi ekkert verið rætt. Hins vegar hafi verið samkomulag um minnisblað um stærri samgöngumiðstöð í vor.

Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi hefur gagnrýnt meint stefnuleysi meirihlutans. Lagt hafi verið í mikinn kostnað til að breyta Hlíðarfótarlóð og rýma fyrir samgöngumiðstöð. Þetta kostar borgarsjóð 450 milljónir í ár, að sögn Dags.

Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs, segir það vekja furðu að Dagur sé „að gagnrýna viðræður okkar við ráðherra Samfylkingar. Þessi vinna er unnin að beiðni ráðuneytisins. Sé hann að gagnrýna breyttar áherslur ætti hann að gagnrýna ráðherrann, ekki borgina“.

Hlíðarfótarlóðin sé fyrst og fremst til uppbyggingar á Valssvæðinu: „Háskólinn í Reykjavík hefur starfsemi um áramót og verði ekki hugað að samgöngubótum verður þar umferðaröngþveiti.“ klemens@frettabladid.is



**VILHJÁLMUR ÞORMUNDUR VILHJÁLMSSON** Forseti borgarstjórnar segir Gísla Martein Baldursson bestan til að svara fyrir útreikninga sína á kostnaði við Reykjavíkurflugvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON** Segir að kostnaður borgarinnar vegna samgöngumiðstöðvar liggi helst í unnum stundum starfsfólks. MYND/ÚR SAFNI

N1

Eigum flestar gerðir rafgeyma

Nýttu þér úrvalið, þekkinguna og þjónustuna okkar



Banner Batterien

WWW.N1.IS Meira í leiðinni



Davidsson

SÖLUSTAÐIR Davidsson: Rammagerðin ehf Hafnarstræti 19, Reykjavík · Leifsstöð, Keflavíkurflugvelli · Brekkugötu 3, Akureyri · Miðvangi 13, Egilsstöðum · www.rammagerdin.is




4.190 kr.

~~5.990 kr.~~
Heimsmetabók Guinness




3.840 kr.

~~5.490 kr.~~
Vormenn Íslands




4.890 kr.

~~6.990 kr.~~
Snorri




11.190 kr.

~~15.990 kr.~~
Sagan

# Stríðnispúkar, stjörnur og snillingar

**30% afsláttur**




3.840 kr.

~~5.490 kr.~~
Karlsvagninn




1.950 kr.

~~2.790 kr.~~
Krókur bjargar jólunum




2.300 kr.

~~3.290 kr.~~
Mjallhvítur




3.000 kr.

~~4.290 kr.~~
Bankster




3.830 kr.

~~5.480 kr.~~
Landið sem aldrei sefur




3.490 kr.

~~4.990 kr.~~
Í Kvosinni




3.840 kr.

~~5.490 kr.~~
Köttur út í mýri




4.120 kr.

~~5.890 kr.~~
Söknuður

Tilboð gildir til og með 29.11.09

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
1598
KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
539
KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
1698
KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUDIR
ELDAÐUR OG TILBÚINN TIL AÐ HITA UPP HEIMA
498
KR.KG
BÓNUS FERSK KRYDDUÐ KJÚKLINGALÆRI
698
KR.STK
MÓA GRILLAÐUR HEILL KJÚKLINGUR KALDUR
498
KR.KG
BÓNUS FERSKIR KRYDDAÐIR KJÚKLINGALEGGIR
798
KR.KG
FERSKT TILBOÐS-HAKK NAUT/GRÍS
498
KR.KG
FERSKT TILBOÐS-GRÍSARIFJASTEIK
998
KR.KG
TILBOÐS-BACON
1298
KR.KG
N.V FERSKT NAUTAGÚLLAS
1298
KR.KG
N.V FERSKT NAUTASNITSEL
398
KR.PK
BÓNUS AMERÍSKT KÖKUMIX 510g tvær teg
498
KR.PK
PAPCO ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
JÓLA WC PAPPÍR 6 RÚLLUR - JÓLA ELDHÚSRÚLLUR 3 STK
498
KR.STK
RÚÐUVÖKVI 5 LTR.
FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR
198
KR.STK
RÚÐUSKAFA
FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓ
40%
AFSLÁTTUR
K.F KOFAREYKT FOLALD M.BEINI
MERKT VERÐ 776 KR.KG. 40% AFSLÁTTUR 465 kr.kg.
798
KR.KG
K.F KOFAREYKTUR HANGIFRAMPARTUR M.BEINI
MERKT VERÐ 998 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR
198
KR.KG
FROSINN INNMATUR HJÖRTU OG LIFUR
298
KR.STK
BÓNUS PIPARKÖKUR
500g
1598
KR.KG
K.F KOFAREYKT HANGILÆRI M.BEINI
598
KR.KG
FROSIÐ KS SÚPUKJÖT 1.FLOKKUR
259
KR.STK
RIVO KAFFI DANSKT
Specialristed 400g
98
KR.STK
GOLD BAKAÐAR BAUNIR
420g
98
KR.STK
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 375g (hálft)
298
KR.PK
EUROSHOPPAR
RAFHLÖÐUR 9 volt / 2 stk
98
KR.DS
EGILS MALT 33cl dós
598
KR.STK
ÞRIF 1,5 LTR.
COKE-KIPPA 6x2 LTR.
FJÓRAR DÓSIR VÍKING JÓLABLANDA
Í KAUPAUKA
159
KR. 2 LTR
BÓNUS APPELSÍN 2 LTR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

## „ORÐRÉTT“

*Annað líf*

**„Þú getur í rauninni lifað allt öðru lífi á Facebook en þú gerir í raun og veru. Þú þarft ekki að ljúga neitt, heldur sleppa því að segja ákveðna hluti.“**

SÖLVI TRYGGVASON UM FACEBOOK EN ÚT ER KOMIN GRÍNÁDEILA HANS OG HELGA JEAN CLAESSEN UM FACEBOOK.
**Fréttablaðið 25. nóvember**

*Margt á prjónunum*

**„Ég held að það hafi verið komin ákveðin prjónabylgja í gang fyrir hrun og heimskreppuna miklu en síðan hafi þetta náð miklu meiri útbreiðslu eftir hrun. Fólk er kannski meira að leita inn á við og að einhverri iðju sem er þægileg og skilur eitthvað eftir sig.“**

RAGNHEIÐUR EIRÍKSDÓTTIR GREINIR PRJÓNAÆÐIÐ Á ÍSLANDI.
**Fréttablaðið 25. nóvember**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** KETILL LARSEN FJÖLFRÆÐINGUR

## *Bíður spenntur eftir aðventunni*

„Það er allt það best að frétta af mér, ég er að mála myndir, yrkja ljóð og semja sögur,“ segir Ketill Larsen spurður um hvað sé að frétta. Ketill er iðinn við listsköpun og ræktar sambandið við listagyðjuna víða. „Ég mála mikið niðri á BSÍ, aðallega á kvöldin reyndar. Þá er mátulega órólegt fyrir mig þar, ég vil endilega hafa fjör í kringum mig. En áður fyrr málaði ég á nóttunni heima hjá mér. Svo fór ég einu sinni upp í Hallgrímskirkju að mála. Þá var Eyvindur Erlendsson að lesa Passíusálmana og bað nokkra málara um að mála á meðan hann var að lesa, þá fór af mér feimnin.“

Ljóð yrkir Ketill svo oft og iðulega. „Ég yrki úti um allar trissur; á Mokka, í Ráðhúsinu, á BSÍ og víðar, ég ræð ekkert við þetta,“ segir Ketill sem er að vinna að 600 ljóða bálki. „Hann gerist í fjallabyggð frá fornöld til nítjándu aldar og það er alltaf sólskin í hverju ljóði og jákvæðni. Ég veit nú samt ekki hvenær ég lýk við verkið, ætli það verði ekki þegar ég verð um nírætt.“

Fyrir utan að yrkja og mála styttist í aðventuna en þá hyggst Ketill eins og svo oft áður bregða sér í hlutverk jólasveina. „Það er misskilningur að ég sé hættur að leika jólasveina þótt ég sé ekki eins duglegur við það og ég var,“ segir Ketill sem um árabil var iðnastur Íslendinga við að túlka jólasveina. „Ég er í startholunum fyrir aðventuna og bíð spenntur eftir henni. Þá er um að gera að lyfta sér upp eins og á reyndar að gera allan ársins hring, hafa bjarta sál og bjart í kringum sig.“



**KETILL LARSEN** Málar, yrkir og leikur jólasveina á aðventunni.

## KAFFI:
### SÝNT FRAM Á HOLLUSTUNA

Óhófleg kaffidrykkja er sjálfsagt skaðleg, en drykkurinn er töluvert rannsakaður og komið hefur í ljós að í kaffinu býr lækningamáttur.



Kaffi hamlar myndun skorpulifrar í þeim sem neyta áfengis í óhófi og ein rannsókn bendir til þess að það dragi úr líkum á parkisonsveiki. Það er sagt hamla húðkrabba, en þó bara með notkun útvortis. Kaffi er víst að finna í ýmsum kremum. Þá bendir stúdía í John Hopkins-háskóla til að einn til tveir bollar á dag auki vellíðan, þótt um leið sé til haga haldið að fleiri bollar geti ýtt undir stress og hugarvíl.

**TUNGUTAK**

## *Bandstafir*

**Bandstafssamsetning er samkvæmt Vísindavefnum ein þeirra leiða sem notaðar eru í íslensku til að mynda samsett orð. Samsetningarliðir eru þá tengdir saman með sérstökum bandstaf sem ekki er eignarfallsending og ekki heldur hluti stofns. Bandstafir geta verið a, i, u og s. Sem dæmi má nefna orðin ruslafata, eldiviður og athyglisverður, sem væru leikfimihús, eldviður (eða eldsviður) og athygliverður án bandstafs í miðju orði.**

**Bandstafir hafa stundum þvælst fyrir fólki og vakið deilur á ýmsum vettvangi. Á vef Alþingis er til dæmis að finna eftirfarandi orð Stefáns Jónssonar á fundi sameinaðs Alþingis hinn 7. mars 1978 um íslenskukennslu í fjölmiðlum: „Hv. síðasti ræðumaður, Jónas Árnason, útskýrði það ekki fyrir okkur, með hvaða hætti s-ið lenti inn í beygingu á orðinu „athygli“, þessi bandstafur hafi komið inn þarna, eins og hann orðaði það. (Gripið fram í.) Ég veit þetta ekki heldur, með hvaða hætti s-ið kemur þarna inn. Hugsanlegt er, að s-ið hafi komið þarna inn af tilviljun eins og í fleiri orð, þar sem þessi bandstafur, s-ið, hefur komið inn, t.d. fyrir áhrif sterks persónuleika sem hafi verið tannbrotinn.“**

**- mt**


**Óskum eftir verkum eftirfarandi listamanna**

**Stefán Stórval Jónsson;**
**(Herðubreiðarmyndir,**
**hesta og hrútamyndir)**
**Alfreð Flóki**
**Bækur eftir Dieter Roth**

**Uppl.í síma 552 2060 690 0931 / 820 4729**
**Nútímalist Skólavörðustíg 3**

**FLEIRI ORÐ Í GLEÐI**






„Bókin ***Orð í gleði*** veitti mér uppörvun, von, gleði, hugmyndir og birtu. Ég hef notað hana í leik og starfi og fagna því að fá ***Fleiri orð í gleði.*** Þetta er lítil bók með stórt innihald.“
*Sigríður Arnardóttir*

**www.skalholtsutgafan.is**

**Hringdu í síma**
**512 50 60**
**ef blaðið berst ekki**







**NESVÖLLURINN** Íslenskir golfvellir eru á heimsmælikvarða en álagið er orðið of mikið vegna fjölgunar kylfinga og færri golfferða til útlanda. MYND/GSÍ

# Segir golfvelli landsins þjást af álagsmeiðslum

**Talið er að selt hafi verið í þrisvar sinnum færri golfferðir í ár en í fyrra. Íslenskir golfvellir eru því sóttir heim sem aldrei fyrr og vallarverðir tala um „álagsmeiðsli“.**



**VETRARGOLF** Þessir höfðingjar takmarka sig ekki við sumarið til að spila golf og sanna að íþróttin hentar öllum á öllum tíma. FRÉTTABLAÐI/VILHELM

Golfsumrinu 2009 er lokið fyrir nokkru og sammælast menn um að það hafi verið nokkuð sérstakt. Einmuna veðurblíða ríkti vikum saman sunnanlands og þrátt fyrir að það voraði seint norðan heiða þá er það mál manna að kylfingar hafi ekki notið eins hagstæðra veðurskilyrða til golfleiks í annan tíma.

En það eru tvær hliðar á öllum málum. Það er ekki sjálfsagt að ganga út á næsta golfvöll og spila. Kylfingum fjölgar stöðugt og fjölgun spilaðra hringja veldur miklu álagi á vellina.

Jón Ásgeir Eyjólfsson, forseti Golfsambands Íslands (GSÍ), sagði á Golfþingi sem haldið var í fyrri viku að vellir landsins væru undir miklu álagi. „Svo mikið var leikið á nokkrum völlum að vallarstjórar töluðu um álagsmeiðsli á golfvöllum sínum,“ sagði Jón Ásgeir og vék að ástæðum þessa. Ekki væri aðeins um aukinn áhuga á golfíþróttinni að ræða heldur hafa kylfingar neyðst til að breyta golfleik sínum í anda breyttra aðstæðna í samfélaginu. Íslenskir kylfingar hafa þannig dregið mjög úr golfferðalögum, sem hafa verið geysilega vinsæl á undanförnum árum. Svo vinsæl að úr varð eftirtektarverður vaxtarbroddur í ferðamennsku landans. Jón Ásgeir sagði að þrátt fyrir að ferðafrömuðir gerðu mikið úr því að allar golfferðir væru fullbókaðar þá væri framboð slíkra ferða ekki svipur hjá sjón. Taldi hann líklegt að framboðið væri þrisvar sinnum minna.

Golfsamband Íslands var stofnað 1942 af Golfklúbbi Reykjavíkur, Golfklúbbi Akureyrar og Golfklúbbi Vestmannaeyja og var golfsambandið fyrsta sérsambandið innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Í dag eru 65 golfklúbbar aðilar að sambandinu og hafa aldrei verið fleiri.

Að undanförnu hafa Golfklúbburinn Skrifla, Golfklúbbur Vopnafjarðar, Golfklúbburinn Lundur og Golfklúbburinn Tuddi gengið í sambandið og meðlimir þeirra klúbba sem aðild hafa að sambandinu voru 15.529 um mitt sumar.

Virkir kylfingar eru þó mun fleiri ef eitthvað er að marka lífsviðhorfskönnun Capacent, en þar kemur fram að þeir sem spila golf oftar en fimm sinnum á ári eru ekki færri en 35 þúsund manns.

Öll félagasamtök hafa þurft að endurhugsa rekstur sinn á síðustu mánuðum. Bankahrunið leiddi sömu erfiðleikana yfir GSÍ og gripið hefur verið til umfangsmikilla sparnaðaraðgerða. Stuðningur við starf sambandsins hefur dregist saman við að stórir stuðningsaðilar hafa þurft frá að hverfa.

Samdrætti í golfíþróttinni hefur verið spáð en þróunin hefur verið önnur. Kylfingum fjölgar og klúbbum einnig og veit GSÍ af fimm klúbbum sem hafa áhuga á að ganga í sambandið. Því stefnir í að íslenskir golfklúbbar verði 70 árið 2012 í GSÍ. Einn fyrir hvert starfsár GSÍ sem þá fagnar 70 ára starfsafmæli sínu.

**svavar@frettabladid.is**



Samsung Soul U800
Útborgun
0kr.
2.000 kr. afborgun á mánuði í 12 mánuði.
2.000 kr. inneign á mán. fylgir í 12 mán.
Verð: 24.000 kr.
Athugið að inneign í símatilboðum virkjar ekki vinaafslátt Ring.
LG Viewty
Útborgun
0kr.
Eftirstöðvum dreift á 12 mánuði.
2.000 kr. inneign á mán. fylgir í 12 mán.
Verð: 34.900 kr.
ENNEMM / SÍA / NM39986
Til hamingju.
Nú geturðu eignast 160 þúsund vini.
Skráðu þig á ring.is, fylltu á fyrir 1.990 kr. á mánuði og þá eignastu 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og færð 990 kr. til að ringja í fólk í öðrum kerfum.
Stærsti vinahópur á Íslandi
ring
Síminn
Ring er ný farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að ringja í fólk í öðrum kerfum.

**FRÉTTAVIÐTAL:** Einar Skúlason, frambjóðandi í prófkjöri Framsóknarflokksins í Reykjavík

## EINAR SKÚLASON

Einar Skúlason er 38 ára varaþingmaður Framsóknarflokksins í Reykjavík. Þar til á dögunum gegndi hann starfi skrifstofustjóra þingflokks Framsóknarflokksins. Áður var hann framkvæmdastjóri Alþjóðahússins í sex ár og þar áður framkvæmdastjóri auglýsingastofu og framkvæmdastjóri Stúdentaráðs.

Hann er með BA-próf í stjórnmálafræði frá HÍ og MBA-próf frá Háskólanum í Edinborg.

Einar er einstæður þriggja barna faðir.

## KJÖRFUNDURINN

Framsóknarmenn kjósa fulltrúa á lista vegna borgarstjórnarkosninganna í maílok á næsta ári á sérstökum kjörfundi á laugardag.

Fundurinn fer fram á Hótel Loftleiðum og hafa félagsmenn í framsóknarfélögunum í borginni atkvæðisrétt. Eru þeir um þrjú þúsund.

Kosið verður í tólf efstu sæti listans. Fyrst verður kosið um fyrsta sætið, þá annað og svo koll af kolli.

Framsóknarflokkurinn fékk rúmlega fjögur þúsund atkvæði í síðustu kosningum, rúmlega sex prósent atkvæða og einn borgarfulltrúa.

# Þurfum að sækja fram

**Einar Skúlason sækist eftir oddvitasæti Framsóknarflokksins í Reykjavík. Áhugi hans á málefnum Reykjavíkur og vissan um að geta gert betur en núverandi borgarfulltrúi Framsóknar ráku hann í forvalið sem fram fer á laugardag.**



**ALLT UNDIR** Einar Skúlason sækist eftir oddvitasæti Framsóknar í Reykjavík og leggur allt í sölurnar til að ná kjöri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Ég hef mikinn áhuga á málefnum borgarinnar enda hef ég búið hér nánast frá fæðingu. Ég vil leggja henni lið með afgerandi hætti og tel að ég geti hjálpað til við ákveðna endurreisn."

*Telurðu þig geta gert betur í þeim efnum en Óskar Bergsson?* „Ég tel að ég hafi mun breiðari skírskotun en hann til ólíkra málaflokka og á vettvangi stjórnmálanna. Ég get unnið í allar áttir og treysti mér til að vinna með öllum í borgarstjórn. Margt hefur verið vel gert á þessu kjörtímabili, ekki síst á síðari hluta þess, en einkum í afmörkuðum málum. Það hefur verið bundið við orkumál og framkvæmdir. Við þurfum að tala og vinna miklu breiðar."

*Er það flokknum til góðs að tekist sé á um oddvitasætið?* „Það á enginn neitt í pólitík og það er mikilvægt að eftirspurn sé eftir sætum sem þessu. Það mun styrkja þann sem verður kjörinn að tekist hafi verið á um stöðuna á heiðarlegan og málefnalegan hátt. Það er líka nauðsynlegt að auka kjörfylgið, bæta við mönnum og ná sterkari stöðu til að koma góðum málum í gegn."

*Framsókn hefur völd í borginni langt umfram kjörfylgi, má ekki segja að undir forystu Óskars sé valdastaðan býsna sterk?* „Þegar samið er um meirihluta verður auðvitað að skipta embættunum með einhverjum hætti. Við höfum mikið fram að færa og sterka málefnastöðu og þess vegna stöndum við fyllilega undir þessu. Flokkurinn hefur hins vegar verið í mikilli vörn á undanförnum misserum og ég tel mikilvægt að snúa þeirri stöðu við þannig að við getum sótt fram í stað þess að verjast fram á kjördag."

*Hvers vegna hafið þið verið í vörn?* „Það hafa komið upp óheppileg mál sem tengst hafa meirihlutasamstarfinu og þau hafa í nokkrum tilvikum kostað afsagnir. Af þessu hefur leitt að við höfum verið í varnarbaráttu og því á stundum átt erfitt með að koma málefnum okkar á framfæri."

*Framsókn átti þátt í myndun þriggja meirihluta af fjórum á kjörtímabilinu. Varstu sammála öllum ákvörðunum þar um?* „Já. Og ég hef stutt við bakið á forystumönnum okkar í þeim málum hverju sinni. Ég þekkti ekki alltaf aðstæður að öllu leyti og vissi ekki alltaf hvað var að gerast bak við tjöldin en virtist engu að síður allar ákvarðanirnar skynsamlegar. Sérstaklega í síðasta tilvikinu þegar umsátursástand ríkti í borginni, þá þurfti að gera eitthvað til að höggva á hnútinn og fulltrúi Framsóknar steig þá fram fyrir skjöldu."

*Hver verða stóru málin í kosningunum í vor?* „Ég held að fyrst og fremst verði það mál sem varða fólkið sjálft. Það hefur verið haldið vel á spilunum varðandi fjármál borgarinnar en nú er spurning hvort niðurskurðurinn fari ekki að nálgast þolmörk. Talað er um að passa upp á grunnþjónustuna en það vantar að útskýra hvað grunnþjónusta er. Ég tel því mikilvægt að skilgreina hana vel, svo að í kosningunum í vor verði í raun hægt að gera um hana sáttmála við kjósendur.

Þessi mál verða í algjörum forgangi umfram til dæmis einhver einstök mislæg gatnamót.

Uppbygging atvinnutækifæra verður líka í forgrunni en í þeim efnum tel ég að borgin geti og eigi að leggja töluvert af mörkum með því að skapa umhverfi til nýsköpunar. Við getum til dæmis byggt á líftækni, hugbúnaði og orkumálum og borgin getur vissulega veitt margháttaðan stuðning án þess að fjárfesta beint í verkefnum.

Að auki tel ég umhverfismálin mikilvæg, við þurfum að leita leiða til að gera borgina lífvænlegri."

*Þú varst mikill R-listamaður á sínum tíma. Hefur þú áhuga á slíku sameiginlegu framboði í vor?* „Nei. Bæði held ég að ekki sé grundvöllur fyrir slíku og eins tel ég mikilvægt að við framsóknarmenn bjóðum fram okkar eigin málefni. Svo sjáum við til eftir kosningar hvar hentugast er að leita samstarfs. Ég treysti mér til að vinna með öllum en þau mál verða að skoðast út frá málefnum Framsóknarflokksins."

*Framsóknarflokkurinn hefur á sér spillingarstimpil og oft er illa um hann talað. Á hann það skilið?* „Einstakir menn, með eða án umboðs flokksins, hafa staðið að hlutum sem hafa verið umdeildir en oft greina menn ekki á milli fólks og flokks. Svo er gert meira úr slíkum tengslum en efni standa til. Ég veit til dæmis ekki til þess að Ólafur Ólafsson í Samskipum hafi nokkurn tíma verið skráður í flokkinn, alla vega hef ég aldrei séð hann í flokksstarfinu, en samt er hann stöðugt kenndur við flokkinn. Eflaust þekkir hann einhverja í flokknum en ég held að Framsóknarflokkurinn hafi ekki borið sérstaka ábyrgð á manninum. Ekki frekar en Samfylkingin, sem naut góðs af styrkjum frá fyrirtækjum í hans eigu.

Það er hægt að stilla svona málum upp á alla vegu. Þegar ég sá myndir frá landsfundi Sjálfstæðisflokksins sá ég þar bankastjóra allra bankanna. Hvað voru þeir að gera þar? Ekki komu þeir á fundi hjá Framsóknarflokknum.

En varðandi kjörna fulltrúa þarf að skoða hvort þeir beri einhverja ábyrgð á hruninu og rannsóknarnefndin sem er að störfum mun gera það. Það verður fróðlegt að sjá hvort stjórnmálaflokkarnir bera ábyrgð og þá hve mikla."

*Á hvaða siglingu finnst þér flokkurinn vera undir forystu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar?* „Það er ferskt yfirbragð yfir þessu. Þingflokkurinn okkar er sá langyngsti á Alþingi og ber þess merki. Mikill ákafi og baráttugleði er í þingmönnum sem vilja láta að sér kveða. Í takti við það hefur verið svolítið um upphrópanir og sumir sakna gömlu framsóknarmennskunnar sem fólst í rólyndi og yfirvegun. En það er ágætt að hrista upp í hlutunum og baráttugleði er góð sé skynsemi höfð að leiðarljósi."

*Hvað ætlarðu að verja miklum peningum til kjörsins á laugardag?* „Það er ekki alveg ljóst en líklega verða það um hundrað þúsund krónur."

*Náir þú ekki fyrsta sætinu, muntu þá gefa kost á þér í annað sæti?* „Ég mun meta það á fundinum. Þrjár mjög góðar konur gefa kost á sér í annað sætið og því er ekki hörgull á góðum konum hjá Framsókn. Ég legg verk mín og áherslur í dóm flokksmanna og uni niðurstöðunni, hver sem hún verður. Ég legg hins vegar allt undir í baráttunni um oddvitasætið."



FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is




ATHUGIÐ!
Höfum áhuga á að kaupa notuð gæðaúr frá eftirfarandi framleiðendum:
Rolex, Patek Philippe, IWC, Girard Perreguax, Panerai, Oris, Bvlgari, Ulysse Nardin, Zenith o.fl.
Upprunalegir pappírar/skjöl, umbúðir o.s.frv. verða að fylgja.
Vinsamlegast sendið lýsingu, myndir og verðhugmyndir á netfangið:
swissur@gmail.com og við svörum um hæl.

Minnum á teiknisamkeppni Skólamjólkurdagsins fyrir 4. bekkinga
Hægt er að skila inn myndum fram að jólafríi til Mjólkursamsölunnar, Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík.



Nánari upplýsingar á www.ms.is

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 22 **Velta:** 66,7 milljónir

**OMX ÍSLAND 6**
784 **+0,42%**

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **BAKKAVÖR** | +12,50% | **ICELANDAIR** | -1,28% |
| **ÖSSUR** | +0,38% | **MAREL** | -0,48% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atlantic Petroleum 166,00 +0,00% ... Bakkavör 1,35 +12,50% ... Føroya Banki 134,00 +0,00% ... Icelandair Group 3,85 -1,28% ... Marel 61,90 -0,48% ... Össur 133,50 +0,38%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Ríkislán ekki fært sem tekjur

„Við vildum vera skrefi á undan,“ segir Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital, um endurskipulagningu á efnahagsreikningi bankans.

Hann vill ekki tjá sig ítarlega um endurskipulagninguna fyrr en að loknum hluthafafundi en vísar meðal annars til óinnleiddra reglna Evrópusambandsins um starfsemi fjármálafyrirtækja sem kunna að verða samþykktar á Alþingi fyrir jól og annarra fyrirhugaðra breytinga á regluumhverfi þeirra. Hann segir þær munu hafa mikil áhrif á rekstur fjármálafyrirtækja. Starfsemi Saga Capital haldist óbreytt og rekstur-inn verði traustari fyrir vikið.

Í endurskipulagningu Saga Capital felst að þær eignir sem tilheyra bankastarfseminni verða áfram innan fjárfestingarbankans en aðrar færðar í eignarhaldsfélag, sem verður í eigu hluthafa. Þar á meðal eru eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum sem kunna að draga úr rekstrarhæfi og eiginfjárstyrkleika hans. Efnahagsreikningur Saga Capital minnkar við þetta á sama tíma og dregur úr áhættu í rekstri hans.

Breytingin skýrist meðal annars af því að bankanum bar að núvirða vaxtaávinning af tæpum helmingi af 19,7 milljarða króna láni sem ríkissjóður veitti bankanum í mars. Lánið var samkvæmt reglum fært sem tekjur í ársreikningi. Slíkt er ekki tekið gilt sem eigið fé samkvæmt óinnleiddum tilskipunum Evrópusambandsins um fjármálafyrirtæki. - jab



**ÞORVALDUR LÚÐVÍK** Saga Capital dregur úr rekstraráhættunni og stokkar upp reksturinn.




**ALLT TIL SÖLU** Íslandsbanki, áður Glitnir, hefur átt hlut í Skeljungi í tvö ár.

## Afgangurinn í opið söluferli

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hefur verið falið að annast formlegt ferli um sölu á 49 prósenta hlut í Skeljungi og tengdum félögum.

Söluferlið er opið öllum. Íslandsbanki hefur þó áskilið sér rétt til að takmarka aðgang að söluferlinu, svo sem ef viðskiptin stangast á við samkeppnisreglur, að því er segir í tilkynningu.

Félögin eru S fasteignir, Ö fasteignir og Birgðastöðin Miðsandur. Þau eru nú í eigu Miðengis, dótturfélags Íslandsbanka.

Skeljungur var áður í eigu Uppsprettu, félags Fons, sem að mestu var í eigu Pálma Haraldssonar. Glitnir sölutryggði félagið síðla árs 2007 og seldi 51 prósents hlut í félaginu til hóps fjárfesta í byrjun sumars á þessu ári. Einar Örn Ólafsson, fyrrum framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Íslandsbanka, hefur verið forstjóri Skeljungs frá í maí. - jab

## Nokkrir iPhone símar seldust

Nokkrir iPhone-farsímar frá Apple seldust hjá Símanum í gær. Þetta var fyrsti heili söludagurinn en sala á símunum hófst í verslun Símans í Kringlunni í Reykjavík síðdegis á þriðjudag. Ekki liggur fyrir um sölutölur. Þær munu þó í takt við væntingar.

Ekki fengust upplýsingar um það hversu margir símar komu hingað til lands með fyrstu sendingu að öðru leyti en því að um takmarkað magn var að ræða. Von er á fleiri símum með næstu sendingu á næstu dögum.

Um tvær gerðir ólæstra farsíma sem styðja við þriðju kynslóð í farsímatækni er að ræða. Annars vegar eru þeir átta gígabæta og sextán gígabæta. Sá minni kostar 124.900 krónur en hinn 156.900 krónur. - jab




# Opið í útibúinu í Kringlunni til klukkan 21 í kvöld




## Komdu og kynntu þér úrræði vegna húsnæðis- og bílalána

Að undanförnu höfum við kynnt úrræði með það að markmiði að auðvelda viðskiptavinum að taka upplýstar ákvarðanir um fjármál heimilisins.

Má þar nefna höfuðstólslækkun og greiðslujöfnun fyrir einstaklinga á:
- verðtryggðum húsnæðislánum
- erlendum húsnæðislánum
- bílalánum og bílasamningum

Úrræðin henta viðskiptavinum misvel og við viljum hjálpa þér að vega og meta kosti þeirra og galla. Þess vegna bjóðum við viðskiptavinum að setjast niður með starfsfólki okkar í kvöld og fara ítarlega yfir þau úrræði sem eru í boði. Ekki verður opið hjá gjaldkerum.

**Allir viðskiptavinir Íslandsbanka velkomnir.**

**Starfsfólk okkar í Þjónustuverinu verður einnig við símann til kl. 21 í kvöld. Síminn er 440 4000.**

Íslandsbanki

Skilamiði

Þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt.

Skilafrestur bóka 11. jan. 2010

HAGKAUP

*Ein ferð betra verð*

# Allar nýjar bækur fást í Hagkaup, yfir 600 titlar

## Einfalt að skila og skipta!




30%* afsláttur
TILBOÐ 4.190
Leiðb. verð 5.990,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.560
Leiðb. verð 5.490,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.830
Leiðb. verð 5.480,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.240
Leiðb. verð 4.990,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.880
Leiðb. verð 5.980,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Leiðb. verð 4.990,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.840
Leiðb. verð 5.490,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.560
Leiðb. verð 5.490,-






30%* afsláttur
TILBOÐ 2.720
Leiðb. verð 3.890,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Leiðb. verð 4.990,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.300
Leiðb. verð 3.290,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 2.440
Leiðb. verð 3.490,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 1.950
Leiðb. verð 2.790,-



Allir titlar fást í Smáralind, Kringlu, Holtagörðum og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum

* Afsláttur reiknast af almennu verði eða leiðbeinandi verði.

Gildir 26.-29. nóvember



30-70% afsláttur
af vinsælum bókum
stefán máni
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.980
Leiðb. verð 5.690,-
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
Horfðu á mig
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.980
Leiðb. verð 5.690,-
PÁLL VALSSON
VIGDÍS
KONA VERÐUR FORSETI
30%* afsláttur
TILBOÐ 4.890
Leiðb. verð 6.990,-
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.970
Leiðb. verð 5.680,-
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.890
Leiðb. verð 5.990,-
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.560
Leiðb. verð 5.480,-
ÚTKALL
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.690
Leiðb. verð 5.690,-
ÓSKAR GUÐMUNDSSON
SNORRI
30%* afsláttur
TILBOÐ 4.890
Leiðb. verð 6.990,-
35%* afsláttur
TILBOÐ 4.210
Leiðb. verð 6.490,-
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.690
Leiðb. verð 5.680,-
Nýtt tungl
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.430
Leiðb. verð 5.290,-
JÓN KALMAN STEFÁNSSON
HARMUR Englanna
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.970
Leiðb. verð 5.680,-
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.830
Leiðb. verð 5.480,-
ARNALDUR INDRIÐASON
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.980
Leiðb. verð 5.690,-
MEISTARINN
70%* afsláttur
TILBOÐ 1.790
Alm. verð 5.990,-
Áritun sunnudaginn 29. nóv.
Skeifan 12:30-14:00 áritun og fiskisúpa
Kringlan 15:00-17:00 áritun og fiskisúpa
50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

**Útgjöldin**

> Kílóverð á harðfiski í ágúst ár hvert.




*Heimild: Hagstofa Íslands.*

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** RÖGNVALDUR JOHNSEN, STARFSMAÐUR NOVA OG GOOD TIMES

## *Trefillinn hefur haldið lífinu í mér*

Bestu kaup Rögnvaldar Johnsen, sem starfar á fyrirtækjasviði Nova og er fjármálastjóri Good Times, er svartur trefill sem hann fékk fyrir þremur vikum, rétt fyrir frostið mikla, eins og hann orðar það.

„Hann hefur haldið í mér lífinu, ótrúlegt en satt. Ég sá þennan trefil á Facebook-síðu vinkonu minnar, sem bjó hann til,“ segir Rögnvaldur. Á treflinum stendur „Time for Iceland, probably the coolest bankrupt country in the world“, eða Tími til kominn fyrir Ísland, sem er að líkindum svalasta gjaldþrota land í veröldinni. Rögnvaldur stökk á tilboðið og sér sannarlega ekki eftir því.

Verstu kaupin voru hins vegar þau að hann keypti sér bíl, Volkswagen Passat. „Þetta reyndust skelfileg kaup,“ segir Rögnvaldur. „Rafkerfið bilaði og dælukerfið. Ég held að þessi bíll hafi verið framleiddur á löngum og leiðinlegum mánudegi!“ segir hann og sýtir þær hér um bil tvær milljónir sem hann borgaði fyrir gripinn. En Rögnvaldur losnaði þó til allrar hamingju við bílinn að nýju. „Ég náði að plata honum inn á einhvern, tók bara Rögga bílasala á þetta,“ segir hann.

Nú ekur Rögnvaldur um á Ford Explorer, sem er „sjö manna tryllitæki“ að hans sögn. Þrátt fyrir að Fordinn hafi verið keyptur með gjaldeyrisláni er Rögnvaldur afar ánægður með hann.



**RÖGNVALDUR JOHNSEN** Er einkar lukkulegur með trefilinn sem hann keypti af vinkonu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

### Jólahlaðborð á 990 krónur

Fyrir þá sem eru með létta pyngju og eru ekki svo heppnir að vinna hjá fyrirtæki sem býður í jólahlaðborð gæti verið sniðugt að skreppa í kvöldheimsókn í Húsasmiðjuna í Skútuvogi. Þar er nú í boði jólahlaðborð fyrir aðeins 990 krónur. Auk þess er barnamatseðill á 490 krónur. Á hlaðborðinu er meðal annars pörusteik, bayonskinka, sveitapaté, kaldir sjávarrétttir, marineruð síld, rúgbrauð og flatkökur. Opið er í hlaðborðið alla daga milli klukkan 18 og 20.



### Fríhöfnin ekki endilega ódýrust



Þótt vörur í Fríhöfninni í Leifsstöð séu tollfrjálsar er ekki þar með sagt að útilokað sé að finna þær ódýrari en þar. Ung kona átti leið um verslunina fyrir skemmstu og keypti þar tvo maskara frá L'Oréal á kostakjörum, einungis um 5.000 krónur. Þegar hún settist upp í flugvél Iceland Express og fletti auglýsingabæklingnum með vörunum sem fengust um borð sá hún nákvæmlega sama maskarapakka frá L'Oréal auglýstan á 2.999 krónur. Sem betur fer hafði hún ekki opnað pakkann úr Fríhöfninni og gat því keypt annan um borð í vélinni og skipt hinum við heimkomuna. Það borgar sig því að vera vel vakandi.

**Kostnaður við fjarskiptaþjónustu***

| Farsími | Síminn | Vodafone | Tal | Nova |
|---|---|---|---|---|
| Lítil notkun | 1.395 | 1.477 | 1.451 | 1.081 |
| Meðal notkun | 1.990 | 2.942 | 2.914 | 2.545 |
| Mikil notkun | 4.075 | 5.728 | 5.741 | 4.936 |

| Heimasími | Síminn | Vodafone | Tal |
|---|---|---|---|
| Lítil notkun | 2.422 | 2.620 | 2.243 |
| Meðal notkun | 3.319 | 3.759 | 2.913 |
| Mikil notkun | 4.486 | 5.570 | 3.984 |

| Internet | Síminn | Vodafone | Tal | Hringiðjan | Snerpa | Netsamskipti |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lítil notkun | 3.340 | 3.540 | 3.339 | 4.490 | 4.100 | 3.990 |
| Meðal notkun | 4.540 | 4.540 | 3.839 | 5.490 | 8.950 | 3.990 |
| Mikil notkun | 6.340 | 6.540 | 5.839 | 6.490 | 8.950 | 22.250 |

*Í vinnslu blaðsins eru eingöngu birt hagkvæmasta leiðin hjá hverju fyrirtæki, óháð leið.

HEIMILD: PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

SÝRLENSK VEISLUHELGI Á SAFFRAN
SÝRLENSKI MATREIÐSLUMAÐURINN HILAL TÖFRAR FRAM NÝJA OG SPENNANDI RÉTTI FIMMTUDAG, FÖSTUDAG, LAUGARDAG OG SUNNUDAG
Eftirfarandi tilboð verða í Glæsibæ og á Dalvegi:
DAMASKUS KJÚKLINGABRINGA
með tómatbúlgúr og sterkri Miðjarðarhafssósu
KR. 1590
SÝRLENSKIR KJÚKLINGASTRIMLAR
í sítrónu- og hvítlaukslegi með steiktum sveppum og lauk og möndlu-hrísgrjónum
KR. 1490
NAANWICH MARÍU
Kebab í naanwich-brauði með jógúrtsósu, chilisósu og tabboulehsalati
KR. 1190
SAFFRAN
GLÆSIBÆ / DALVEGI KÓP

# Auðvelda verðsamanburð á símaþjónustu

**Þeir sem nota farsíma fremur lítið gætu verið best settir með frelsiskort hjá NOVA, en þeir sem nota símana meira gætu verið betur settir með áskrift hjá Símanum. Þetta kemur fram í drögum að verðsamanburði Póst- og fjarskiptastofnunar á verðskrá símafyrirtækjanna.**

Sérfræðingar Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) eru nú að leggja lokahönd á samanburð á kostnaði við fjarskiptaþjónustu milli fyrirtækja. Þetta er líklega í fyrsta skipti sem verðsamanburður af þessu tagi er gerður af óvilhöllum aðila hér á landi.

„Markmið okkar er að reyna að setja fram með einföldum hætti samanburð á verðlagningu á farsímaþjónustu, heimasímaþjónustu og internetþjónustu,“ segir Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri PFS.

Niðurstöðurnar verða gerðar opinberar á sérstakri samanburðarvefsíðu sem opna á fyrir áramót, en Fréttablaðið hefur drög að niðurstöðum undir höndum. Drögin voru send öllum fjarskiptafyrirtækjum og fengu þau frest út síðastliðinn þriðjudag til að gera athugasemdir. Hrafnkell segir eitthvað af athugasemdum hafa borist, en þær haggi vart niðurstöðunum í drögunum.

Sérfræðingar PFS skiptu notendum í þrjá hópa, að norrænni fyrirmynd. Í fyrsta flokknum eru þeir sem nota þjónustuna fremur lítið, þá þeir sem nota þjónustuna meðalmikið og að lokum þeir sem nota þjónustuna mikið. Fundin var meðalnotkun í hverjum hópi, og kostnaður við kaup á þjónustu hjá hverju fyrirtæki, og eftir þjónustuleiðum hjá hverju fyrirtæki, reiknaður út frá því, segir Hrafnkell.



**HRAFNKELL V. GÍSLASON**

Samkvæmt drögum að niðurstöðum er hagkvæmast fyrir þá sem nota farsíma lítið að vera með frelsisþjónustu hjá Nova. Meðalnotendur eru best settir með áskrift hjá Símanum og þeir sem nota farsíma mikið sömuleiðis.

Í samanburði á kostnaði við heimasíma var hagstæðast verð fyrir notendur, óháð notkun, hjá Tali. Tal var einnig með hagstæðasta verðið þegar kom að netþjónustu, hvort sem er fyrir þá sem nota Netið mikið eða lítið.

Í dag þykir verulega snúið mál fyrir neytendur að átta sig á því af hvaða fjarskiptafyrirtæki er hagstæðast að kaupa þjónustu, þrátt fyrir að PFS birti verðskrár fyrirtækjanna á vef sínum.

Hrafnkell segir að starfsmenn stofnunarinnar hafi reynt að gera samanburðinn eins einfaldan og mögulegt hafi verið. Því hafi ekki verið mögulegt að taka tillit til allra þátta sem máli geti skipt, til dæmis því að fyrirtækin bjóði flest upp á ýmiss konar pakka.

**brjann@frettabladid.is**

118 ja.is Símaskráin



# ÍSLAND Í JÁKVÆÐU LJÓSI

## Samkeppni um forsíðu Símaskrárinnar 2010

**1. verðlaun: 700.000 kr.**
**2. verðlaun: 200.000 kr.**
**3. verðlaun: 100.000 kr.**

Skilafrestur er til kl. 16:00 **1. desember**

Sjá nánar á **www.ja.is**

já -er svarið

ÍSLENSKA SIA.IS JAA 448153 11/2009

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nú get ég!

## Hin mædda miðja

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Heldri herramönnum sem hættir eru í pólitíkinni og lifa á vænum eftirlaunum er tíðrætt þessi dægrin um brúarsmíð í pólitísku lífi landsmanna. Brúin sú er vitaskuld með annan enda í landi þeirra sem misstu völdin í lýðræðislegum kosningum fyrir fáum mánuðum. Eins og það sé sami skikinn undir Framsókn og Sjálfstæðisflokknum, en þaðan liggur brúin: hinn endinn á brúnni er umluktur óveðursskýjum, enda vandséð að hinir hugprúðu brúarsmiðir andans viti vel hver á að annast brúarsporðinn á hinum bakkanum. Brúarsmíðin byggist á gömlu hugtaki hægri og vinstri og ákallið hljómar til hinnar svokölluðu miðjuhreyfingar í íslenskum stjórnmálum.

*Og nú gera menn sér vonir um að þessir flokkar geti aftur fengið stjórnartaumana: Nú get ég, segir hin unga kynslóð reynslulítilla flokksmanna sem röðuðu sér á listana í vor.*

Miðjan í pólitísku lífi á Íslandi byggðist lengi vel á hentistefnusiðum íslenskra smáflokka eða flokksbrota, þeirra hreyfinga sem voru svo lausar í hugsjónarásinni að þær voru tilbúnar að láta undan í flestum efnum, gefa sig á vald hinum stærri hreyfingum og tryggja þeim meirihluta á þingi. Lengi gegndi Alþýðuflokkurinn þessu hlutverki en svo tók Framsókn við, annar flokkurinn er kompa í skúffu eldri krata, hinn flokkurinn hefur gengið í gegnum endurnýjun á mannskap eftir að fyrri áhöfn sat lengi á valdastólum í skjóli sjálfstæðismanna. Og nú gera menn sér vonir um að þessir flokkar geti aftur fengið stjórnartaumana: Nú get ég, segir hin unga kynslóð reynslulítilla flokksmanna sem röðuðu sér á listana í vor.

Víst má deila um það lengi og mikið hvort núverandi ríkisstjórn sé öll að aðhafast hið rétta í hinni erfiðu stöðu íslenskra stjórnmála, hún kann að vera sundruð og ósamstíga, hún kann að vera að gera allt vitlaust, en þótt þeir sitji flötum beinum í rústunum nýir og eldri forystumenn Framsóknar og íhaldsins og fægi látlaust allt grjót sem hönd á festir í þeirri von að þar séu lausnar- eða óskasteinar sem færi þeim völdin á ný, blasir sú staðreynd við að starfandi meirihluti býr við bærilegan þingstyrk í flestum málum. Það væri pólitískt óráð þeirra flokka að gefast upp á sínu erfiða verkefni. Því ekki að feisa það?

Vilji menn byggja brýr, má reyna það á málefnalegum grundvelli – til að byrja með. Fátt í málflutningi stjórnarandstöðu bendir til að þar sé nokkur vilji til málamiðlana. Þvert á móti standa menn daglangt og brjóta öll borð sem liggja í átt til samstöðu með hertum munni, æsilegum augum og handaslætti. Og meðan þannig fer fram í þingsölum er engin von til að þjóðin, kjósendur, sjái brýr byggðar milli manna og flokka.

Miðjuna rak burt úr íslenskum stjórnmálum fyrir löngu og vilji menn finna einhverja sökudólga er hollast að leita fyrst í eigin ranni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Ný og persónuleg jógastöð

opnunartilboð
15%
afsláttur af öllum kortum

Hot jóga
Hatha Jóga
Byrjendanámskeið
Meðgöngujóga námskeið

Stakur tími 1.500 kr.
Mánaðarkort 9.265 kr.
3 mánaðakort 20.315 kr.
6 mánaðakort 30.600 kr.

**Byrjendanámskeið 12.665 kr.**
**Meðgöngujóga námskeið 9.265 kr.**

Innifalið í kortum eru allir opnir tímar ásamt þeirri þjónustu sem boðið er upp á í Veggsport.

JÓGA Stúdíó

Stórhöfði 17 (gengið inn um Veggsport)
Sími: 695 8464 og 772 1025
www.jogastudio.bloggar.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Allir nema ég

Samtök iðnaðarins birtu auglýsingu í gær þar sem vakin var athygli á vanda gos-, sælgætis- og kexframleiðenda. Þeir ættu nú undir högg að sækja – ekki vegna minnkandi neyslu, landinn héldi tryggð við lakkrísrörin og appelsínið, heldur væri hækkandi rekstrarkostnaði um að kenna. Að hækka virðisaukaskatt á nammi og kexi upp í fjórtán prósent myndi bæta gráu ofan á svart. Sá hagsmunahópur er líklega ekki til á Íslandi sem ekki hefur viðrað álíka skoðanir: sársaukafullar aðgerðir séu óumflýjanlegar – þær megi bara ekki bitna á þeim. En hverjum þá?




### Atvinnulausir nemar

Á Mbl.is í gær var sagt frá nýju spili, Heilaspuna, sem kemur á markað nú fyrir jól. Í fréttinni voru höfundar spilsins sagðir vera „atvinnulausir hagfræðinemar“. Óneitanlega skýtur skökku við að kalla fólk í námi atvinnulaust. Á dögunum var hópur fólks staðinn að verki við að vera bæði á námslánum og atvinnuleysisbótum. Þeim hefur ekki dottið í hug að nota þetta sér til málsbóta – að þeir væru atvinnulausir nemar.




### Margt í mörgu

Starfsmaður Orkuveitu Reykjavíkur vill ekki að boðið verði upp á dýrt jólahlaðborð fyrst laun starfsmanna hafa verið lækkuð. Haft var eftir vinnusálfræðingi í Fréttablaðinu í gær að þetta væri málum blandið; rök væru bæði með og á móti fyrirtækjaskemmtunum í kreppunni. Þetta eru sláandi niðurstöður. En í kjölfarið vaknar upp sú spurning hvort einhvern tímann hafi komið upp þær aðstæður í þjóðfélaginu að öll rök mæltu með – eða gegn – því að fyrirtæki efndu til veislu.

bergsteinn@frettabladid.is

## Þagnameistarinn



ÞORVALDUR GYLFASON
**Í DAG** | Umsátrið

*Umsátrið* eftir Styrmi Gunnarsson, fyrrum ritstjóra *Morgunblaðsins*, er furðusmíð. Bókin vitnar um takmarkaðan skilning höfundarins og helzta heimildarmanns hans, fyrrum seðlabankastjóra, á efnahagsmálum. Við þetta bætist vandræðaleg hlutdrægni höfundarins ásamt veikri sannmæliskennd. Að lesa bókina er hálfpartinn eins og að hlusta á Richard Nixon seint um kvöld, en þó án formælinganna, sem voru fangamark Nixons. Styrmir notar engin stóryrði.

Ein lítil saga á bls. 51 bregður gagnlegri birtu á verkið. Þar er lýst samtali seðlabankastjórans við Timothy Geithner, nú fjármálaráðherra Bandaríkjanna, um mitt ár 2008 og viðbrögðum Geithners við þeim tíðindum, að forstjóri Evrópska seðlabankans „hefði nefnt þann möguleika, að Ísland leitaði til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Viðbrögð Geithners voru þessi …; „Aha. He offered you the kiss of death.““ … Og höfundur bókarinnar bætir við: „Þessi ummæli segja harla afdráttarlausa sögu um viðhorf Timothys Geithner til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.“ Höfundurinn virðist ekki vita, að Geithner vann áður hjá AGS og stýrði þá þeirri lykildeild sjóðsins, sem mótar skilyrðin fyrir lánveitingum til aðildarlanda. Það er nær óhugsandi, að Geithner hafi reynt að varpa rýrð á AGS í samtali við erlendan seðlabankastjóra. Hver trýði þeim, sem héldi því fram, að höfundur *Umsátursins* hefði hallmælt Sjálfstæðisflokknum? Þeir, sem þekkja til AGS, hljóta að taka slíkri frásögn með fyrirvara, þótt höfundur bókarinnar taki hana trúanlega.

Sögunni af Geithner og öðrum slíkum sögum virðist ætlað að styrkja þann boðskap höfundarins, að Íslendingar hafi verið beittir „fantatökum“ (bls. 103) og „flæmdir í fang Alþjóðagjaldeyrissjóðsins“ (bls. 107). Hann hljómar eins og vitorðsmaður brennuvargsins, sem sagðist hafa verið flæmdur í fangið á slökkviliðinu. Þessi tónn bergmálar ræðu seðlabankastjórans hjá Viðskiptaráði fyrir ári. Þar færði hann Færeyingum „heila þökk og blessun“ og öðrum ekki, þar eð Færeyingar reyndust einir þjóða fúsir til að lána Íslendingum fé án skilyrða og án milligöngu AGS. Höfundur *Umsátursins* hefði heldur kosið skilyrðislaust lán frá Færeyjum, hefði það dugað, en lán AGS, sem var háð því skilyrði, að hagstjórnin væri færð í heilbrigt og traustvekjandi horf. Í bókinni örlar hvergi á skilningi á þörfinni fyrir að komast hjá mun meira gengisfalli en varð til að hlífa efnahag fólks og fyrirtækja með miklar skuldir í erlendri mynt. Þar liggur rauði þráðurinn í efnahagsáætluninni, sem var gangsett meðan Sjálfstæðisflokkurinn var enn við völd og enn er unnið eftir.

Höfundur *Umsátursins* skilur ekki, hvers vegna ríkisstjórninni og Seðlabankanum var settur stóllinn fyrir dyrnar. Hann virðist ekki heldur skilja, að fjölskyldur þurfa stundum að sammælast um að stöðva ofdrykkju með afskiptum, sem sjúklingurinn kallar umsátur og fantatök. Honum er fyrirmunað að fjalla hlutlaust um orsakir bankahrunsins, enda skautar hann fram hjá því, að: (a) Sjálfstæðisflokkurinn seldi Landsbankann í hendur dæmdum sakamanni og syni hans við þriðja mann; (b) flokkurinn tryggði þannig framkvæmdastjóra flokksins framhaldslíf í bankaráðinu; (c) bankinn stofnaði útibú í Sankti Pétursborg, háborg rússnesku mafíunnar, svo sem Ríkisútvarpið greindi frá; (d) bankinn raðaði flokksmönnum á garðann; (e) aðaleigandi bankans og formaður bankaráðsins keypti Morgunblaðið; (f) nokkrum misserum síðar komst bankinn í þrot, og nema kröfurnar á hendur þrotabúinu nú meira en fjórfaldri landsframleiðslu; (g) aðaleigandi bankans lýsti sig síðan gjaldþrota í einu mesta gjaldþroti einstaklings, sem sögur fara af um heiminn; (h) bankastjórn Seðlabankans keyrði bankann í þrot og lagði þannig á herðar skattgreiðenda skuld, sem nemur um fimmtungi landsframleiðslunnar að mati AGS; og (i) nokkrir nánir samherjar höfundarins í Sjálfstæðisflokknum sæta nú opinberri rannsókn vegna grunsemda um lögbrot. Þögnin um allt þetta er ærandi á köflum og grefur undan gildi bókarinnar.

Höfundur *Umsátursins* ber samt léttari farangur en sumir flokksfélagar hans. Hann skilur, að upphaf hörmunganna má að nokkru leyti rekja til kvótakerfisins og til einkavæðingar bankanna eftir sömu forskrift. Kvótakóngar keyptu stjórnmálamenn í kippum, segir hann fullum fetum. Hann segir hneykslaður: „Bæði í Danmörku og Svíþjóð ráða innmúraðar og innvígðar klíkur ferðinni í viðskiptalífinu.“ (bls. 105). Hann hafði áður notað sama orðalag um tiltekinn leynifund: „Þegar ég talaði um þetta mál við Jón Steinar hafði ég Kjartan með. Þetta er eins innmúrað og innvígt og nokkur hlutur getur verið …“ Þagnameistarinn lýsir nú eftir opnu og gagnsæju samfélagi. Hann hefur snúizt gegn sjálfum sér.

## Kvenlíkaminn vígvöllur í stríði

UMRÆÐAN
Magnea Marinósdóttir skrifar um konur, frið og öryggi



MAGNEA MARINÓSDÓTTIR

Kerfisbundnar nauðganir á konum í svokölluðum „nauðgunarbúðum“ voru liður í þjóðernishreinsunum serbneska stjórnarhersins á múslimum í Bosníu árið 1992-1995. Talið er að um 500 þúsund konum og stúlkum hafi verið nauðgað þegar þjóðarmorðin í Rúanda voru framin árið 1994.

Kynbundið ofbeldi hefur fylgt stríði frá örófi alda. Eftir þjóðarmorðin í Bosníu og Rúanda urðu hins vegar þau vatnaskil að stofnaðir voru sérstakir dómstólar til að dæma stríðsglæpamenn og voru nauðganir meðal kæruatriða. Sakfellingar hafa ekki verið margar. Allar sakfellingar hafa þó mikið vægi til að vega upp á móti því refsileysi sem hefur verið við lýði gagnvart nauðgunum í stríði og ekki síður á friðartímum. Eftir því sem konur eru undirokaðri í samfélögum sínum á friðartímum, því hörmulegra verður ofbeldið á stríðstímum.

Ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi var samþykkt árið 2000. Samþykktin felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að raunverulegur friður og öryggi séu ekki fyrir hendi ef helmingur mannkyns býr í skugga ofbeldis og ótta. Ályktunin felur í sér endurskilgreiningu öryggishugtaksins frá því að vera takmarkað við þjóðaröryggi ríkisins yfir í mannöryggi, sem lýtur að öryggi einstaklinga eða hópa. Ályktunin var mikill áfangasigur í mannréttindabaráttu kvenna.

Nú, níu árum síðar, hefur öryggisráð SÞ auk þess samþykkt ályktun 1820 sem fordæmir notkun kynbundins ofbeldis sem vopn í stríðsátökum, 1888 sem skerpir á skyldum friðargæslusveita að vernda sérstaklega konur og stúlkur gegn kynbundnu ofbeldi og 1889 sem árétta mikilvægi þess að konur komi að friðaruppbyggingu eftir stríð. Lokaályktunin á að tryggja það að uppbygging eftir stríð skili sér ekki í afturhvarfi til fortíðar fyrir konur, endurreisn misréttis. Rúanda er dæmi um slíkt. Aukin völd kvenna í Rúanda eftir þjóðarmorðin 1994 hafa meðal annars leitt til þess að rótgróin feðraveldislög, sem enn eru við lýði í mörgum löndum og t.d. meina konum að eiga land, hafa verið afnumin auk þess sem lög hafa tekið gildi sem miða að því að binda enda á heimilisofbeldi og annað misrétti.

*Höfundur er stjórnmálafræðingur og varaformaður UNIFEM á Íslandi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# HEITAR LAUGAR




Glæsileg bók um eitt helsta undrið í náttúru Íslands.

Fjallað er um á annað hundrað laugar um allt land, náttúrulaugar og manngerðar laugar.

Nauðsynleg handbók fyrir alla sem ferðast um Ísland.









Víst er að mikill fengur er að þessari bók og mun hún örugglega njóta mikilla vinsælda meðal baðþyrstra Íslendinga um ókomin ár ... Hér er nú fyrst kominn lykillinn að íslenskum náttúrulaugum sem einhverjir hafa án efa beðið eftir líkt og ég.

*– Ingi F. Vilhjálmsson DV*

★★★★

**SKRUDDA**

Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

# Hvað er gjaldþrot?

UMRÆÐAN
Jón Trausti Sigurðarson skrifar um skuldir Haga og 1998


JÓN TRAUSTI SIGURÐARSON

Hvenær setur maður fyrirtæki á hausinn, og hvenær setur maður fyrirtæki ekki á hausinn. Hingað til hefur þetta atriði verið nokkuð skýrt. Fyrirtæki sem ekki getur greitt skuldir sínar, það er gjaldþrota fyrirtæki.

Jóhannes Jónsson er spurður út í þetta atriði í Kastljósi mánudaginn 16. nóvember. Hann útskýrir: „Það hefur gengið mjög vel þetta fyrirtæki, það er vel upp byggt á 20 árum og… og hérna við erum með starfsfólk sem er afburðafólk á sínu sviði.“

Fyrirtækið er vel rekið. En fyrirtækið skuldar einhverstaðar á bilinu 50-70 milljarða. Eða hvað? Höldum áfram í téðu Kastljósviðtali:

Sigmar: „Jóhannes, vertu velkominn í Kastljós. Það er búið að tala náttúrulega mikið um skuldastöðu, ja bæði Haga og svo þessa fyrirtækis sem er í eigu þinnar fjölskyldu, 1998. Jafnvel talað um það að þetta sé allt í allt 70 milljarða króna skuld. 22 milljarðar hjá Högum og hvað, 48 milljarðar hjá 1998. Er ekki… maður má að minnsta kosti draga þá ályktun að það þurfi að afskrifa svolítið af þessum skuldum, ef að þið eigið að geta haldið þessu.“

Jóhannes: „Þessar tölur eru náttúrulega engan veginn í takt við það sem er raunveruleikinn. Þannig að… að við skulum draga ansi mikið frá þessu.“

Sigmar: „Já, en þú hafnar því, af því að þetta eru tölur sem menn hafa verið að leika sér með í opinberri umræðu.“

Jóhannes: „Já já. Menn hafa leikið sér með ýmsar tölur, og skuldastöðu Baugs og allt í sama pakkanum og hérna, það er ekkert af þessu í raunveruleikanum.“

Sigmar: „Umm…“

Jóhannes: „Og þessar tölur sem þú ert að tala um þarna, það er fjarri raunveruleikanum.“

Sigmar: „Hmm. En geturðu þá sagt okkur hvað þetta eru miklar skuldir sem á ykkur hvíla?“

Jóhannes: „Nei ég get því miður ekki sagt þér það núna, og ætla mér ekki að segja þér það, þó að ég viti það nokkurnveginn.“

Viðtalið heldur áfram og fer út í aðra sálma.

Á þessu augnabliki, vissi öll þjóðin, nema að virtist þessir tveir menn í Kastljósinu, hver skuldastaða 1998 ehf./ Haga ehf. var. Eða hvað?

Jóhannes segir Sigmari Guðmundssyni að tölurnar séu „fjarri raunveruleikanum“. Sigmar ætti að muna og vita að ein stærsta frétt sumarsins var sú að lánabók Kaupþings frá því í september 2008 lak á netið. Þar er lánabókin enn, í heild sinni, hafi Sigmar áhuga á því að staðfesta tölurnar.

Í því skjali, sem blaðamannastéttin öll (og þjóðin hálf) velti sér uppúr vikum saman fyrir ekki svo löngu, er að finna nákvæmar upplýsingar um hvað 1998 ehf. og Hagar ehf. skulda Kaupþingi. Á gengi dagsins í dag skuldar 1998 ehf . Kaupþingi um 48,5 milljarða.

Þetta eru ekki bara aðgengilegar upplýsingar sem hægt er að nota til að hrekja ranga fullyrðingu Jóhannesar, þetta eru upplýsingar sem allir fréttelskir Íslendingar kannast við. Þetta eru upplýsingar sem er hægt að finna á öðru hvoru íslensku bloggi. Þetta eru tölur úr lánabók Kaupþings, sem fyrrverandi stjórnarmenn bankans staðfesta að sé raunveruleg og hvers innihald Sigmar spurði einmitt Hreiðar Má, fyrrverandi stjórnarmann þess banka, um í Kastljósi, fyrir alls ekki löngu síðan.

Það er ekki ekki endilega hægt að ætlast til þess, að þáttur eins og Kastljós, sem titlar sig dægurmálaþátt, og er undirorpið þröngum fjárveitingastakki hins íslenska ríkis, geti unnið mikla heimildarvinnu fyrir þann fjölda viðtala sem þátturinn tekur vikulega. En engu að síður, þá hlýtur að vera hægt að ætlast til þess af þessum sama þætti að starfsmenn hans búi að almennri vitneskju.

Nema þá að skuldir 1998 ehf. hafi verið afskrifaðar nú þegar. En „ekkert hefur verið afskrifað“ fullyrðir Jóhannes. Og þarna stendur hnífurinn í kúnni. Hvort sem væri, þá getur hvort tveggja ekki staðist. Þar fór kaupmaðurinn í sannleiksþrot. En fékk það strax afskrifað hjá Kastljósi.

*Höfundur er laganemi við HÍ og hefur gefið út tímaritið Reykjavík Grapevine síðan 2003.*


Lagersala
Veiðihornsins
Ármúla 18
Aðeins opið í fáeina daga í viðbót
Ætlar þú að missa af þessu?
Opið 12 til 18 virka daga


# Með almannahagsmuni að leiðarljósi

UMRÆÐAN
Lilja Mósesdóttir skrifar um endurreisn bankanna


LILJA MÓSESDÓTTIR

Fullyrðingar um að búið sé að slá skjaldborg um hrunbankana og hrunfyrirtæki heyrast nú æ oftar. Bankarnir eru gagnrýndir fyrir að starfa á sömu forsendum og fyrir hrun og fyrir að afskrifa skuldir fjárglæframanna og fákeppnisfyrirtækja.

Við höfum nú þegar mörg dæmi um að viðskiptalegar, skynsamlegar ákvarðanir bankanna – eins og það heitir hjá Samkeppniseftirlitinu – séu ekki alltaf í samræmi við hagsmuni markaðarins/samfélagsins. Hagfræðingar kalla þetta vandamál markaðsbrest. Banki sem leitast aðeins við að hámarka endurheimtur skulda nær því markmiði með því að viðhalda fákeppnisfyrirtækjum en það þýðir hins vegar minni samkeppni (samkeppnisaðilum sem ekki hafa fengið afskrifaðar skuldir er ýtt út af markaði) og hærra verð til neytenda. Löggjafinn þarf að setja almenn viðmið sem hafa á til hliðsjónar þegar ákvarðanir eru teknar um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja og sjá til þess að þeim verði framfylgt. Viðmið eins og sanngirni, gegnsæi, virk samkeppni, dreift eignarhald og byggðafesta.

Innri starfsemi bankanna hefur enn ekki verið endurskoðuð, þar sem eigendahópurinn er ekki kominn á hreint. Hætta er á að ákvarðanir um afskriftir á skuldum fyrirtækja mótist af hagsmunum einstakra starfsmanna bankanna sem vilja fela mistök í útlánum fyrir hrun. Þetta vandamál kallast umboðsvandinn en hann getur birst sem mikil tregða bankanna til að skipta út eigendum og stjórnendum fyrirtækja. Nauðsynlegt er að setja almennar reglur eins og að víkja eigi eigendum og stjórnendum sem bera ábyrgð á meira en þrefaldri skuldsetningu fyrirtækisins miðað við virði eignanna. Auk þess þarf að tryggja aðkomu erlendra sérfræðinga að ákvarðanatökunni sem veita eignaumsýslufélögum bankanna ráðgjöf.

Þessi vandamál (markaðsbrestur og umboðsvandi) réttlæta afskipti löggjafar- og framkvæmdavaldsins. Í dag er takmarkað eftirlit með fjárhagslegri skipulagningu fyrirtækja, þar sem enn vantar lagaheimildir fyrir eftirlitsaðila eins og FME, Samkeppniseftirlitið og Eftirlitsnefndina (sértæk skuldaaðlögun) til að hafa afskipti af ákvörðunum bankanna. Auk þess þarf að skýra verkaskiptingu milli þessara aðila. Fljótlega verður gripið til aðgerða til að tryggja virkt eftirlit með starfsemi bankanna. Auk þess er brýnt að setja bönkunum almenn viðmið sem móta eiga ákvarðanatökuna og þrýsta á um skýrari verkferla og aðkomu erlendra sérfræðinga.

*Höfundur er þingkona Vinstri grænna.*

# Þörfin fyrir sjúkraliða

UMRÆÐAN
Jóhanna Traustadóttir skrifar um geðhjúkrun


JÓHANNA TRAUSTADÓTTIR

Evrópudagur sjúkraliða 26. nóvember er haldinn innan EPN (European Council of Practical Nurses.)

Að þessu sinni er dagurinn á Íslandi helgaður geðhjúkrun m.a. vegna þess að hefja á eins árs sérnám í geðhjúkrun fyrir sjúkraliða á vorönn 2010. Námið samanstendur af 6SECTS einingum á háskólastigi og yrði vistað við Fagháskólann við Ármúla.

Geðhjúkrun hefur verið hluti af námi sjúkraliða frá því farið var að kenna til sjúkraliðastarfa árið 1966 eða í rúm 40 ár. Sjúkraliðar hafa starfað á geðdeildum Landspítalans allar götur síðan.

Árið 1989 fór fram einnar annar nám í hjúkrun geðsjúkra við Sjúkraliðaskóla Íslands. Námið var metnaðarfullt og voru margir sjúkraliðar sem sóttu sér viðbótarmenntunar á því sviði.

Ekki voru nein viðbótarréttindi þessu námi samfara m.a. vegna mikillar tregðu hjúkrunarfræðinga við að menntun sjúkraliða væri nýtt sem skyldi. Þrátt fyrir það var fjöldinn allur af sjúkraliðum sem fóru í námið líkt og annað nám og námskeið sem sjúkraliðum hefur staðið til boða í fjóra áratugi.

Segja má að furðu sæti hve duglegir sjúkraliðar hafa verið að afla sér viðbótarmenntunar þrátt fyrir að hafa þurft að þola óvðunandi tregðu yfirmanna til þess að nýta námið heilbrigðisþjónustunni til framfara.

Í bók Óttars Guðmundssonar, geðlæknis „Kleppur í 100 ár“ kemur fram að upphaf formlegrar geðhjúkrunar á Íslandi hafi byggst á þekkingu sem nefnd er hjúkrunarfræði, eða geðhjúkrunarfræði. Elsta heimildin er frá árinu 1881.

Það er ljóst af lestri bókarinnar að hjúkrunarkonurnar þurftu að berjast fyrir því að fá viðurkenningu á sjálfstæði starfsgreinarinnar við lækningasvið sjúkrahússins.

Sjúkraliðar eru viðurkenndir til starfs við geðhjúkrun á Norðurlöndunum og hafa þar mun meiri starfsréttindi en hér á landi.

Í samningi frá 14. júní 1993 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir tilteknar heilbrigðis- og hjúkrunarstéttir segir í 9. gr.

„Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem mentalvårdare eða närvårdare í Finnlandi, sjúkraliði á sviði geðhjúkrunar á Íslandi, og hjelpepleier á geðhjúkrunarsviði í Noregi a) sem hefur aflað sér skilríkja í Danmörku sem social- og sundhedsassistent (SOSU-assistent) eða sem plejer í samræmi við reglur settar af heilbrigðisyfirvöldum á árinu 1977 eða síðar b) sem hefur í Svíþjóð uppfyllt gildandi kröfur um menntun og starfsreynslu skötare í geðhjúkrun eða hlotið eldri menntun, viðurkennda af til þess bærum yfirvöldum, fyrir skötare í geðhjúkrun.“

Þörfin fyrir sjúkraliða á stofnunum fyrir geðsjúka er mikil. Sorglegt er til þess að vita að þar sem geðsjúkir þurfa hjúkrun er ekki gerður greinarmunur á hvort sjúkraliði eða starfsmaður með litla eða enga menntun á sviði hjúkrunar sinni störfunum. Það hlýtur að vera krafa samfélagsins að þetta verði endurskoðað með þarfir einstaklinganna er þjónustunnar eiga að njóta í huga.

*Höfundur er sjúkraliði á geðsviði Landspítala.*

15 ára
# FJÖRÐUR
Hafnarfirði

## *Afmælisdagskrá 25.- 28. nóvember 2009*

### *Miðvikudagur 25. nóvember*

Afmælistilboð í verslunum · Capri-tríó leikur tónlist frá kl. 16.30-17.30

### *Fimmtudagur 26. nóvember*

Capri-tríó leikur tónlist frá kl. 16.00-17.00



Björk Jakobs, Edda Björgvins og Helga Braga

### *Konukvöld kl. 20.00*

Gulldúettinn tekur á móti gestum með léttri tónlist
Tískusýning: kynnir Gunnar Helgason leikari
Skemmtriði: Fúlar á móti
Verslanir opnar til kl. 22.00
Afmælistilboð í verslunum.



### *Laugardagur 28. nóvember*

Capri-tríó leikur tónlist frá kl. 13.30-14.30

Kl. 14.00: Afmælisterta, blöðrur og Svali fyrir börnin
Kaffi og kransakaka fyrir fullorðna fólkið

Kl. 16.00: Bakararmeistarinn í Kökulist
skrifar nöfn barna á piparkökuhjörtu

Flensborgarkórinn syngur

### *Verslanir opnar til kl. 18.00*





**Verslunin Respekt 2. hæð:**
Viktor Arnar les upp úr bók sinni Sólstjakar kl. 14.00
Stefán Hilmarsson tekur lagið kl. 16.00

## *Fjörður fagnar 15 ára afmæli*

# Listgreinakennsla í grunnskólum

UMRÆÐAN

Anna Margrét Ólafsdóttir skrifar um listgreinakennslu



ANNA MARGRÉT ÓLAFSDÓTTIR

Menntaráð samþykkti á fundi sínum þann 7. maí 2007 að setja á laggirnar starfshóp til að gera úttekt á kennslu í listgreinum í grunnskólum Reykjavíkur. Þar sem miklar breytingar hafa orðið þetta kjörtímabil á stjórn borgarinnar var fjórum sinnum skipað í hópinn. Undirrituð var formaður þess hóps sem nú hefur lokið verkefninu. Vegleg skýrsla hefur litið dagsins ljós. Helstu niðurstöður hennar verða kynntar áhugasömum í sal Menntasviðs Reykjavíkurborgar á Fríkirkjuvegi kl. 17 í dag.

Hlutverk starfshópsins var meðal annars að skoða hvernig kennslu er háttað í þeim listgreinum sem kenna á samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla, kanna hvernig listgreinakennarar skila sér inn í grunnskólana að loknu námi og koma með tillögur að úrbótum.

Þrír þættir einkenndu vinnu starfshópsins. Í fyrsta lagi rannsókn, sem var gerð af tölfræði- og rannsóknarþjónustu Menntasviðs og náði til allra grunnskóla borgarinnar. Í öðru lagi vinnufundur með listgreinakennurum, sem var mikilvægt innlegg í starfið, en hann sóttu yfir 100 listgreinakennarar. Í þriðja lagi fékk starfshópurinn ýmsa sérfræðinga á sinn fund.

Í rannsókn tölfræði- og rannsóknarþjónustu Menntasviðs var aflað víðtækra upplýsinga um stöðu listgreinakennslu á haustönn 2008 í hverjum árgangi fyrir sig í öllum 36 almennum grunnskólum Reykjavíkurborgar. Menntun kennara, sem kenna listgreinar samkvæmt námskrá, var könnuð og aflað upplýsinga um starfsvettvang útskrifaðra listkennara. Skólastjórar svöruðu ítarlegum spurningalistum um fjölda kennslustunda og annað námsframboð í hverri þeirra fimm listgreina sem fjallað er um í Aðalnámskrá, menntun kennara og leiðbeinenda og fjölmarga aðra þætti. Tengiliðir úr flestum skólanna skráðu upplýsingar um verkefni á sviðum lista og menningar, þar á meðal heimsóknir í listviðburði og heimsóknir frá listamönnum í skólann. Vettvangsferðir skólabarnanna voru skoðaðar og aflað upplýsinga frá Listasafni Reykjavíkur og Listasafni Íslands.

Samtals voru stöðugildi í listgreinum 135,8 í skólunum 36. Listgreinakennarar eru í 122,8 stöðugildum, leiðbeinendur í 7 en almennir kennarar í 6 stöðugildum. Allir skólar höfðu textílkennara og myndmenntakennara, 33 skólar höfðu tónmenntakennara, 17 danskennara og og 15 leiklistakennara sem höfðu kennsluréttindi eða voru leiðbeinendur með sérmenntun í listgreininni.

Í skýrslu starfshópsins eru gerðar átta tillögur til úrbóta. Það er ánægjulegt að segja frá því að ein þeirra er þegar komin í framkvæmd. Fjögur svið borgarinnar, Menntasvið, Leikskólasvið, Íþrótta- og tómstundasvið, og Menningar- og ferðamálasvið eru í samvinnu við Vinnumálastofnun farin af stað með tilraunaverkefni til sex mánaða sem felur í sér að ráðinn hefur verið menningarfulltrúi til að vinna að því að efla listsköpun og menningarlæsi meðal barna og unglinga í borginni. Aðrar tillögur bíða afgreiðslu menntaráðs.

*Höfundur er fulltrúi í Menntaráði og formaður starfshóps um listgreinakennslu í grunnskólum.*

# Lyfjafyrirtæki og blekkingar

UMRÆÐAN

Steindór J. Erlingsson skrifar um lyfjafyrirtæki



STEINDÓR J. ERLINGSSON

Sífellt koma fram fleiri sönnunargögn um að læknar við suma af helstu læknaháskólum Bandaríkjanna setji nafn sitt á vísindagreinar sem skrifaðar eru af hulduhöfundum fyrir lyfjafyrirtækin“. Þessu er haldið fram í frétt sem birtist í New York Times 4. ágúst sl. og því bætt við að greinarnar séu skrifaðar til þess að auka sölu á lyfjum. Ef við horfum sérstaklega til geðlyfja er þetta ekki nýtt vandamál. Hvernig geta læknar svívirt Hippókratesareiðinn með þessu móti?

Í nýlegri vísindagrein eftir bandaríska geðlækninn Kenneth S. Kendler er því haldið fram að geðheilbrigðisrannsóknir stjórnist of oft af hugmyndafræðilegum rökum en ekki vísindalegum. Sem dæmi um þetta nefnir Kendler þá tilhneigingu innan geðlæknisfræðinnar undanfarna áratugi að finna einfaldar líffræðilegar skýringar á orsökum geðsjúkdóma. Hann segir slíkar skýringar ekki til.

Sem dæmi um einfalda skýringu má nefna tilgátuna um að orsök þunglyndis liggi í ójafnvægi í serótónínbúskap heilans. Hér er um umdeilda tilgátu að ræða (SJE, Fbl., 8. janúar, 2009). Hún er lyfjaiðnaðinum mikilvæg því algengustu þunglyndislyfin, sk. SSRI-lyf, eiga að lækna þetta ójafnvægi. Stundum er óheiðarlegum aðferðum beitt til að verja tilgátuna og lyfin.

Í fyrra birtust tvær vísindagreinar þar sem ítarlega er greint frá því hvernig GlaxoSmithKline (GSK) og forveri þess birti neikvæða rannsókn á virkni SSRI-lyfsins Seroxats sem „jákvæða“. Um er að ræða rannsókn nr. 329 á virkni Seroxats á þunglyndi í unglingum, sem birtist í Journal of the American Academy of Child and Adolescent Psychiatry (JAACAP) árið 2001. Þar er því haldið fram að lyfið „sé áhrifaríkt á meiriháttar þunglyndi í unglingum og almennt vel þolað“.

Í umræddum greinum kemur hins vegar fram að rannsókn nr. 329, auk tveggja annarra, leiddi í ljós að Seroxat var ekki fremra lyfleysu í að meðhöndla þunglyndi í unglingum, auk þess hafði lyfið slæmar aukaverkanir. GSK hafði áhyggjur af því að þessar neikvæðu niðurstöður gætu dregið úr sölu lyfsins til fullorðinna einstaklinga. Því var ákveðið að birta rannsóknina sem „jákvæða“ og var almannatengslafyrirtæki, sem sérhæfir sig í læknisfræði, fengið til þess að skrifa grein um rannsóknina. Eftir að fyrsta uppkast fyrirtækisins lá fyrir gerðu hinir eiginlegu „höfundar“ rannsóknarinnar, 22 talsins, litlar efnislegar breytingar á greininni þar til handrit var sent til birtingar.

Rétt er að taka fram að þótt því sé haldið fram í texta JAACP-greinarinnar að Seroxat sé gott til þess að meðhöndla þunglyndi í unglingum eru allar neikvæðu niðurstöðurnar birtar í töflu í greininni. Þrátt fyrir töfluna virðist blekkingarleikur GSK hafa tekist vel því af þeim 153 greinum sem vísað hafa í virkni lyfsins í rannsókn 329 er því haldið fram í 68 greinum að virknin sé jákvæð. Lesandinn gæti skilið 54 aðrar greinar sem svo að virkni Seroxats sé jákvæðari en niðurstöðurnar gefa til kynna. Í einungis 31 grein er rétt greint frá niðurstöðunum og í 12 þeirra eru „höfundar“ greinarinnar sérstaklegar gagnrýndir fyrir blekkingarleikinn.

Að undanförnu höfum við orðið vitni að því hvernig hugmyndafræði ný-frjálshyggjunnar og gróðafíkn hefur leitt íslenskt samfélag í miklar ógöngur. Á hliðstæðan hátt hefur serótónín-hugmyndafræðin og gróðafíkn varpað dimmum skugga yfir þróun, markaðssetningu og mögulegan lækningamátt SSRI-þunglyndislyfja. Þennan blekkingarleik mikils minnihluta geðlækna og lyfjaiðnaðarins verður að stöðva.

*Höfundur er vísindasagnfræðingur.*






# Eins og ekkert hafi gerst

UMRÆÐAN

Loftur Guttormsson skrifar um stóriðju



LOFTUR GUTTORMSSON

Opinber stjórnmálaumræða síðustu vikurnar um það hvernig bregðast skuli við kreppunni á Íslandi ber vitni um að sumir stjórnmálaforingjar eru ekki reiðubúnir að draga lærdóm af hrakföllum síðustu missera og taka til endurskoðunar þá stefnu sem flestum ber saman um að átti mikinn þátt í þeim.

Í bakgrunni fjármálahrunsins er nýfrjálshyggjan. Hér var hún framkvæmd á óábyrgari hátt en dæmi munu finnast um í okkar heimshluta. Matadorar hins einkavædda bankakerfis fengu að leika lausum hala og létu stjórnast af glýju skjótfengins gróða. Til þess nutu þeir velþóknunar þeirra stjórnmálaafla, einkum Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks, sem höfðu skapað þeim skilyrði til þess ábyrgðarlausa athæfis sem lýðum varð ljóst með hruninu. Þessi stjórnmálaöfl gáfu Landsvirkjun heimild til að vinna óbætanleg spjöll á íslenskri náttúru og veita álrisanum Alcoa starfsleyfi sem fékkst þó aðeins út á undanþágu frá alþjóðlegu samkomulagi um mengunartakmarkanir (Kyoto-bókuninni). Flestum er nú ljóst að virkjunarframkvæmdirnar við Kárahnjúka og bygging Alcoa-verksmiðjunnar áttu drjúgan þátt í að magna upp það ástand, með ofþenslu og hávaxtastefnu, sem endaði í hrunadansinum. Ætti reynslan af þessu framferði öllu ekki að kenna mönnum að fátt er háskalegra velfarnaði einnar þjóðar en stjórnvöld og fjárfestingarbankar sem í sameiningu láta skammtímasjónarmið ráða ferðinni?

### Úrræði „Kárahnjúkaflokkanna“

Af yfirlýsingum forystumanna þeirra flokka („Kárahnjúkaflokkanna“), sem öðrum fremur kölluðu hrunið yfir Íslendinga, verður því miður ekki séð að þeir hafi dregið lærdóm af því og tamið sér ábyrgari stefnu. Valkosturinn, sem Sjálfstæðisflokkurinn teflir fram sem kreppuúrræði, er atvinnustefna sem hefur að þungamiðju nýtingu orkulinda (jarðvarma og fallvatna) í þágu áframhaldandi stóriðju. Þar eru efst á blaði tveir risastórar álverksmiðjur í Helguvík og á Bakka við Húsavík, auk stækkunar þeirrar sem fyrir er í Straumsvík. Formaður flokksins boðar að með slíkum framkvæmdum verði komist hjá því að auka skattaálögur á landsmenn til mótvægis við hinn gríðarlega halla ríkissjóðs. Skattastefnu ríkisstjórnarinnar hefur formaðurinn kallað „brjálaða“ leið.

Hvað úrkosti í atvinnuuppbyggingu varðar, er svipað uppi á teningnum hjá varaformanni Framsóknar, Höskuldi Þórhallssyni (sjá grein hans í Fréttablaðinu 5. nóv. sl.). Svonefnda umhverfisvæna orku beri að nýta í þágu álvers á Bakka við Húsavík sem muni glæða atvinnulíf á Húsavík og öllu Norðurlandi. Ekki orð um það að varhugavert kunni að vera að halda áfram á þeirri braut sem atvinnulífi á Austurlandi var mörkuð með Alcoa-verksmiðjunni þar.

Ekki verður komist hjá að minna á að Samfylkingin slóst í lið með álvæðingunni þegar hún greiddi götu Kárahnjúkavirkjunar á Alþingi og í borgarstjórn. Það veldur sérstökum áhyggjum að heyra nú Jóhönnu forsætisráðherra taka undir stóriðjukröfurnar sem helsta úrræði í atvinnumálum Íslendinga.

### Hvar er ábyrgðarkenndin?

Þrennt vekur nú sérstaka athygli í málflutningi Kárahnjúkaflokkanna.

Í fyrsta lagi er látið að því liggja að jarðhitasvæðin suðvestan- og norðaustanlands geti lagt fyrirhuguðum tveimur risaálverum til þá orku sem þau munu þurfa á að halda fullbyggð þannig að komist verði að mestu hjá því að grípa til vatnsaflsvirkjana í gamla stílnum. Hvað álverið í Helguvík áhrærir hefur þó Sigmundur Einarsson jarðfræðingur sýnt fram á að mikið vantar á hægt verði að virkja slíkt magn jarðvarma í náinni framtíð (sjá grein Sigmundar, www.smugan.is, 13. nóv.). Hvað um álverið á Bakka? Eru horfurnar eitthvað betri þar hvað það varðar að beisla nægilega varmaorku fyrir fullbyggt álver?

Í öðru lagi – og nátengt hinu fyrrnefnda – er látið eins og virkjanleg jarðvarmaorka muni á næstunni ekki aðeins duga til handa risaálverunum tveimur og stækkuðu álveri í Straumsvík heldur skapi hún nú þegar skilyrði fyrir ýmsar aðrar atvinnuskapandi framkvæmdir eins og netþjónabú í Sandgerði og á Keflavíkurflugvelli. Það verður að teljast ábyrgðarlaust athæfi hjá stjórnmálaforingjum að gylla fyrir þjóðinni ný atvinnutækifæri á jafnfölskum forsendum. Eða hvernig skyldu þeir koma út ef brugðið væri á þá mælikvarða hinna nýja gilda sem nýafstaðinn þjóðfundur hefur boðað?

Í þriðja lagi er ljóst að Kárahnjúkaflokkarnir skirrast ekki við að nota kreppuástandið, sem þeir bera höfuðábyrgð á, til þess að leiða kjósendur til fylgis við áframhaldandi álvæðingu landsins. Verði hún að veruleika munu allir helstu orkukostir landsins bundnir að miklu leyti einni atvinnugrein sem legði þá að líkindum til meirihlutann af öllu verðmæti vöruútflutnings frá landinu. Ef svo færi mundu ekki mörg þróunarlönd jafnast á við Ísland að efnahagslegri einhæfni.

Loks blasir við að hrunið hefur orðið Kárahnjúkaflokkunum tilefni að kæfa í eigin röðum þann vott af umhyggju fyrir umhverfinu sem farið var að brydda á í málflutningi þeirra „fyrir hrun“. Áframhaldandi álvæðing er nú boðuð rétt eins og hún sé óviðkomandi þeim ógnum sem nú steðja að mannkyni, losun gróðurhúsalofttegunda og hlýnun loftslags. Málflutningurinn fyrir áframhaldandi álvæðingu endurómar hér þau skammtímasjónarmið sem réðu ferðinni hjá þessum sömu flokkum fyrir 2007. Þrátt fyrir hrunið er eins og ekkert hafi gerst.

*Höfundur er prófessor.*

**NOKKRIR KJÓLAR AUDREY HEPBURN** verða boðnir upp í London 8. desember. Kjólarnir sem boðnir verða upp nú eru í eigu Tönju Star-Busmann, æskuvinkonu Hepburn. Hepburn gaf vinkonu sinni oft kjólana sína sem voru frá tískuhönnuðum á borð við Givenchy. Alls verða 48 munir boðnir upp í desember; kjólar, bréf, hattar og ljósmyndir.



FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473












Kristín Bergsdóttir gaf nýlega út diskinn Mubla þar sem hún syngur lög eftir sjálfa sig. „Þetta er poppdiskur með áhrifum frá djassi, hipphoppi og sálartónlist.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Á kápur í öllum litum

**Kristín Bergsdóttir elskar kápur og taldi sig heppna þegar hún eignaðist heiðgula kápu á prúttmarkaði fyrir nokkrum árum. Kápan hefur reynst vel enda alveg eins og ný.**

„Ég keypti þessa kápu á prúttsölu í Rokki og rósum fyrir þremur árum,“ segir Kristín Bergsdóttir um uppáhaldsflíkina sína sem var alger happafengur. „Ég fór með hana í hreinsun og þá varð hún eins og ný. Mér finnst hún fallegasta kápan sem ég á og þó á ég mjög margar,“ segir hún og tekur fram að hún eigi kápur í öllum litum.

Skór eru Kristínu einnig hugleiknir og á myndinni klæðist hún skóm frá Chie Mihara sem hún fékk í Kron. „Hún er alger snillingur og býr til hæla sem eru með jafngott stuðningskerfi og íþróttaskór,“ segir hún og finnst þeir ótrúlega þægilegir. Trefilinn prjónaði Kristín sjálf. „Í haust átti ég ekki mikinn pening en langaði í eitthvað nýtt. Þá ákvað ég að prjóna mér trefil í alls konar litum,“ segir hún glaðlega.

Kristín útskrifaðist úr söngnámi frá Tónlistarskóla FÍH síðasta vor og lýkur næsta vor námi í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands. Hún gaf nýlega út sinn fyrsta disk sem heitir Mubla en á honum eru lög eftir Kristínu sem hún syngur sjálf. „Þetta er tónlist sem ég samdi á árunum 2002 til 2007. Þetta er poppplata en undir áhrifum frá djassi, hipphoppi og sálartónlist,“ segir hún og er ánægð með útkomuna. Hún stefnir því ótrauð á frama í söng. Næsta skref hennar er að fara til Brasilíu í janúar þar sem hún mun dvelja í þrjá mánuði. Þar ætlar hún að drekka í sig tónlistarmenningu Suður-Ameríku og halda áfram að þroska sjálfa sig sem tónlistarmann.

*solveig@frettabladid.is*



**SVARTAR BARBIE-DÚKKUR**, 46 talsins, voru klæddar upp í hátískufatnað og myndaðar fyrir Vogue-tímaritið í sumar í tilefni af fimmtíu ára afmæli Barbie. Dúkkurnar voru boðnar upp í Palazzo Clerici í Mílanó í vikunni og rann ágóðinn til krabbameinsrannsókna.



vísir.is
„...ég sá það á vísi“

# Litavalið fer eftir skapinu

**Enginn veit sína ævi fyrr en öll er og þegar Jóna María Norðdal missti vinnunna fyrir nokkrum árum hafði hún ekki hugmynd um að örlaganornirnar höfði spunnið henni vef á sviði sem hún tengdist en varð jafnframt sinn eigin herra. Hönnun er nú hennar fag.**

„Blingið er mjög sérstakt og hefur notið mikilla vinsælda. Þetta sérstaka orð hefur Jóna María Norðdal búið til um hálstrefla sem hún hannar og einnig er hægt að nota sem hálsmen.Það er bæði hagnýtt því það er ótrúlega hlýtt þótt það sé smátt,“ segir hönnuðurinn, en hún er menntaður klæðskeri og með BS-gráðu í arkítektúr. „Blingin eru þæfð úr ull og silki,skemmtilega litrík og lífga einfaldlega upp á tilveruna,“ segir hún og brosir. „Ég vinn mikið með íslensku ullina og geri úr henni sjöl og trefla en einnig nota ég silkisjiffon og silkiþræði. Ég blanda þessum efnum saman og handlita. Það er aldrei að vita hvernig litirnir koma út, það er oft mjög sérstakt og getur farið eftir því hvers konar skapi ég er í og hvers konar aðferðum ég beiti en ég þæfi alltaf ullina. Þá geri ég einnig stúkur, bæði stuttar og langar.“

Jóna María hannar undir eigin nafni og segir að ævintýrið hafi byrjað árið 2005. „Mér var sagt upp í vinnunni vegna skipulagsbreytinga og þá gerðist eitthvað innra með mér. Ég byrjaði að þæfa þótt ég hefði aldrei gert það áður.Svo leiddi eitt af öðru og áður en ég vissi af þá var ég komin í framleiðslu á margs konar fylgihlutum, sem hafa vakið mikla lukku, bæði hjá Íslendingum og útlendingum.“

Jóna María er nú farin að hanna skart. „Já nú er ég með skartgripalínu sem í eru hálsmen, armbönd, eyrnalokkar, nælur og hringir. Þar eru ullin og hraunmolar áberandi.“ Það er langt síðan hún hætti að komast yfir að gera allt sjálf svo nú hefur hún ráðið fólk í vinnu. „Já, ég hefði ekki trúað þessu fyrir nokkrum árum,“og hlær En hönnun mín fæst í Mýrinni í Kringlunni, Handprjónasambandi Íslands, Rammagerðinni, Hafnarstræti 19 og í Fríhöfninni, Keflavíkurflugvelli.

*unnur@frettabladid.is*



Jóna María með fallegt sjal úr eigin hönnun. Hún notar þæfða ull, silkisjiffon og silkiþræði í litum sem passa við skap hennar hverju sinni.



Hér blandast saman ullin, fallegir steinar og perlur.

Fallegt men úr þæfðri ull.

Fínlegt men úr litríkum steinum.



Bleikur trefill sem er bæði fallegur og hlýr á köldum vetrardegi.


















## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Carven – hátískuhús sem hannar fyrir fólk

Hönnuðir eru misjafnlega lagnir við að aðlagast breyttum aðstæðum þegar harðnar í ári og viðskiptavinum fækkar. Sem dæmi má nefna Christian Lacroix, einn af þeim frægustu í hátískunni, en tískuhús hans hefur verið í greiðslustöðvun síðan í júní og í næsta mánuði kemur í ljós hvort nýtt fjármagn fáist til að fjármagna tískuhúsið. Lacroix hefur farið einstaklega illa út úr kreppunni og endaði 2008 með tíu milljóna evra tapi vegna fjöldaframleiðslunnar sem ekki seldist lengur.

Fjöldi tískuhúsa býður upp á fleiri en eina tískulínu og nær þannig til breiðari viðskiptavinahóps. Margir þekkja eflaust See by Chloé, D & G frá Dolce & Gabbana eða RED hjá Valentino. Allar eiga þessar línur það sammerkt að vera ódýrari en aðallínurnar sem sýndar eru á sýningarpöllunum en eru þó undir merkjum tískuhúsanna og draga þannig að viðskiptavinina. Að sjálfsögðu er hver flík vandlega merkt tískuhúsinu svo ekki fari milli mála hvaðan hún kemur. Versace er nýbúinn að endurvekja Versus sem var eins konar „junior-lína“ en hún hvarf af markaðinum fyrir nokkrum árum. Ricardo Tisci hjá Givency hefur valið úr frægum flíkum tískuhússins og framleiðir nú með miklu minni tilkostnaði en áður. Svona mætti áfram telja þær mismunandi leiðir sem tískuhúsin fara til að halda velli á víðsjárverðum tímum og hvernig þau leita leiða til að brúa bilið milli hins dýra lúxusvarnings og hinna ódýru fatamerkja.

Svo eru þeir sem fara þveröfuga leið eins og tískuhús Carven sem á sér langa sögu, var stofnað á lýðveldisárinu 1944 af Carmen de Tommaso sem fór að hanna föt af því að henni fannst hún of lítil. Eftir að hafa átt sína gullöld gekk þetta tískuhús kaupum og sölum en komst 2008 í eigu keðju, SCM Group að nafni. Carven dró sig út úr hátískunni og hefur verið að fóta sig í pret-à-porter-framleiðslunni (tilbúið til notkunar) undanfarið. Á komandi vori kemur á markaðinn fyrsta tískulína Carven eftir Guillaume Henry sem hannaði áður fyrir Paule Ka og Givenchy. Markmiðið er að byggja á hefð og þekkingu hátískuhússins en framleiða tískulínu á verði sem höfðar til stærri og yngri markhópa en áður sem er vissulega mikilvægt á krepputímum. Klæðnaðurinn er fyrir virkar konur, þægilegur og nothæfur en ber merki hágæðahönnunar. Sambland af aga við snið og form til dæmis hvað varðar kjóla en þeir eru úr efnum sem eru þægileg og sem hægt er að smeygja sér í líkt og einföldustu bolir úr bómull. Buxurnar minna stundum á náttföt og „perfecto-leðurfrakkar“ sjást einnig. Þessi lína er ólík hinum svokölluðu „second line-tískuhúsanna“ því hún er sú eina sem er í boði hjá Carven og á hóflegu verði.

*bergb75@free.fr*



Kolbrún Ýr opnar í dag nýja verslun sína KOW á Laugavegi 51.

# Hætt í KVK og opnar í staðinn KOW

**Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir, sem áður var með verslunina KVK, opnar nú nýja verslun sem ber heitið KOW á Laugavegi 51 þar sem hún selur eigin hönnun.**

Kolbrún Ýr hefur ásamt Írisi Eggertsdóttur rekið verslunina KVK við Laugaveg í fjögur ár. Vinsældirnar hafa verið miklar og verslunin er orðin fastur punktur í lífi margra kvenna sem vilja falleg föt.

„Við Íris vorum samt alltaf að hanna undir eigin merkjum. Okkur fannst því eðlilegt framhald á þessu sambandi að opna okkar eigin búðir,“ segir Kolbrún Ýr. Íris opnaði sína búð í síðustu viku en hún heitir Liber en Kolbrún opnar sína verslun í dag á Laugavegi 51.

Kolbrún segir vissulega nokkra eftirsjá að samstarfinu enda hafi þær Íris orðið góðar vinkonur á þessum árum. „En eins og Íris orðar það þá erum við búnar að taka hjálpardekkin af hvor annarri og nú er draumurinn að rætast um að maður fái að sjá sína eigin hönnun njóta sín,“ segir hún og telur að margir hafi ekki áttað sig á að þær væru að gera mismunandi hluti.

Kolbrún heldur opnunarteiti í nýrri verslun sinni milli klukkan 18 og 21 í kvöld. Léttar veitingar verða í boði og hljómsveitin Sometime kemur og spilar órafmagnað fyrir þá sem líta við. Boðið er öllum opið og Kolbrún býður alla velkomna að fagna opnuninni með sér og skoða það sem hún hefur upp á að bjóða.

*- sg*

# Sýning á fötum Grace Kelly



FRÆGUSTU KJÓLAR PRINSESSUNNAR AF MÓNAKÓ VERÐA TIL SÝNIS HJÁ SAFNINU V&A Í LONDON.

Sýningin mun bera yfirheitið „Grace Kelly: Style Icon“ en þar verða sýndir kjólar sem hún klæddist í myndum á borð við High Society og Rear Window auk kjóls sem hún klæddist þegar hún tók við Óskarsverðlaunum árið 1955. Farið verður yfir sögu Kelly með tilvísun í fataval. Til dæmis hvernig smekkurinn breyttist eftir að hún giftist Rainier prins. Til dæmis verða til sýnis fötin sem hún klæddist þegar hún hitti Rainier í fyrsta sinn auk hátískukjóla eftir uppáhaldshönnuði hennar líkt og Christian Dior, Balenciaga, Givenchy og Yves St. Laurent. Sýningin sem verður opnuð í apríl 2010 verður þrískipt eftir flokkunum leikkonan, brúðurin og prinsessan. Stór hluti sýningarmuna er fenginn að láni frá Palace Princier í Mónakó en einnig hefur safnið Balenciaga á Spáni lánað hluta auk einkaaðila í Bandaríkjunum.

*- sg*



Grace Kelly á Óskarsverðlaunahátíðinni 1955.




Frábær vara á góðu verði
Heilstæðar kremlínur fyrir þig
• Q10 fyrir húð sem er að byrja að eldast
• Lift- fyrir eldri húð
• Margar nýjungar í boði


Sölustaðir: Apótek og snyrtivörudeildir

Gríms fiskibollur
hollur kostur á 5 mín.



Útsala á billiardborðum og billiardvörum

Opnunartíminn frá frá 12-18:00 alla virka daga. Og næsta laugardag frá kl. 12-15.
www.hobbyroom.is
Hobby Room
Ármúli 38, 108 Rvk. • hobbyroom@hobbyroom.is • S: 841 8800 / 565 5200

ALLT
HELGIN
Laugardaga
Sölufulltrúi:
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473

# Gull, silfur og glitrandi steinar

**Bandaríska tónlistarverðlaunahátíðin AMA var haldin í Los Angeles á sunnudag. Stjörnurnar mættu í sína fínasta pússi enda dæmir gula pressan út frá útliti en ekki innihaldi.**

Að öðrum stjörnum ólöstuðum vakti kjóll söngkonunnar Rihönnu mesta athygli tískuspekúlanta á bandarísku tónlistarverðlaunahátíðinni sem haldin var í Los Angeles 22. nóvember síðastliðinn. Kjóllinn sem var frá Marchesa var svartur að utan en hvítur að innan og alsettur útskornum rósum.

Annars var áberandi glans og glamúr á rauða dreglinum. Kate Hudson, Kristin Bell og Carrie Underwood voru allar í glitrandi kjólum í gylltum eða silfurlitum tónum en Fergie og Shakira klæddust kjólum sem skreyttir voru glitrandi steinum.

solveig@frettabladid.is



Carrie Underwood klæddist gullslegnum glansandi kjól með einum hlýra og steinum skreyttu belti.

Fergie, söngkona Black Eyed Peas. var í glitrandi hlýralausum kjól.

Leikkonan Kate Hudson var í silfurlitum en að öðru leyti látlausum kjól.

Söngkonan Shakira var í steinum skreyttum gulum míníkjól.

Rihanna þótti bera þennan íburðarmikla kjól frá Marchesa vel.

GRILLAÐUR KJÚKLINGUR
...þú finnur muninn :-)



## Nútímakonan Coco

COCO CHANEL VARÐ FYRST TIL AÐ NOTA PRJÓNAEFNI Á ÖLDINNI SEM LEIÐ EN ÞAÐ ER EKKI Í EINA SKIPTIÐ SEM HÚN VAR Á UNDAN SINNI SAMTÍÐ.

Coco opnaði tískuhús sjötug að aldri, eða árið 1954, í París og það voru ekki margir sem höfðu trú á þessari gömlu konu. En hún þekkti markaðinn, nú þegar konur voru farnar að vinna úti, enda hafði hún sjálf ávallt verið útivinnandi. Nútímakonan Coco Chanel lagði því áherslu á að hanna þægileg föt, góð snið úr vönduðum fatnaði fyrir hina glæsilegu útivinnandi konu. Hún kastaði lífstykkjunum og lagði upp úr því að vasar væru hagnýtir og ermar nógu víðar.



Coco Chanel lifir enn í dag þótt hún sé löngu gengin á vit feðranna, vitaskuld í hönnun sem tískuhús hennar framleiðir, en ekki síður í eftirhermum tískuheimsins.

Frábær fjölskyldustaður
ljúffengur matur og góð þjónusta.
RED CHILI

Red Chili - Laugavegur 176
sími: 562 6000 - www.redchili.is

# Kjólar

SÉRBLAÐ FIMMTUDAGUR 26. NÓVEMBER 2009



eva

Laugavegi 91



Malene Birger
st. 36–44
eva



DKNY
st. 36–44
eva



Malene Birger
st. 34–44
49.990 kr.
kultur



Lux
st. 1–2
16.990 kr.
kultur

Kultur

Kringlunni


**LÍTILL OG LÁTLAUS EN ALLTAF Í TÍSKU** Litli svarti kjóllinn er nauðsyn í klæðaskáp hverrar konu enda hægt að nota hann við öll tækifæri og tilefni. Hann passar með öllum mögulegum fylgihlutum, pinnahælum og strigaskóm, lopapeysu, perlufesti og gallabuxum og virkar alltaf eins og um glænýjan kjól sé að ræða. Hugmyndin um litla svarta kjólinn kom frá Coco Chanel á þriðja áratug síðustu aldar sem hafði það í huga á krepputímum að finna flík sem ætti að vera endingargóð, látlaus og á góðu verði, höfða til allra kvenna og hlutlaus á litinn. Litli svarti kjóllinn ætti að uppfylla öll þessi skilyrði. Hinn klassíski litli, svarti kjóll er einfaldur í sniðinu og frekar stuttur, ekki mikið síðari en niður á hné. Og náttúrulega svartur. Önnur skilyrði þarf hann ekki að uppfylla til að geta orðið hinn fullkomni strigi við hvaða tilefni sem er. Og alltaf flottur.



# Svartir kjólar og skart

**„Fyrir þessi jól leggja merkin okkar einna mesta áherslu á hinn hefðbundna „svarta kjól“ sem kemur í ýmsum útfærslum. Við bjóðum upp á mikið úrval af fallegu skarti sem hægt er að nota til að skreyta kjólana,“ segir Hólmfríður Óskarsdóttir, verslunarstjóri Evu á Laugavegi.**



**Hólmfríður Óskarsdóttir verslunarstjóri og Inga Gottskálksdóttir sölumaður í Evu búa sig þessa dagana undir jólaösina.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eva hefur verið á Laugavegi 89 síðan um aldamótin, en verslunin var stofnuð á fyrri hluta áttunda áratugarins. „Þetta er gömul og rótgróin verslun sem selur gæðavöru,“ segir Hólmfríður.

Hún segir svörtu kjólana einkum vinsæla hjá konum sem vilja klæða sig upp fyrir jólin. „Efnin fyrir jólin eru mjúk og kvenleg, til að mynda silki, flauel, siffon og margir kjólanna eru með pallíettum og blúndu. Við erum að fá kjólana í öllum útfærslum, með stuttum og síðum ermum eða hlýrakjóla. Sniðin eru gjarnan aðeins laus og síddin við hné. Einnig erum við með fallegt skart, til dæmis perlufestar og semelíufestar sem passa mjög vel við látlausu kjólana. Skórnir okkar eru kvenlegir, mikið af háum hælum, rúskinn er áberandi og einhverjir skreyttir steinum,“ segir Hólmfríður.

Þessa dagana er verslunin að fá inn auk kjólanna mikið af litlum jökkum, pilsum, gollum og aukahlutum. „Þar koma litirnir meira við sögu,“ segir Hólmfríður. „Silfur er vinsælt, einnig bleikt og grænt.“

Ásamt rótgrónu merkjunum í Evu, sem eru DKNY, Malene Birger og Gerard Darel, er einnig að finna ný merki frá Frakklandi og Ítalíu á mjög fínu verði. „Í næstu viku kemur sending og þá lofa ég troðfullri búð af skóm, kjólum, toppum og pilsum,“ segir Hólmfríður.

# Hönnuðir horfa aftur til fortíðar

Tíðindi eru farin að berast úr tískuborgunum London, París og New York þess efnis að brúðarkjólar næsta árs verði margir litríkir, stuttir og undir áhrifum frá þriðja og sjötta áratug síðustu aldar.

Oscar de la Renta og John Galliano eru sammála um að kjólarnir eigi að vera stuttir og gamaldags. Monique Lhuillier vill hafa sínar brúðarmeyjar hefðarlegar eins og á balli hjá sænsku hirðinni. Antíkhvítur, drapplitaður, himinblár, appelsínugulur og pastellitir hvers kyns, allt eru þetta litbrigði sem sjást á sýningarpöllum tískuborganna um þessar mundir.

Þá eru kjólfaldar styttri en oft áður. Það er meðal annars rakið til þess að brúðarmeyjar vilja ekki draga pilsfaldinn á eftir sér og eiga um leið erfitt um vik með að hreyfa sig. Þær vilja frekar hafa brúðarkjólana hnésíða og vel aðsniðna og geta dansað í þeim fram á rauða nótt.



**Monique Lhuillier hefur kjólana sína íburðarmikla.**



**Stuttir brúðarkjólar úr smiðju Oscars de la Renta.**

Brúðarskór eiga að vera í sama stíl og kjóllinn, sérstaklega ef hann er stuttur. Séu blúndur á kjólnum eiga líka að vera blúndur á skónum og þar fram eftir götum.

- nrg

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Hlynur Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439



Tvær ástandsmeyjar skarta sínu fegursta.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Bresku og bandarísku hermennirnir voru eftirsóttir.



Stelpurnar á bak við vélina.

# Heitt á hernámsárunum

„Við vorum að læra um hernámið á Íslandi og hvernig íslenskar konur hrifust af hermönnunum. Hermennirnir voru herramenn, voru mjög kurteisir og komu vel fram við þær. Þær höfðu ekki kynnst þessu hjá íslenskum karlmönnum, sem flestir voru sjómenn og verkamenn. Í kennslubókinni Úr sveit í borg var ein ákveðin mynd af íslenskri konu í rosaflottum kjól og stígvélum og breskum hermanni þar sem hann er að kyssa hana. Þessi mynd heillaði okkur svo að hún var eiginlega ástæðan fyrir því að við ákváðum að taka þetta efni,“ segir hópur unglinga úr 9. bekk Austurbæjarskóla. Hann skipa Anna-Havi-Vu, Hjalti Þór Davíðsson, Karen Andreassen Þráinsdóttir, Lísbet Sigurðardóttir og Þórdís Hulda Árnadóttir. Unglingarnir voru allir mjög hrifnir af hernámstískunni.

„Ég myndi nú samt ekki ganga í hermannsfötum,“ segir Hjalti en ákveðið var að hafa hann í búningi hermanns. Stelpurnar gátu hins vegar allar hugsað sér að upplifa hernámstískuna og jafnvel að taka sumt af henni inn í eigin fatastíl í dag. „Kjólarnir voru svo æðislegir og tískan í dag er svolítið gamaldags.“

Hópurinn hafði allur tekið kvikmyndagerð sem valfag og langaði í framhaldinu að búa til gamaldags bíómynd um ástandið. „Allir höfðu sitt hlutverk, Lísbet leikstýrði, Havi var kvikmyndatökukona og hinir leikarar. Þetta var mjög skemmtilegt. Okkur var síðan sagt frá myndbandakeppni 66 N, sem er fyrir grunnskólana, og ákváðum að senda myndina okkar inn. Við unnum svo í flokknum 8.-10. bekkur, sem kom okkur algjörlega á óvart.“

En mynduð þið vilja upplifa hernámsárin? „Já, hvort við vildum,“ segja stelpurnar. Það væri frábært að fá hingað svona marga stráka. Hjalti hins vegar óttast ekkert samkeppnina og telur þá íslensku ekkert síðri. *- uhj*

# Ólík efni eiga samleið

**Það sem einkennir kjólatísku vetrarins er að efnum er blandað saman til að auka á fjölbreytnina að sögn Láru Jónu Ingadóttur, rekstrarstjóra hjá versluninni Companys í Kringlunni.**

„Kjólar eru eiginlega allsráðandi í kventísku vetrarins og við erum að taka inn stóra sendingu þannig að búðin verður full af fallegum kjólum fyrir jólin,“ segir Lára Jóna en tekur líka fram að Companys sé með mikið úrval af kjólum allt árið um kring.

„Leggingsbuxurnar eru enn mjög sterkar inni og alls kyns kjólar henta vel með þeim. Sami kjóllinn getur verið notaður spari með háhælaskóm og sokkabuxum og sem vinnuklæðnaður með leggings eða stígvélum. Þannig er hægt að auka notagildi einfaldra kjóla,“ bendir hún á og heldur áfram: „Við erum með kjóla með ermum og án og hnésídd er áberandi í vetur enda passar hún við hvaða tilefni sem er og bæði við sokkabuxur og leggings.“ Svarti liturinn er mest áberandi í rekkum Companys en það sem einkennir tísku vetrarins er að efnum er blandað saman að sögn Láru Jónu. „Í mörgum tilfellum er notuð blúnda eða siffon með til dæmis svörtu efni. Það skapar tilbreytingu og gerir fatnaðinn fjölbreytilegri. Svartir, einfaldir kjólar eru alltaf vinsælir en svo erum við líka með liti svo sem fjólublátt, silfurgrátt og vínrautt sem er nauðsynlegt til að lífga upp á samkvæmin.“



„Það er auðvelt að auka notagildi einfaldra kjóla,“ segir Lára Jóna, sem hér sést ásamt Höllu Rut Sveinbjörnsdóttur, verslunarstjóra Companys. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fatanúmerin í Companys eru allt frá 32 upp í 46 og Lára Jóna segir sniðin þannig að margir kjólanna henti hvaða týpum sem er. „Hér er svo mikil breidd bæði í stíl og stærðum,“ tekur hún fram.

Það eru einkum dönsk merki sem Companys er með, In Wear, Part Two, Saint Tropez, Soaked in Luxury og Design Remix, svo dæmi séu tekin. Lára Jóna segir kjólana til í ýmsum verðflokkum. „Við erum með mjög gott verð sem flestir eru að leita að núna,“ segir hún.

Lára Jóna nefnir líka að með einföldum kjólum sé fallegt að bera hálsmen af einhverju tagi og segir mikið um gróf hálsmen og flott armbönd um þessar mundir. „Þau eru flott við kjólana og poppa þá aðeins upp.“






# Svört blúnda vinsæl í vetur

**Jólakjólarnir streyma nú inn í verslanir Zöru, bæði í Kringlu og Smáralind. Fjölbreytni er ráðandi í sniðum og gerðum og þótt svarti liturinn sé ríkjandi eru aðrir glaðlegri inni á milli.**


**„Það ættu allar að geta fundið kjóla við sitt hæfi því ekkert eitt er í gangi heldur fjölmargt,“ segir Jóna Dóra verslunarstjóri í Zöru.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við erum með sæta kjóla í vinnuna og líka spari,“ segir Jóna Dóra Ásgeirsdóttir, verslunarstjóri í Zöru og nefnir kjóla fyrir ólíkan aldur, allt frá ungu stúlkunni sem er ekki lengur í barnadeild – og upp úr. „Við erum með klassíska kjóla sem ganga alltaf því sumar vilja bara svarta, einfalda kokteilkjóla en svo erum við líka með það sem er í tískublöðunum í dag. Það ættu allar að geta fundið kjóla við sitt hæfi því ekkert eitt er í gangi heldur fjölmargt,“ heldur hún áfram.

En hvað skyldi helst vera í tísku núna? „Svarti liturinn er áberandi í vetur,“ svarar hún. „Svört blúnda til dæmis. Sumir kjólar eru allir úr fóðraðri blúndu og í sumum tilfellum er toppstykkið blúnda en pilsið úr siffoni og varla þarf að taka fram að kjólarnir eru fóðraðir. Ég er líka með kjóla úr bómull að öllu leyti nema hvað bakið er blúnda.“

Hlýralausir kjólar eru vinsælir og líka kjólar með hlýra yfir aðra öxlina en skyldu engir vera með ermum? „Jú, það er ekki vandamál,“ svarar verslunarstjórinn glaðlega. „Bæði stuttum ermum og löngum. Við erum til dæmis með rosa flotta blúndukjóla með síðum ermum.“

Þó að svart sé afgerandi er auðvitað fleira í boði því fallegir litir eru með, til dæmis blár og fjólublár. „Svo kemur alltaf eitthvað gyllt fyrir jólin, sparilegt og hátíðlegt,“ tekur Jóna Dóra fram.

Ein ný gerð kjóla er komin í Zöru sem lítur út eins og pils og blússa. Jóna Dóra lýsir henni svo: „Há pils eru vinsæl í vetur og nú hafa verið gerðir kjólar sem líta út eins og há pils og einföld blússa en er samt ein flík. Mjög flott.“

Zara er spænskt fyrirtæki þannig að fötin koma öll frá Spáni og Jóna Dóra segir sama úrval í Kringlunni og Smáralind í langflestum tilfellum. Stærðirnar eru frá XSmall upp í XLarge. Það samsvarar númerunum frá 8 til 16 – eða 34 til 44. Sniðin eru fjölbreytt og henta alls konar vexti að hennar sögn. Verðið er frá 5.900 upp í 12.900. „Þú færð virkilega flottan kjól undir tíu þúsund kalli,“ fullyrðir hún sannfærandi.



# Í kapp við jólaljósin

Um jólin vilja allir skarta sínu fegursta og vera sparilegri en allt árið um kring. Bæði vegna þess að það er gaman að vera í takt við jólatréð og jólaskrautið, glitra í fallegum kertabjarma og spegla sig í jólatrénu en líka af því að pallíettur og ísaumaðir skrautsteinar eru það allra heitasta í haust og vetur. Pallíetturnar eru reyndar ekki bara bundnar við hlaðborðin og árshátíðirnar heldur hefur í haust verið leyfilegt að vera í pallíettum við hvað sem er, útsaumuð pallíettustígvél þykja til dæmis mjög við hæfi og einnig treflar, vesti og stuttbuxur með pallíettum, ýmist úr pallíettuefnum eða með nettum mynstrum hingað og þangað.

Pallíetturnar eru ekki bara þessar hefðbundnu kringlóttu heldur líka ferkantaðar og ílangar flísar af spegilgjáandi skrauti. Semelíusteinarnir eru ekki eins þétt saumaðir í og áður heldur eru munstrin meira afgerandi og hver einstakur steinn fær að njóta sín. Það ætti því að vera flestum kappsmál að glitra í kapp við ljós og skreytingar þessi jólin.

*-bb*



Idolstjarnan Kelly Clarkson tekur sig vel út í smekklega semelíuskreyttum stuttkjól.



Ekki eru allar pallíettur kringlóttar heldur geta þær líka verið ferkantaðar og ílangar eins og flísar.





Í haust hefur verið leyfilegt að klæðast pallíettum við hvað sem er.



Pallíettur geta glitrað fallega eins og hreinustu gersemar.

# Klassískt á upp á pallborðið

**Stuttir kjólar eru vinsælir í ár og sömuleiðis stílhreinir, að sögn Sigríðar Hafdísar Runólfsdóttur, verslunarstjóra Next.**

Jólakjólarnir streyma nú inn í verslunina Next í Kringlunni. „Við erum að fá inn heilmikið af sparikjólum fyrir jólin. Þessir sígildu kjólar eru engu að síður alltaf eftirsóttir hjá okkur líka,“ segir Sigríður Hafdís Runólfsdóttir, verslunarstjóri Next.

„Stílhreinir kjólar eru vinsælir um þessar mundir, enda auðvelt að dressa þá upp og niður eftir aðstæðum,“ segir Hafdís og lýsir þeim með eftirfarandi hætti: „Sniðið er einfalt og kjólarnir stílhreinir, nokkuð þröngir, ermalausir, með hlýrum og stundum stuttum ermum. Yfirleitt eru þeir einlitir eða nánast einlitir með örlitlu mynstri. Fyrir jól er mikið um dökka liti, svarta og bleikfjólubláa tóna.“

Hún bendir á að Next hafi einnig borist sending af peysukjólum. „Við erum líka með dálítið af mussum því að þær eru alltaf vinsælar, og svo síða boli,“ segir hún og bætir við að meira sé um litagleði í mussunum en sparikjólunum. „Next er náttúrulega bresk fatakeðja og allt sem í búðinni fæst er í takt við breska tísku í dag.“

Þá kveður Hafdís stutta kjóla eftirsótta í ár. „Við erum með kjóla sem eru mjög stuttir. Yfirleitt eru þeir fyrir ofan hné. Einstaka kjólar eru hnésíðir,“ segir Hafdís og bendir á að þótt kjólarnir séu stuttir og skvísulegir henti þeir konum á öllum aldri, allt frá unglingsstúlkum og upp úr, og séu á góðu verði. Í versluninni sé þar að auki að finna sérstaka kjóladeild fyrir litlar skvísur.



Sigríður Hafdís Runólfsdóttir, verslunarstjóri Next, segir íslenskar konur kjósa sígilda kjóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**● Í STÆRRI STÆRÐUM** Margar konur eru hræddar við jólakjólana, noti þær ekki stærðir 34-40. Það er hins vegar mikill misskilningur að kjólar fari ekki konum sem nota stærri stærðir. Nú fyrir jólin eru hlýralausir kjólar, með góðri brjóstalínu sem falla frjálslega niður á hné eða eru í ökklasídd, mjög vinsælir. Þetta snið mótar líkamann án þess að þrengja að honum; þannig að fela má fellingar líkamans, sem gera mörgum konum lífið leitt en eru að sjálfsögðu bara hluti af fallegum líkama. Það eru ekki allir líkamar eins. Þetta snið dregur oft fram hið besta hjá konum sem nota stærri stærðir en 40. Ermar er oft fallegar með.



# Rokkaðir fylgihlutir í bland við fínlegt satín

**Konur vilja nýja kjóla fyrir þessi jól, segir Ruth Einarsdóttir, verslunarstjóri Vero Moda. Pallíettur ráða ríkjum í kjólatískunni auk satínkjóla í silfurlitu, svörtu, fjólubláu og bláu.**



**Ruth segir fjólubláa litinn vinsælan en auk þess eru pallíettur, satínefni og rokkaðir fylgihlutir í tísku um þessar mundir.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Pallíettur eru mjög áberandi fyrir þessi jól en einnig fínlegir kjólar úr satínefni,“ segir Ruth Einarsdóttir, verslunarstjóri Vero Moda í Kringlunni, um það sem hæst ber í kjólatískunni um þessar mundir.

Litirnir sem eru vinsælastir eru svartur, silfurlitur, fjólublár og blár að sögn Ruthar. Hún telur áberandi að konur vilji gera vel við sig og kaupa sér nýjan kjól fyrir þessi jól. Þá sé gott að gera það í Vero Moda þar sem verðið á kjólunum er hagstætt að hennar mati.

„Mikið er um að mittislína kjólanna sé há og oft eru notuð belti við þá,“ segir Ruth og bendir á að beltaúrvalið í versluninni sé mjög gott og töluvert um að belti séu fallega skreytt pallíettum eða silfurlitum göddum.

Kjólarnir eru yfirleitt stuttir, faldurinn rétt fyrir ofan hné. Við þá kjóla segir Ruth að konur séu í þykkum leggings og fallegum skóm. „Við erum með eitthvað af skóm, til dæmis rokkaða bandaskó með hæl sem eru mjög vinsælir. Þeir eru í sesarstíl, opnir í tána með þykku hælbandi, en við erum einnig með fallega lakkskó,“ segir hún og bætir við að tískan nú sé kvenleg en einnig nokkuð rokkuð. „Til dæmis er mikið til af grófu og rokkuðu skarti,“ segir hún, sem bæði ungar og eldri konur heillist af.

Viðskiptavinir Vero Moda eru á öllum aldri. „Við erum með merkin Only, Vero Moda, Pieces og Object, þannig að hér versla allt frá táningsstúlkum og upp í eldri konur. Ég er með fastakúnna sem eru vel yfir sjötugt,“ áréttir Ruth. Yfir kjólana fá konur sér síðan í miklum mæli svokallaða bólerópeysu eða -jakka sem bæði eru til síðerma og hálferma.

# Púffermar og rykkt pils

Þriðju tískuvikunni í Djakarta, höfuðborg Indónesíu, lauk í síðustu viku. Hún stóð yfir í átta daga og er þegar orðin einn stærsti tískuviðburður ársins þar í landi. Þegar litið er yfir sviðið má glöggt sjá að þrátt fyrir fjarlægðina við okkur Vesturlandabúana eru tískustraumarnir alls ekki svo frábrugðnir því sem við eigum að venjast bæði hvað varðar úrval í verslunum og hjá íslenskum hönnuðum. Á sýningunni var mikið um púffermar og rykkt pils auk þess sem fjólublái liturinn var ríkjandi líkt og hér heima. Að þessu sinni urðu þó jólalitirnir rauður, hvítur og grænn fyrir valinu. *- ve*



**Eins og jólabrjóstsykur.**



**Ekkert er nýtt undir sólinni og hafa púffermar átt vinsældum að fagna hér heima líkt og í Indónesíu.**



**Indónesíski hönnuðurinn Oka Diputra leikur sér með kunnuglegt form.**

NORDICPHOTOS/AFP



OBJECT
Annsop dress
7.990 kr.
fæst einnig svörtu og fjólubláu



ONLY
Sparkley party dress
8500 kr.



VERO MODA
Lovely new knee dress
7500 kr.
fæst einnig í svörtu



VERO MODA
Enya short dress
Verð 7690 kr.
fæst einnig í silfur og svörtu

VERO MODA®

NORDICPHOTOS/AFP



Áhersla var ekki síður lögð á fagra fylgihluti en kjóla, svo sem eyrnalokka og hárskraut.



Svart og gyllt. Fyrirsæta sýnir fallega mynstraðа sjal.



Óhætt er að segja að í engu hafi verið til sparað við gerð kjólanna, eins og sést af þessum brúðarkjól.

# Gyðjur og glæsileiki



Öllu var tjaldað til á tískusýningu í Kolombó, höfuðborg Srí Lanka, á dögunum. Tilgangurinn með sýningunni var, fyrir utan að sýna allt það nýjasta í innlendri hönnun, að safna í sjóð til styrktar hermönnum stjórnarhers Srí Lanka sem særðust eða fjölskyldna þeirra sem létust í átökum við uppreisnarmenn Tamíl-tígra í norðurhluta landsins. Þeim lauk með uppgjöf uppreisnarmannanna í maí á þessu ári.

*- rve*

# Prinsessulegir pallíettu-kjólar eftirsóttir fyrir jól

**Pallíettukjólar njóta vinsælda í vetur. Kemur sér vel, segir Eva Pálsdóttir, verslunarstjóri Vila, þar sem fátt sé fegurra en glitrandi gersemar um jólin.**



**Evu Pálsdóttur, verslunarstjóra Vila, finnst það mikið gleðiefni að pallíettukjólar skuli vera komnir í tísku fyrir jól.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Ætli það séu ekki einna helst silfruðu, gylltu og svörtu pallíettukjólarnir," segir Eva Pálsdóttir, verslunarstjóri Vila í Smáralind, beðin um að lýsa því hvers konar kjóla konur kaupi einna helst fyrir þessi jól og áramót. Eva kann enga skýringu á vinsældum pallíettukjóla aðra en þá að þeir komist reglulega í tísku. Eiginlega sé það hálfgerð heppni að það skuli bera upp rétt fyrir jól, þar sem slíkir kjólar – jafn skrautlegir og þeir geta verið – henti vel við hátíðleg tækifæri.

Þá segir Eva kjóla í rokkaðri kantinum eftirsótta en af þeim fæst gott úrval í Vila. „Þá á ég til dæmis við stutta pallíettukjóla í alls kyns litum, sem ná niður á hné," útskýrir hún og bætir við að þrátt fyrir gott litaúrval gangi svartur best í íslenskar konur.

Eva bendir á að stílhreinir kjólar séu líka í boði. „Þessir svörtu sem henta við öll tækifæri. Slíkur kjóll og leggings er kjörin samsetning við hversdagsleg tilefni. Svartur kjóll, háir hælar og fallegar sokkabuxur við klikka hins vegar ekki á fínni uppákomum."

Hún tekur fram að við kjólana fáist fullt af fylgihlutum í búðinni. Nefnir til sögunnar skartgripi, golftreyjur og hlýra- og blúnduboli undir kjóla. „Þeir eru heitir núna og hafa sést á öllum sýningarpöllum."

Eva bætir við að konur á öllum aldri ættu að finna eitthvað við sitt hæfi og tekur fram að kjólarnir kosti flestir um eða undir 10.000 krónum.



**● JAPANSKI ÞJÓÐBÚNINGURINN** Hinn japanski kimono kemur okkur fyrir sjónir eins og hálfgerður kjóll þótt kufl væri líklega réttara orð. Japanar hafa gengið í kimono í rúm 1.200 ár. Í byrjun þótti hann praktískur, hentaði í öllum veðrum og japönsk alþýða gat klæðst mörgum lögum undir honum. Seinna notuðu Japanar kimono til að aðgreina fólk eftir þjóðfélagsstéttum. Á Kamakura-tímabilinu 1192 til 1338 klæddust karlar sem konur kimono. Stríðandi aðilar áttu líka sína eigin einkennisliti og stundum voru orrustur samúraja eins og tískusýningar á að líta. Á Meiji-tímabilinu 1868-1912 hvöttu stjórnvöld landsmenn til að klæða sig að vestrænum sið. Þeim fækkaði því smám saman sem klæddust kimono. Nú er hann helst notaður sem viðhafnarbúningur í giftingum og því um líku.





Ditto er þekkt fyrir að stíga villtan dans á tónleikum. NORDICPHOTOS/AFP

# Djarfur fatasmekkur Ditto

Hún er ekki síður djörf í fatavali en framkomu bandaríska söngkonan Beth Ditto sem tróð upp í þessum litskrúðuga kjól á tónleikum hljómsveitarinnar Gossip í Köln á dögunum.

Söngkonan hefur löngum verið þekkt fyrir fríkaðan fatasmekk og sendi fyrr á árinu frá sér eigin fatalínu fyrir konur yfir kjörþyngd sem ber þess skýr merki. Fatalínuna vann hún í samstarfi við Evans og samanstendur hún af þröngum, mynstruðum kjólum, stuttum, aðsniðnum jökkum og mynstruðum hálsklútum og var seld á Netinu í Bretlandi.

Sjálf segist Ditto einna helst hallast að stjórnlausum lífsstíl pönkara, og hefur reynt að endurspegla það með klæðaburði sínum eins og sést ágætlega á meðfylgjandi mynd. *- rve*



Natalie Portman og Toby Maguire fara með aðalhlutverkin í kvikmyndinni Brothers. Hér mæta þau á frumsýningu myndarinnar í New York fyrir skemmstu. NORDICPHOTOS/AFP

# Í bláu dressi á rauða dreglinum

Leikkonan Natalie Portman tók sig vel út þegar hún mætti í þessum kóngabláa kjól frá Grimace á frumsýningu kvikmyndarinnar Brothers í New York fyrr í vikunni.

Fjölmenni mætti á viðburðinn, þar á meðal meðleikari Portman úr Brothers, Toby Maguire sem er mörgum að góðu kunnur úr kvikmyndunum um Köngulóarmanninn. Portman þótti hins vegar bera af í sínum stutta og hlýralausa bláa kjól, sem ásamt fjólubláum er einn vinsælasti liturinn í vetur, og hafa ýmsar stjörnur sést skarta honum á rauða dreglinum að undanförnu. *- rve*

# Mikið um dýrðir á nýrri mynd um tískukóng

Sannkallaður stjörnufans var á frumsýningu nýrrar heimildarmyndar um tískukónginn Valentino Garavani í Mílanó en hún kallast Valentino: The Last Emperor. Eins og vænta má heiðruðu margir hönnuðinn með því að klæðast einhverju eftir hann á meðan aðrir höfðu sína hentisemi.

Þannig klæddist ofurfyrirsætan Naomi Campbell yfirhöfn úr haustlínu Dolce & Gabbana sem vakti misjöfn viðbrögð viðstaddra. Einn gagnrýnenda lét til að mynda þau orð falla að í múnderingunni minnti Campbell helst á ísbjörn sem væri nýkominn af Norðurpólnum. Franska fyrirsætan Nadege du Bospertus hlaut öllu jákvæðari viðbrögð en hún mætti á sýninguna í stuttum svörtum kjól með veski í stíl. Ekki fylgir sögunni hver hannaði kjólinn. *- rve*





Breska fyrirsætan Naomi Campbell mætir til leiks ásamt kærastanum, auðkýfingnum Vladislav Doronin. Franska fyrirsætan Nadege du Bospertus á frumsýningu Valentino: The Last Emperor. NORDICPHOTOS/AFP




STAY APARTMENTS

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 35.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

HERB. TIL LEIGU MEÐ HÚSG.8-20FM. VERÐ FRÁ 35.000 Á MÁN. LEIGUTÍMI FRÁ EINNI VIKU EÐA LENGUR. SJÁ WWW.HOTELFLOKI.IS BJARNI S.660-7799.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Rúmott herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími. 863 6687

2ja herb.80fm íbúð Hraunbæ R.vík. Sérinng. Leiga kr. 115.000 m.hússjóð. S:8983420

3ja herb íbúð Hraunbæ R.vík. Sérinng. Leiga kr. 127.000 m. hússjóð. S:8983420

4ra herb.nýlegt raðhús á 2hæðum í Hraunbæ, Rvík. Leiga kr. 159.000. S:8983420

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Góð þriggja herbergja íbúð í 201 Kópavogi til leigu. Með húsgögnum og húsbúnaði. Aðeins reglusamir. 130 þús. Uppl. í síma 8425396

Stúdíóíbúð í Mörkinni / Vogahv. ca 40 fm. V. 56 þ. Eldri en 25 ára, barnlaus. F. reglus. einstakl. S. 898 7868 milli kl. 13-16.

**Hafnarfjörður!**
3-4. herb. björt íbúð í N-bæ. Stutt í skóla, leikskóla og þjónustu. Með eða án húsgagna. Einnig kemur til greina meðleigjanda. Uppl. í s. 697 8324

## Húsnæði óskast

Ekkill með þrjú börn óskar eftir 3-4 herb. íbúð í Árbæ (svæði 110), langtímaleiga,trygging fyrir leigu,reyklaus,ekkert áfengisvandamál eða svoleiðis,reglusemi,öruggar greiðslur. nánari uppl. 869 3290 Lárus

## Sumarbústaðir

Til leigu vel búnir 2-4 manna bústaðir, 55 km. frá Rvk. Heitur pottur. S. 663 2712.

## Atvinnuhúsnæði

Snyrtileg lítil skrifstofuherb. til leigu við Suðurlandsbraut. Gott útsýni. Uppl. í s. 899 3760.

ATH 70m2 nýlegt Iðnaðarbil í Garðabæ til leigu 85þ mán stór hurð, malbik 8927858

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Bílskúr

Óska eftir bílskúr til leigu, til að getað stúkað niður sem geymslu og fyrir páfagaukarækt. Uppl. í s. 562 5013 & 866 8112

## Gisting

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

1- 2 manna herb. í miðbæ Rvk. Verð frá 5000 kr. nóttin. Gistiheimilið Egilsborg s. 896 4661.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**FRAMTÍÐARSTARF - HÓTEL**
Hótel á höfuðborgarsvæðinu auglýsir eftir starfsmanni í gestamóttöku

**Starfslýsing:**
Almenn gestamóttökustörf. Bókanir og umsjón með vef hótelsins og bókunarvél, tilboðsgerðir og samskipti við kaupendur. Önnur sérverkefni.

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af sambærilegum störfum. Menntun æskileg af viðskipta-ferðabraut Tölvukunnátta skilyrði

**Um er að ræða vaktavinnu !**

**Umsóknir sendist á:** thjonusta@365.is ásamt ferilskrá, farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir að ráða vaktstjóra og manneskju í fullt starf. Unnið er 15 vaktir í mánuði. Ekki yngri en 20 ára. Íslensku kunnáttu skilyrði.**
**Umsóknir á www.nings.is**

**Nonnabiti**
**Duglega starfskrafta vantar til starfa á Nonnabitum. Reyklaus og þarf að geta unnið undir álagi. Ekki yngra en 20.ára Uppl. á staðnum eða í s. 898 5956.**

**STÖRF.IS**
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnuauglýsinga. Leitin hefst hjá okkur.

Pylsuvagninn í Laugardal óskar eftir starfsmanni í hlutastarfi. Lágmarksaldur er 18 ára. Áhugasamir sendi umsókn á pylsuvagninn@gmail.com

## Atvinna óskast

38 ára kona leitar að vinnu fram að jólum/áramótum. Góð reynsla af verslunar og þjónustustörfum. Með meirapróf. Uppl. í síma 848-3553

Vanur sölumaður óskar eftir atvinnu. Margra ára reynsla. Legg áherslu á árangur í starfi, samviskusemi og trúmennsku. S. 690 2788, tk@mi.is

## Viðskiptatækifæri



**Afslöppun, Upplyfting, Endurnæring... -á aðeins 10-20 mínútum!**

**Slakið á í nokkrar mínútur án þess að fara úr fötum. Bætið við frábæru vatnsnuddtæki í líf ykkar til þess að bæta heilsuna. Hentar vel á hótelum, líkamsræktarstöðvum, hnykkjurum, baðstofum ,heimilið eða byrið með ykkar eigið fyrirtæki. Sérstakt kynningar verð á meðan birgðir endast 2.900.000 án VSK. Örfá tæki til á lager Ný tæki kosta frá 5.400.000. Frekari uppl. Sími 897-4305 halldoringi@visir.is**

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Jólakonukvöld Kvennadeild Gusts býður til jólaskemmtunar 2. des. Í salnum á efri hæð reiðhallarinnar. Húsið opnar klukkan 19:30 en dagskrá kvöldsins hefst klukkan 20:00, frítt inn. Frábær skemmtiatriði - Lára Rúnarsdóttir - Óskar Pétursson - Helgi Björns - Edda Björgvinsdóttir - les uppúr bók Flosa Happadrætti.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)



Samkynhn. KK ath: Nú er mikið af nýjum auglýsingum samkynhn. KK á Rauða Torginu Stefnumót. Þú auglýsir og vitjar skilaboða frítt í s. 535-9923 en hlustar á auglýsingar í s. 905-2000 (símatorg) eða 535-9920 (kreditkort)



Leitar þú ævintýra? Rauða Torgið Stefnumót hefur í ríflega 10 ár staðið vaktina fyrir fólk í ævintýraleit og nú er mikið af nýjum auglýsingum. Þú auglýsir og vitjar skilaboða frítt í síma 535-9923 (konur: 555-4321) en hlustar á auglýsingar í s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort) (konur hlusta frítt í s. 555-4321). Góða skemmtun.




## Fasteignir

**EIGNAMIÐLUN** Reykjavík



Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Frá 1957
*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

**Skrifstofuhúsnæði óskast**
**– æskileg stærð 2000 fm**

Traust fyrirtæki óskar eftir 2000 fm skrifstofuhúsnæði í Reykjavík (Reykjavíkursvæðinu) til leigu eða kaups. Góð aðkoma og góð bílastæði æskileg. Heil húseign kæmi vel til greina. Staðgreiðsla eða bankatrygging.

**Allar nánari uppl. veitir Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali.**

**2ja-3ja herb. íbúð í 101**
**með sjávarútsýni óskast – staðgreiðsla**

Traustur kaupandi óskar eftir 2ja-3ja herb. íbúð með góðu sjávarútsýni í 101.Staðgreiðsla í boði.

**Allar nánari uppl. veitir Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali.**

FASTEIGNASALAN **GIMLI** 570 4800
Árni Stefánsson, lögg. fasteignasali
Grensásvegi 13, 2. hæð - 108 Reykjavík - Sími 570 4800

**HÁTÚN - ÁLFTANESI**



Fallegt og vel við haldið 223 fm einbýlishús á einni hæð auk ca 30 fm millilofts á fallegum stað á Álftanesinu. Fjögur svefnherbergi og tvær til þrjár stofur. Fallegar innréttingar. Stór og falleg lóð. Bílskúr fullbúinn (góður fyrir plássfrekt hobbý, milliloft ca 16 fm og kjallari 24 fm). Að auki er 60 fm opið bílskýli við húsið.
**Allar nánari uppl. gefur Sveinbjörn s. 892-2916**

## Fasteignir

**Háalind 16**
201 Kópavogur
Fallegt parhús á 2 hæðum

**Stærð: 207,2 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 2000**
**Brunabótamat: 39.650.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Bær








**Opið hús í dag 26.11.09 kl.17:30-18:30**

**Verð: 49.900.000**

SKIPTI MÖGULEG Á MINNI EIGN.
Fallegt parhús á 2 hæðum með 4 svefnherbergjum.
Efri hæð: bílskúr, forstofa, svefnherbergi, gestabað, eldhús, stofa og svalir
Neðri hæð: 3 svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og sjónvarpshol.
Húsið er vandað og allar innréttingar sérsmíðaðar.
Vel staðsett hús í barnvænu hverfi, Lindaskóli, 2 leikskólar og sundlaug í göngufæri.

Ásdís Ósk
Lögg. fasteignasali
**863 0402**
asdis@remax.is



**Auglýsingasími**
**512 50 50**




– Mest lesið


JÓLABAKSTUR
KEX smiðjan
Vanillufingur
Dísudraumur
Dropakökur
Blúndukökur
Hálfmánar
Kókos & Appelsínukökur
Kókostoppar
Súkkulaðibita-kökur
KEX smiðjan
GLEÐILEGA HÁTÍÐ



*Þökkum auðsýnda samúð við andlát ástkærrar móður minnar, tengdamóður og ömmu,*

**Rannveigar Þórarinsdóttur**

frá Þernuvík.

Starfsfólk Vífilsstaða fær sérstakar þakkir fyrir einstaklega góða umönnun og hlýlegt viðmót.

**Dóra Halldórsdóttir Haraldur Arngrímsson**
**Rannveig Alda Haraldsdóttir**
**Auðna Margrét Haraldsdóttir**

---



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,*

**Halldór Einarsson**

ljósmyndari og hljóðfæraleikari,

lést á Grund laugardaginn 21. nóvember 2009. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni þann 27. nóvember nk. kl. 15.

**Steinþóra Þórisdóttir**
**Halldóra Halldórsdóttir Adler Jeremy Adler**
**Anna Birna Halldórsdóttir**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Guðleif Helgadóttir**

áður til heimilis að Byggðarholti 29, Mosfellsbæ,

lést á Hrafnistu Víðinesi hinn 18. nóvember. Hún verður jarðsungin frá Lágafellskirkju klukkan 13.00, fimmtudaginn 26. nóvember.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Hallgrímur Greipsson Eli Paulsen**
**Kristján Greipsson Borghildur Ragnarsdóttir**
**Guðbjörg Greipsdóttir**
**Pálína Lórenz**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,*

**Hilmar Júlíusson**

lögreglumaður í Ólafsvík,

lést þann 19. nóvember á Sjúkrahúsi Akraness. Hann verður jarðsunginn frá Ólafsvíkurkirkju föstudaginn 27. nóvember kl. 13.00. Blessuð sé minning hans.

**Egill Hilmar Jensson**
**Sigríður Ragna Hilmarsdóttir Viktor Már Melsen**
**Steinunn Brynja Hilmarsdóttir Björgvin Sigursteinsson**
**Jón Júlíusson**
**barnabörn og systkini.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Ástvaldur Hólm Arason**

frá Borg á Mýrum, A-Skaftafellssýslu, til heimilis Brekkubyggð 18, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, föstudaginn 20. nóvember. Útförin fer fram frá Garðakirkju föstudaginn 27. nóvember kl. 11.00.

**Sigríður Hera Ottósdóttir**
**Bergdís Lilja Kristinsdóttir Paul Graham John Paul**
**Halla Kristín Guðlaugsdóttir Gísli Örn Arnarson**
**og barnabörn.**

---



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Arnmundur Jónasson**

Mávabergi, Bakkafirði,

lést föstudaginn 20. nóvember. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 1. desember kl. 13.00.

**Guðmundur Konráð Arnmundsson Erna Sigurjónsdóttir**
**Ólöf Kristín Arnmundsdóttir**
**Ingveldur Rut Arnmundsdóttir Þröstur Júlíusson**
**Jónas Arnmundsson Sólrún Unnur Harðardóttir**
**Ása Karítas Arnmundsdóttir Birgir Þór Búason**
**Svanhildur Arnmundsdóttir Guðmundur Heimir Sveinbjörnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Halldórs Guðnasonar**

**Guðný I. Hjartardóttir**
**Guðrún Halldórsdóttir Pétur Haraldsson**
**Kristín Halldórsdóttir Haukur Sigurðsson**
**Guðni Halldórsson Hildur Mikkaelsdóttir**
**Sæmundur Halldórsson Henný Bára Gestsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elín Guðjónsdóttir**

áður Tjarnarbraut 25, Hafnarfirði,

lést að Hrafnistu, Reykjavík mánudaginn 23. nóvember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Sveinn Magnússon Kristín Bragadóttir**
**Margrét Sesselja Magnúsdóttir Ólafur Emilsson**
**Ingibjörg Magnúsdóttir Einar Ólafsson**
**Elín Magnúsdóttir Garðar Briem**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Elskulegur tengdafaðir minn, afi okkar og langafi,*

**Guðmundur Ragnar Árnason**

lést á heimili sínu að Hrafnistu í Reykjavík mánudaginn 23. nóvember.

**Dagný Björk Þorgeirsdóttir**
**Sólrún Guðjónsdóttir**
**Svava Hrund Guðjónsdóttir Sigurður Halldór Sævarsson**
**Mjöll Guðjónsdóttir**
**Guðmundur Ingþór Guðjónsson Anna María Þórðardóttir**
**og barnabarnabörn.**

---



*Þökkum öllum þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför*

**Antons V. Jónssonar**

Blessuð sé minning hans.

**Guðrún, Davíð, Fjóla og systkinabörn.**

---

**TINA TURNER ER SJÖTUG Í DAG.**

*„Ég þekki muninn á svartagaldri og hvítagaldri."*

***Tina Turner hefur í nærri fimmtíu ár verið ein skærasta stjarna poppheimsins.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**RITHÖFUNDUR OG LÖGFRÆÐINGUR** Barnabókaskrifin hófust með sögustund Skúla og barnabarns hans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**MÁLSTAÐUR:** GEFUR ÚT FYRSTU BÓKINA

## Fjölskylduútgáfa

Málstaður er nafn á nýrri íslenskri bókaútgáfu. Fyrir þessi jól kemur út barnabókin Úlfur, Uggi og Skuggi í ævintýraferð sem birtist samtímis á Íslandi og í Svíþjóð.

„Það var nú þannig að þessi bók kom undir óvart ef við getum orðað það þannig," segir Skúli Bjarnason, hæstaréttarlögmaður og höfundur bókarinnar, en bæði útgáfan og fyrsta bókin sem þar kemur út eru sprottin af sögustundum Skúla með afabarni sínu. „Þar sem strákurinn var í Svíþjóð en ég hérna á Íslandi ákvað ég að skrá eina söguna og senda út af því að strákurinn var farinn að lesa. Nú er hún komin á þrykk en það stóð alls ekki til í byrjun," segir Skúli. Sigríður Lillý Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar og kona Skúla, myndskreytir bókina en Skúli getur þess að börn þeirra hjóna hafi hvatt þau til að halda á þessar brautir. Dóttir þeirra, Erla Skúladóttir, mun þýða yfir á sænsku.

Nafn bókaútgáfunnar, Málstaður, er engin tilviljun því útgáfan mun hverju sinni styðja verðugan málstað. Um og eftir næstu jól munu hundrað krónur af hverri seldri bók Málstaðar renna til íslensku hjálparsamtakanna Enza, sem starfa í Mbkweni í Suður-Afríku og hjálpa þar barnshafandi konum sem þurfa að gefa barn sitt frá sér vegna fátæktar eða útskúfunar.

Úlfur, Uggi og Skuggi í ævintýraferð fjallar um þrjá úlfastráka í Svíþjóð þar sem þeir hafa komið sér notalega fyrir í yfirgefnum holum kletti. Þeir bregða sér í bæjarferð á lengsta degi ársins, lenda í æsilegum eltingaleik og enda óvænt í kaffiboði hjá lögreglunni. „Hugmyndin er að gefa út meira af þessum karakterum og láta þessa ágætu úlfadrengi þvælast svolítið um Norðurlönd. Við erum áhugafólk um að efla samnorræna vitund hjá krökkum. Aftast í bókinni verða svo upplýsingasíður með fróðleik sem tengist því sem fjallað er um í bókinni. En það þarf í raun að snúa bókinni við til að skoða þær," segir Skúli. „En til að íþyngja ekki krökkum með allt of miklum fróðleik förum við þessa leið. Það vill oft brenna við að bækur verði leiðinlegar, fróðleikurinn má ekki skaða frásögnina." segir Skúli að lokum.

---



*Móðir okkar,*

**Sigríður Gísladóttir**

frá Skógargerði, til heimilis að Árskógum 6,

lést þriðjudaginn 17. nóvember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 27. nóvember klukkan 15.00.

**Smári Hermannsson Ásdís Elfa Jónsdóttir**
**Dagný Hermannsdóttir**
**Hermann Hermannsson Sigríður Guðmundsdóttir**
**Gísli Hermannsson Margrét Kristjánsdóttir**
**Ragnheiður Hermannsdóttir Hugo Þórisson**
**Stefán Hermannsson Arnfríður Einarsdóttir**
**Ívar Ásgeirsson Þórunn Árnadóttir**
**og fjölskyldur.**




# NÝ HUGSUN Í HEILSUDÝNUM Á JÓLATILBOÐI

mediline+

Heilsudýnurnar eru hannaðar með það að leiðarljósi að hægt sé að mæta kröfum ólíkra einstaklinga, sem geta samt notað sameiginlega heilsudýnu. **Nýjir möguleikar sem hafa ekki verið í boði áður.**




Vaxtalaus lán í allt að 6 mánuði VISA









Mikið úrval af rúmum

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504 **Opið virka daga: 10-18 og laugard.: 11-16**




# Sannfæringarskorturinn

**BAKÞANKAR**
**Dr. Gunna**

Mig skortir sannfæringu. Ég get aldrei verið alveg hundrað prósent viss um eitthvað. Jú, jú, hvernig læt ég. Hitler hafði rangt fyrir sér, íslenska fjármálaútrásin var geðveiki og Bítlarnir eru betri en Stóns. En ég meina, svona í sambandi við málefni sem er búið að vera að tönglast á hérna árum saman: Ég get aldrei komist á einhverja skoðun og verið alveg rosalega ákveðinn á henni. Ég get ekki einu sinni kosið sama flokkinn aftur og aftur.



**ÉG HELD** að margir – gott ef ekki flestir – landsmenn séu svona. Og svo eyðum við tímanum í að hlusta á fólk sem er sannfært í skoðunum sínum. Fyrst á einn sem hefur eina skoðun og svo á annan sem hefur aðra skoðun. Þó oftast á þá báða í einu því þeir geta sjaldnast þagað á meðan hinn talar. Og þetta fólk skiptir aldrei um skoðun af því það er svo rosalega með allt á hreinu.

**SVONA** var þetta með Kárahnjúka. Það var nú ekki röflað neitt smá um það helvíti á sínum tíma. Sama hvað ég rembdist við að hafa upplýsta skoðun um málið þá gat ég bara alltaf skilið bæði sjónarmiðin. Skildi alveg fólkið sem vildi endilega fá fasta vinnu í verksmiðju, sem var svaka umhverfisvæn. Að minnsta kosti miðað við kolabræðslur í svörtustu Afríku. Og ég skildi líka fólkið sem vildi ekki leggja ósnortið land undir forljóta reykspúandi blikkdósagerð. Þó þetta væri ekkert sérstakt land fyrr en daginn áður en átti að eyðileggja það. Ég var alltaf fiftí fiftí sannfærður. Og ég átti alltaf í vandræðum með þetta. Fannst ekki alveg nógu töff að geta ekki verið viss. Las Draumalandið en allt kom fyrir ekki. Ég sé mig komast í sömu valþröngina þegar farið verður að röfla um Evrópusambandið og hvort við eigum að ganga í það. Og allt hitt kjaftæðið sem er ætlast til að ég hafi skoðun á.

**AUÐVITAÐ** þykir mest töff að vera alveg rosalega viss. Helst á maður að vera svaka reiður líka. Því mest töff eru þeir sem eru alltaf svaka reiðir og svaka vissir og í stanslausum baráttuhug fyrir því sem þeir eru vissir um. Það er annaðhvort eitthvað að þessu fólki eða að mér fyrir að skorta sannfæringu. Mér finnst bara svo asnalegt að vera reiður. Sérstaklega á almannafæri.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




DESEMBER
TILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
WINDOWS 7
MEÐ ÖLLUM NÝJUM FARTÖLVUM
9.990
UPPFÆRSLA
14.900
TIL AFGREIÐSLU STRAX
500GB
LACIE HARÐDISK FLAKKARI
14.900
1TB
LACIE HARÐDISK FLAKKARI
19.900
4
BLAÐSÍÐUR
STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM
HVERGI BETRA VERÐ
SPILARI
MARGMIÐLUNARSPILARI
TENGIST USB FLAKKARA
720P UPSCALING
9.990
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

# nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*



TILBOÐ

LAMBALÆRI
FROSIÐ
**1.198** kr/kg

# *Frábært verð!*

**LAMBAFILLET**
M/FITU, FROSIÐ
TILBOÐ

**2.998** kr/kg

**HAMBORGARAHRYGGUR**
44% afsláttur

**798** kr/kg
áður 1.425 kr/kg

**BAYONNESKINKA**
53% afsláttur

**898** kr/kg
áður 1.898 kr/kg
KJÖTSEL

**HANGIFRAMPARTUR**
SAGAÐUR
TILBOÐ

**834** kr/kg
áður 1.198 kr/kg
KEA

**LAMBALÆRI**
KRYDDAÐ, FERSKT
48% afsláttur

**798** kr/kg
áður 1.425 kr/kg

**COOP HRÍSGRJÓN**
F/ÖRBYLGJUOFN
51% afsláttur

**89** kr/pk.
áður 179 kr/pk.

**COOP KJÚKLINGASÚPA**
400g
50% afsláttur

**49** kr/stk.
áður 98 kr/stk.

**GREENS JELLY 2x35g**
RED EÐA ORANGE
ÓDÝRT

**99** kr/pk.

**FÓTBOLTAMYNDIRNAR**
FÁST HJÁ OKKUR



**GREENS KÖKUMIX**
ÝMSAR TEG.
50% afsláttur


**99** kr/pk.
áður 198 kr/pk.

**KLEMENTÍNUR**
Í LAUSU
50% afsláttur

**149** kr/kg
áður 298 kr/kg

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

www.markhonnun.is






## JÓLAPAPPÍR
6m

**379** kr/stk.

## GILLE PIPARKÖKUHJÖRTU Í PAKKA
-TIL AÐ SKREYTA

**198** kr/pk.

# Glæsileg tilboð!

## GILLE PIPARKÖKUR
Í POKA




**199** kr/pk.

## PAKKAKRAUT
ÝMSAR TEG.




**359** kr/pk.

## JÓLASTJARNA
M/LJÓSI, 60 cm




**1.890** kr/pk.

## HÖFUÐSKRAUT
ÝMSAR TEG.



**890** kr/stk.

## PIPARKÖKUR
500g, STÓR KASSI



TILBOÐ

**598** kr/pk.

## HILL KEX, CUSTARD CREAM
150g




**79** kr/pk.

## TOFFYPOPS TWIN
300g




**199** kr/pk.
áður 259 kr/pk.

## VISCOUNT MINT
14 stk.




**198** kr/pk.
áður 297 kr/pk.

## CALYPSO APPELSÍNUSAFI
200ml

50% afsláttur




**29** kr/stk.
áður 59 kr/stk.

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 26. - 29. nóvember eða meðan birgðir endast

! **ath. kl. 20.**
*Þá verður uppákoma í tengslum við sýninguna André Kértész Frakkland – landið mitt / Ma France. Boðið verður upp á ljóðalestur og tónleika. Sigurður Pálsson rithöfundur les upp ljóð í anda sýningarinnar og svo verður boðið upp á tónleika harmonikkutríósins Tríó Vadim Fedorov sem spilar franska musett- og valssveiflu í bland við heims- og djasstónlist. Auk harmonikkuleikarans Vadims Fedorov er tríóið skipað þeim Gunnari Hilmarssyni gítarleikara og Leifi Gunnarssyni á kontrabassa.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Ingólfur og fylgifiskar hans*



ReykjavíkurAkademían efnir til síðdegisumræðu í dag kl. 16 í húsnæði sínu við Hringbraut þar sem sérfræðingar halda áfram að bollaleggja um hvern hafi fyrstan rekið hingað norður. Lengi hefur staðið styr um kenningar sem verulega hafa hróflað við viðteknum hugmyndum um upphaf landnáms á Íslandi. Þessar kenningar hafa verið settar fram á grunni aldursgreiningar á kolefni, svokallaðrar C14 aðferðar. Nýlega birtist grein í Skírni eftir Pál Theódórsson eðlisfræðing þar sem hann heldur þessum hugmyndum á lofti og vakti hún nokkra athygli fjölmiðla og andmæli fræðimanna.

Kenningar um landnám Íslands, upphaf þess og framvindu byggjast á samleik margra fræðigreina. Enn virðist þó ekki vera almenn samstaða um hvernig nota beri C14-aðferðina í þessu samhengi.

Því blæs ReykjavíkurAkademían til umræðufundar um efnið í von um að bregða megi ljósi á vandann og leita leiða til að stilla saman krafta ólíkra fræðigreina. Þar mætir Páll Theódórsson eðlisfræðingur og heldur erindi um kenningar sínar. Eftirtaldir bregðast stuttlega við erindi hans: Árný Sveinbjörnsdóttir jarðfræðingur, Kristján Mímisson fornleifafræðingur, Viðar Pálsson sagnfræðingur og Þorsteinn Vilhjálmsson, eðlisfræðingur og vísindasagnfræðingur. Eftir kaffihlé sitja frummælendur í pallborði og er vonast eftir líflegum og málefnalegum umræðum með þátttöku gesta.

### > Ekki missa af

Utan gátta eftir Sigurð Pálsson sem hefur reynst aðsóknardrjúgt. Það eru aukasýningar í kvöld og á fimmtudag eftir viku. Þá verða sýningar orðnar 34 en þær fara fram í Kassa Þjóðleikhússins.






# Djammað meir í dansinum

**Annað kvöld er seinni skammturinn af dansverkum á Djammviku Íslenska dansflokksins. Með Djammviku er Íslenski dansflokkurinn að gefa nýjum höfundum tækifæri til að vinna með flokknum og einnig er þetta vettvangur til að þróa og prófa nýja tækni og aðferðir við sköpunina.**



**LISTDANS** Frá æfingu á verki Steinunnar og Brians. MYND ÍD

Listafólkið sem Íslenski dansflokkurinn (ÍD) hefur fengið til liðs við sig og sýnir verk sín á morgun eru þau tvíeykið Steinunn Ketilsdóttir og Brian Gerke, en þetta er í fyrsta sinn sem þau vinna með flokknum, og Peter Anderson, danshöfundur og dansari hjá flokknum, sem á eitt verk á dagskránni. Verkin kalla þau Brian Gerke og Steinunn Ketilsdóttir Heilabrot, Peter Anderson nefnir sitt Kjúklingur í sauðagæru.

Tvíeykið Brian Gerke og Steinunn Ketilsdóttir hafa skapað og dansað saman síðan árið 2007 og hefur afrakstur þessa samstarfs verið hnyttin og kaldhæðin verk, oft á tíðum skemmtilega ýkt en samt persónuleg. Persónurnar sem þau skapa eru fyndnar og kjánalegar á yfirborðinu, en þegar dýpra er kafað þá koma í ljós mannlegir brestir, hræðsla, óöryggi og einmanaleiki. Brian og Steinunn hafa undanfarin þrjú ár einvörðungu samið dúetta sem þau dansa í sjálf. Með verki sínu Heilabrot eru þau að taka skref í nýja átt þar sem þetta er í fyrsta sinn sem þau skapa verk fyrir aðra dansara og koma ekki sjálf fram.

Kjúklingur í sauðargæru er nýjasta afurð Peters Anderson fyrir Íslenska dansflokkinn. Peter hefur verið fastráðinn dansari hjá ÍD frá 2001 en hann er fjölhæfur listamaður á sviði dans, myndlistar og kómedíu. Verk Peters eiga rætur sínar að rekja í dansleikhúsið og hafa einkennst af léttleika og kaldhæðni en velta á sama tíma fram dýpri spurningum. Umfjöllunarefnið að þessu sinni er „sársaukalaust grín“.

Sýningar á dagskránum tveimur verða endurteknar 28. nóvember.

pbb@frettabladid.is


Staðleysan Ísland?

MEÐAL HÖFUNDA ERU:
Matthías Johannessen
Guðni Elísson
Úlfhildur Dagsdóttir
Jón Ólafsson
Þorsteinn Antonsson
Hermann Stefánsson
Hallgrímur Helgason
Kristín Eiríksdóttir




Nýtt hefti af Tímariti Máls og menningar er komið út

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

Ritstjóri TMM er Guðmundur Andri Thorsson





FYRIR FRAMAN ANNAÐ FÓLK
eftir Kristján Þórð Hrafnsson



í Hafnarfjarðarleikhúsinu

„skemmtileg sýning“ **EB, Fréttablaðið, 5. okt.**

„mælum með sýningunni. Bæði til þess að hlæja, og til þess að finna til.“ **Ynja.net**

Síðustu sýningar
lau 28. nóv kl. 20 / sun 29. nóv kl. 20 / lau 5. des kl. 20

Miðasala í síma 555 2222 og á midi.is

Menntamálaráðuneytið · Hafnarfjörður · Landsbankinn



Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið

*ÆVISAGA SNORRA STURLUSONAR*

# Stórkostlegar viðtökur

★★★★½

„Höfundurinn [hefur] einsett sér að skrifa sögu sem er **læsileg**, forvitnileg, og ennfremur **spennandi**, og það tekst honum vel … svo sannarlega **hrífandi** frásögn, enda Snorri Sturluson einn helsti leikarinn í þeim dramatísku og blóðugu átökum sem leiddu til þess að Íslendingar töpuðu sjálfstæði sínu.“

Einar Falur Ingólfsson / Morgunblaðið

★★★★

„Óskar getur fagnað frábærlega könnuðu verki.“

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

„… **sannkallað meistaraverk** … textinn er þéttur og knappur, **afar læsilegur** og skrifaður af þroskaðri snilld.“

Össur Skarphéðinsson / DV

„… hin mætasta bók, og alveg **ljómandi skemmtilega** skrifuð … heildaráhrifin af bókinni eru fjarska góð.“

Illugi Jökulsson / Trésmiðjan

„… **stórvirki** … **verð að fá að taka ofan** …
Ég efa ekki að ævisögu Snorra verður tekið fagnandi.“

Einar Kárason / Morgunblaðið

„**Mjög góð** ævisaga … **Mjög áhugaverð** sálfræðistúdía.“

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„… í fyrsta skipti núna sem við fáum nákvæmt yfirlit yfir feril Snorra. **Mjög gott** yfirlit yfir öldina …“

Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan

„… saga Snorra sögð á mannamáli.“

DV

„Loksins hefur mesti rithöfundur Íslands fengið verðuga ævisögu – sem hann átti vissulega skilið.“

Sigurður G. Tómasson / Útvarp Saga






ÓSKAR GUÐMUNDSSON rithöfundur hefur dregið saman fróðleik og bundið í frásögn örlagasögu sem margir kannast við en fáir þekkja til hlítar – sögu Snorra Sturlusonar.

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

# Paul á plötu Ringo Starr

Persónulegasta plata Ringo Starr heitir Y not og kemur út í byrjun næsta árs. Þetta er fyrsta platan sem Ringo hljóðvinnur sjálfur og segist hann borubrattur ætla að sjá um þetta framvegis. Þekkt lið eins og Ben Harper, Joss Stone, Joe Walsh, Dave Stewart, Glen Ballard, Richard Marx og Van Dyke Parks kemur við sögu á plötunni og Paul McCartney spilar á bassa í einu lagi og syngur með Ringo í laginu „Walk with You“. Það er sagt vera einlægt lag um gamalgróna vináttu.

## NÝ TÍMARIT




Út er komið fjórða og síðasta hefti Tímarits Máls og menningar á þessu ári. Meðal efnis má nefna brot úr Dagbókum Matthíasar Johannessen frá árunum 1999 og 2000 en þessar færslur hafa ekki áður birst á prenti og hafa að geyma margt hnýsilegt fyrir áhugafólk um bókmenntir og samtímasögu. Tvær greiningar eru á bankahruninu og aðdraganda þess: Guðni Elísson bókmenntafræðingur skrifar um Staðleysuna Ísland og mýtuna um okkur sjálf en Jón Ólafsson, prófessor á Bifröst, fjallar um andrúmsloftið í þjóðfélaginu fyrir hrun sem hann kennir við nokkurs konar samfélagssáttmála.

Úlfhildur Dagsdóttir skrifar grein um Tinna áttræðan og Þorsteinn Antonsson dregur fram gömul bréfaskipti þeirra Elíasar Marar og Ragnars í Smára sem sýna erfitt samband höfundar og forleggjara en Sigurjón Árni Eyjólfsson guðfræðingur skrifar seinni grein sína um bækur Bjarna Bjarnasonar í ljósi kristinnar kenningar. Ritdómar eru margir og ýtarlegir og ljóð meðal annars eftir Hermann Stefánsson og Hallgrím Helgason. Ritstjóri TMM er Guðmundur Andri Thorsson.

# Vitlaus maður á mynd

Á laugardag var haldið fjölsótt þing til að minnast frelsunar dönsku nýlendunnar fyrir tvö hundruð árum. Jörn Dyrholm, danskur fræðimaður sem hefur rannsakað Jörund sennilega meira en nokkur annar lifandi maður, hélt því fram á ráðstefnunni sem haldin var á vegum Sagnfræðistofnunar um helgina að hið þekkta málverk af Jörundi sé alls ekki af Jörundi og ekki heldur málað af Eckersberg (1783-1853) eins og haldið hefur verið fram. Eckersberg hefur verið kallaður faðir danskrar málaralistar og málaði meðal annars Friðrik VI. Danakonung.

Dyrholm heldur því fram að Hans Hansen (1769-1828) hafi málað myndina en skiptar skoðanir eru um það meðal danskra listfræðinga. Þar að auki telur Dyrholm afar ólíklegt að myndin sé af Jörundi og færir fyrir því margs konar rök. Samkvæmt lýsingum þegar Jörundur var tekinn til fanga af Bretum var hann sagður dökkhærður og með „hnotubrún“ (e. hazelbrown) augu – sem passar ekki við manninn á myndinni, sem er ljóseygður. Hann telur andlit hans of „barnalegt“, ólíklegt að hér sé á ferð maður sem er búinn að vera stöðugt á sjó í fjórtán ár.

Jörgensen var blankur og hefur ekki haft efni á því að fá málaða mynd af sér. Faðir hans, hirðúrsmiðurinn, lét til dæmis aldrei mála mynd af sjálfum sér. Á þessum tíma í Danmörku voru það aðallega aðalsmenn eða mjög auðugir menn sem létu mála myndir af sér. Það var ekki það fólk sem Jörgensen-fjölskyldan umgekkst daglega. Þau voru ekki hluti af listamannasamfélaginu. Engar sögur fara af málverkum í dánarbúum Jörgensen-fjölskyldunnar (eingöngu speglum sem veggskraut). Eldri bróðir Jörundar, Urban, varð mjög frægur úrsmiður en aðeins er til koparstunga af honum. Faðir Jörundar lét hins vegar gera „silhouettur“ af sér og konu sinni og eru þær til.


**MENNING** Hið umrædda málverk sem til þessa hefur verið talið af Jörgen Jörgensen.

Myndin er talin máluð á fyrsta áratug 19. aldar. Jörgensen kom heim til Danmerkur í ágúst 1806 og gerðist skipstjóri á víkingaskipinu Admiral Juul í desember 1807. Náðu þeir nokkrum skipum áður en skipið var hertekið af Bretum í byrjun mars 1808 og var Jörgensen þá tekinn til fanga. Ef málverkið er af Jörundi hefur það verið málað á þessu tiltölulega þrönga tímabili. Dyrholm telur að ef myndin hefði verið máluð af Jörgensen 1806-1807 hefði hann verið málaður í einhvers konar flotabúningi sem hann hafði rétt til að bera.

Margt annað tíndi Dyrholm til í erindi sínu á ráðstefnunni og ætlar hann að skrifa grein um málverkið sem birtist væntanlega í íslensku tímariti. Ráðstefnan var mjög fjölsótt en auk Jörns Dyrholm flutti hinn þekkti breski rithöfundur Sarah Bakewell fyrirlestur ásamt Önnu Agnarsdóttur, prófessor í sagnfræði, og Óla Má Hrólfssyni sagnfræðinema.


Evrópsk menning à la Milan Kundera

Milan Kundera fjallar af alkunnu listfengi og innsæi um þá listamenn sem hafa skipt hann mestu máli.

Upplýsandi ferðalag um menningu Evrópu síðustu fimm hundruð árin, með ýmsum spennandi útúrdúrum.

Friðrik Rafnsson þýddi.




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is


# Síðustu sýningar

Leikritið Fyrir framan annað fólk fékk prýðisgóðar viðtökur þegar það var frumsýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu í haust. Fram undan eru hins vegar þrjár síðustu sýningarnar. Um helgina verða tvær sýningar, ein á laugardagskvöld en hin á sunnudagskvöld og síðasta sýning er síðan laugardaginn 5. desember.




EKKI MISSA AF







Sýningar framundan

6. des kl. 16 og 12. des kl. 20

27. nóv, 11. og 28. des kl. 20 – Allra síðustu sýningar með Benedikt Erlingssyni

Upplýsingar um aðra viðburði og sýningar www.landnam.is og í síma 437 1600.

Tilvalið fyrir hópa veislumatur og leiksýning kr. 6.800.
Veitingahúsið opið alla daga. Fundaraðstaða, verslun, sögusýningar

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS



FORLAGIÐ
www.forlagid.is

SÚFISTINN BÓKAKAFFI

Brot af því besta

Upplestrarkvöld á Súfistanum, Laugavegi 18, í kvöld kl. 20

Inga Dóra Björnsdóttir - Kona þriggja eyja, ævisaga Ásu Guðmundsdóttur Wright
Steinar Bragi - Himinninn yfir Þingvöllum
Sigurður Pálsson - Ljóðorkuþörf
Jónína Leósdóttir - Ég & þú

Allir hjartanlega velkomnir

MILLENNIUM ÞRÍLEIKURINN EFTIR STIEG LARSSON TEKUR HEIMINN MEÐ TROMPI

# BIÐIN ER Á ENDA

„Glæpasagnaheimurinn hefur aldrei fyrr þurft að hylla og syrgja í sömu andrá jafn hæfileikaríkan höfund og **Stieg Larsson**," sagði stórblaðið Sunday Times og eru það orð að sönnu. Þriðja og síðasta bókin í heimsfrægri **Millennium-trílógíu** Stiegs Larsson er komin út.



Þýðandi: Halla Kjartansdóttir




„Gríðarlega vel skrifaðir og flottir krimmar."
– Páll Baldvin Baldvinsson, Kiljan janúar 2009

„Maður gæti grátið!"
– Þórarinn Þórarinsson, DV.
Grátið yfir því að bækur Stiegs urðu aðeins þrjár.

„Maður gæti bara hágrátið!"
– Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljan október 2009.
Af sömu ástæðu.

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK



MUGISON



HJALTALÍN

> Í SPILARANUM

**Mugison** - Ítrekun
Á móti sól - 8
Kristín - Mubla
Megas & Senuþjófarnir - Segðu ekki frá (með lífsmarki)
**Hjaltalín** - Terminal

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## *Löngu tímabær sólóplata*

Bassaleikarinn Bjarni Sveinbjörnsson hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu, sem nefnist About Time. Lögin á plötunni voru samin þegar Bjarni var í námi í Los Angales og einnig eru á henni nýrri lagasmíðar. „Þetta er búinn að vera langur aðdragandi en svo loksins lét ég verða af þessu. Þess vegna ber þetta titilinn About Time. Það var kominn tími til að gera þetta,“ segir Bjarni, sem byrjaði að spila á bassa þegar hann var sextán ára. „Þetta er uppsafnað efni á mörgum árum. Ég er búinn að spila í þrjátíu ár og elsta lagið nær tuttugu ár aftur í tímann.“

Bjarni hefur spilað í Tríói Guðmundar Ingólfssonar, Hljómsveit Gunnars Þórðarsonar á Broadway, fusion-hljómsveitinni Gömmum með Birni Thoroddsen og sinnt mörgum fleiri verkefnum. Hann stofnaði Tónskóla Eddu Borg árið 1989 ásamt eiginkonu sinni Eddu og starfar þar enn. Næstu tónleikar Bjarna verða á Rosenberg á miðvikudagskvöld. **- fb**



**BJARNI SVEINBJÖRNSSON** Bassaleikarinn hefur gefið út sína fyrstu sólóplötu sem nefnist About Time. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




**> Ourlives - We Lost the Race**

Lágstemmt og fágað popp sem hittir rækilega í mark. Ein besta poppplata ársins.

MYND/MAGNÚS AXELSSON



**TÓNNINN GEFINN**
**Trausti Júlíusson**

## *Tónlist í jólapakkann?*

Nú þegar fjórar vikur eru til jóla er kominn tími til að spá í jólagjafirnar og að sjálfsögðu er tónlistargjöf góð gjöf. Á þessum árstíma koma oft út glæsilegar viðhafnarútgáfur og yfirlitsbox og þó að kreppan hafi slegið svolítið á þess konar útgáfu þá er samt eitt og annað nýkomið í sölu eða að detta inn á næstu dögum.



**MILES DAVIS** Allar Columbia plöturnar komnar í 70 diska ofurboxi.

Bítlaboxið sem kom í haust á eflaust eftir að rata í einhverja jólapakka og fyrir þá sem frekar vilja Stones er fjögurra diska eðalútgáfa af Get Yer Ya-Yas Out að lenda á næstu dögum. Heildarútgáfa snillinganna í Kraftwerk er komin í einn pakka þó að menn séu reyndar ekki á einu máli um gæði endurhljóðblöndunarinnar. AC/DC safnar saman fágætum upptökum á hið þriggja diska Backtracks og vinir Bonos ættu að taka viðhafnarútgáfunni af The Unforgettable Fire fagnandi.

Persónulega á ég erfiðast með að halda fullri stjórn á munnvatnsframleiðslunni þegar ég skoða Complete Miles Davis-kassann sem var að koma út. Alls 70 diskar sem inihalda allar plötur meistarans fyrir Columbia og glás af aukaefni, DVD með tónleikum Miles Davis Quintet frá 1967 og 250 bls. bók. Það merkilega við þennan ofurpakka er að hann kostar minna en Bítlaboxið sem þó inniheldur „ekki nema“ 16 diska.

Hér á Íslandi eru sparipakkarnir minni í sniðum en undanfarin ár, en vönduð heildarútgáfa Savannatríósins, Kúbuplötupakki Tómasar R., afmælissafn Ragga Bjarna, vínylsafn Hjálma eða tvöfaldur tónleikadiskur Megasar ættu að fara vel í hvaða jólapakka sem er.

Nú eða bara einhver íslenskur diskur með nýrri tónlist. Ódýr og góð gjöf og af nógu að taka.






# Slípað veruleikaflóttapönk

**Pönkpopptríóið Morðingjarnir er að senda frá sér plötu númer þrjú, Flóttinn mikli. Enn er hamast í gassaskap og dælt út melódísku eðalpönki. Haukur Viðar Alfreðsson, Morðingi, sagði Dr. Gunna að það sé ekkert kreppupönk á plötunni, bandið hafi afgreitt kreppuna snemma á síðasta ári.**



**SÆKJA Í SAMA BRUNN** Morðingjarnir hamast: Haukur, Helgi og Atli.

MYND/MAGNÚS AXELSSON

„Það er eitt og hálft ár síðan Áfram Ísland! kom út og þetta eru lögin sem hafa orðið til síðan,“ segir Haukur, blátt áfram. „Það er sótt í sama brunn en þessi plata er aðeins slípaðri. Á fyrri plötunum okkar vorum við með menn á tökkunum sem ýttu eiginlega bara á „rec“ - með fullri virðingu fyrir þeim - en nú var Axel „Flex“ Árnason pródúser eiginlega fjórði meðlimurinn. Hann ber ábyrgð á því að þetta er slípaðra, en lögin eru líka þess eðlis að það var auðveldara að slípa þau til.“

### Ungir fram undir fertugt

Haukur semur mest af efni Morðingjana en er svo lýðræðislega sinnaður að hann vill helst ekki að það sé tekið fram - „Þeir koma vissulega með sitt ómissandi innlegg.“ Hann vinnur á leikskóla (frétt með fyrirsögninni „Morðingi á leikskóla“ var einhvern tímann mest lesin einhvers staðar) og segir að lögin hafi mörg orðið til þar. „Maður er í söngstundum og kannski á milli laga fer maður að vinna í einhverjum köflum. Þangað til börnin fara að kvarta.“

Á plötunni eru mikið sungið um tilgangsleysi og tilvist lífsleiða. Sögumaður setur sig í spor manna sem eru í raun ennþá haldnir unglingaveiki með þeirri óvissu og óeirð sem þeim tíma fylgir, þótt þeir séu orðnir fullorðnir. „Textarnir á þessari plötu eru öðruvísi en það sem við höfum áður gert. Fyrsta platan var hálfgerð ádeila á hitt og þetta og allt voða flippað. Nú er þetta persónulegra og minna um þjóðfélagsádeilu. Ég held að mjög margir á okkar aldri geti fundið sig í þessum textum. Við erum af þeirri kynslóð sem gengur illa að díla við lífið þótt það ætti í raun að vera auðvelt. Ég held við höfum of mikla möguleika. Foreldrar okkar höfðu minna val og þurftu að takast á við lífið - það var ekki undan því komist - en við lifum á tímum þar sem fólk getur leift sér að vera ungt langt fram að fertugu, ef ekki lengur. Það er kannski gott að einhverju leiti, en það tekur fólk lengur að finna sig. Ég þekki fólk sem er þrítugt og býr enn í foreldrahúsum. Hefur aldrei flutt að heiman og það þykir ekkert skrítið. Það hefði nú verið hlegið að þannig fólki fyrir tuttugu árum síðan.“



**UMSLAGIÐ** Flóttinn mikli.

### Kreppupönk eldist illa

Haukur segir að ekkert kreppupönk sé á Flóttanum mikla. „Það var vísvitandi gert. Síðasta plata (Áfram Ísland!) var eiginlega kreppuplata en það var bara ekki komin kreppa þegar platan kom út. Við grísuðum á þetta rosalega Nostradamusar-umslag (Ísland sundurtætt). Við vorum búnir að pönkast á kreppunni og forðuðumst því alveg kreppuhjakkið á nýju plötunni, þó margir virðist fíla kreppupönkið. Ég held bara að kreppupönk muni eldist illa og verði mjög fljótt leiðinlegt.“

Umslag nýju plötunnar sýnir stelpu fljúga upp á blöðrum. Inga Brynjarsdóttir og Una Laurenzen teiknuðu umslagið. Haukur segir þetta vera myndlíkingu. „Stelpan á umslaginu lifir í litdaufum og óáhugaverðum heimi. Hún nær þarna að stíga upp til betra lífs, mögulega. Við erum nú ekkert svona djúpir. En samt. Flóttinn mikli er Steve Mcqueen mynd sem við höldum allir mikið upp á en titill plötunnar vísar til þess sem fólk notar til að flýja raunveruleikann - hugbreytandi efni og kynferðislegar fantasíur og þar fram eftir götunum. Þegar fólk vill ekki horfa framan í gráan hversdagsleikann þá flýr það. Við erum konsept-rúnkarar. Ég veit það er svolítið glatað en okkur finnst það skemmtilegt.“

Morðingjarnir taka nokkur gigg fyrir jól, en Haukur segir bandið bíða með meiriháttar plötukynningu fram yfir áramót.

drgunni@frettabladid.is

# Sigurrós á sænsku plötuumslagi

Fanfarlo nefnist sænsk hljómsveit sem gerir út frá London. Hún hefur verið að vekja athygli fyrir fyrstu stóru plötuna sína, Reservoir. Myndin framan á umslagi plötunnar er alíslensk því ljósmyndina tók Lilja Birgisdóttir, systir Jónsa í Sigur Rós.

Á myndinni sjást Sigurrós Elín, hin systir Jónsa, með grímu, og frænka hennar Dísa, standandi í hlöðu í Mosfellsbæ. Sami maður sér um umboðsmennsku fyrir Sigur Rós og Fanfarlo og Jónsi er vinur sveitarinnar. Hann stakk upp á systrum sínum í djobbið. Hljómsveitin Sigur Rós er sem kunnugt er nefnd eftir Sigurrós Elínu. Hún hefur því sett mark sitt á rokksöguna þótt ung sé að árum.

Af Sigur Rós er svo að frétta að haugur af lögum með sveitinni mun hljóma í myndinni The boys are back með hjartaknúsaranum Clive Owen. Leikstjórinn Scott Hicks kom sérferð til Íslands til að sannfæra strákana um að leyfa notkun tónlistarinnar. **- drg**




**UMSLAG FANFARLO** Ljósmynd eftir Lilju Birgisdóttur.



RAKVÉLARBLAÐIÐ FRÁ LG
VILTU ÖRÞUNNT SJÓNVARP?
42" LG Full HD LED
42SL9000
LG
Örþunnt 42" Full HD LED LCD sjónvarp, aðeins 2,9 cm þunnt. TruMotion 100Hz.
Bluetooth, USB 2.0, 4 x HDMI. Eitt þynnsta sjónvarpið á markaðnum. Verð: 549.995 kr.
TILBOÐ 529.995 kr.
VILTU STÓRT SJÓNVARP?
VILTU ÓDÝRT SJÓNVARP?
VILTU ÍSLENSKT SJÓNVARP?
60" LG Plasma Full HD 60PS8000
Glæsilegt 60" Full HD 600 riða sjónvarp með fjórum
HDMI tengjum, Bluetooth, USB og mörgu fleiru.
Verð: 899.995 kr.
LG
TILBOÐ 849.995 kr.
42" LG Full HD LCD 42LF2500
Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080 punkta upplausn og
Dual XD Engine sem gefur myndinni meiri skerpu og dýpri liti.
Verð: 229.995 kr.
LG
TILBOÐ 199.995 kr.
Palladine 47" LCD EPT4751MD
Glæsilegt Full HD LCD tæki með 1920x1080 punkta upplausn
og íslensku valmyndarkerfi. Verð 299.995 kr.
PALLADINE
TILBOÐ 259.995 kr.
Hátækni
Opið: virka daga 9.30-18 | Laugardaga 12-17
Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is
PIPAR\TBWA • SÍA • 92093

> KEISARINN KINGSLEY

**Ben Kingsley** mun leika Shah Jahan, keisara Mogul-heimsveldisins, í nýrri kvikmynd sem nefnist Taj. Myndin er byggð á ævi Jahan, sem byggði Taj Mahal-bygginguna á Indlandi. Kingsley fékk á sínum tíma Óskarinn fyrir að leika indverska friðarleiðtogann Mohandas Gandhi og ætti því að vera á heimavelli í nýju myndinni.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Twitter-skilaboð úr fangelsinu

Roger Avary, sem vann Óskarinn ásamt Quentin Tarantino fyrir handrit sitt að Pulp Fiction, hefur verið duglegur við að senda Twitter-skilaboð úr fangelsinu þar sem hann dvelur. Avary var í síðasta mánuði dæmdur í eins árs fangelsi fyrir manndráp af gáleysi eftir að hann ók bíl sínum á ljósastaur drukkinn. 34 ára maður lést í slysinu og eiginkona Avarys meiddist alvarlega. Hann játaði glæpinn og var fyrir vikið sendur í steininn þar sem hann þarf að dúsa næsta árið. Einnig fékk hann fimm ára skilorðsbundinn dóm.

Margir héldu að ferill hins 44 ára Avarys í Hollywood væri á enda eftir slysið en miðað við tíð Twitter-skilaboðin þar sem hann lýsir lífinu í fangelsinu á skáldlegan hátt, virðist enn þá vera einhver töggur í honum. „Veikindi dreifast um fangelsið eins og skógareldur og #34 er hjálparvana og getur engan veginn komist hjá útbreiðslunni og hinni óumflýjanlegu sýkingu,“ skrifar hann. Samkvæmt The Guardian er ekki vitað hvort Avary skrifar skilaboðin í gegnum tölvu sem hann fær úthlutað í fangelsinu eða hvort hann les þau upp fyrir vin sinn sem síðan setur þau á Twitter.

Avary hefur á ferli sínum leikstýrt myndunum Killing Zoe og The Rules of Attraction, auk þess sem hann framleiddi og átti þátt í handriti Beowulf sem Robert Zemeckis leikstýrði árið 2007. Einnig skrifaði hann handritið að myndinni Silent Hill.



**ROGER AVARY** Avary, sem vann Óskarinn árið 1995, er duglegur við að senda Twitter-skilaboð úr fangelsinu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Snýr sér að leikstjórn



Leikkonan Lindsay Lohan tilkynnti á Twitter-síðu sinni í gær að hún hefði lokið við að skrifa handrit að sjónvarpsþætti sem hún hefði selt til sjónvarpsstöðvar. „Ég skrifaði handrit að þætti sem ég held ég hafi selt í dag! Nú þarf ég bara að finna einhvern sem mun taka að sér að skrifa heila seríu. Ég hef mikinn áhuga á framleiðslu og leikstjórn,“ ritaði leikkonan á síðuna. Stuttu seinna skildi hún eftir skilaboð á Twitter-síðu Cash Warren, eiginmanns leikkonunnar Jessicu Alba, þar sem hún spurði hann hvort hann væri spenntur fyrir verkefninu. Samkvæmt tímaritinu sem flutti fréttirnar vilja þó engar af stóru sjónvarpsstöðvunum kannast við það að hafa keypt handrit skrifað af Lohan.

**HANDRITSHÖFUNDUR** Lindsay Lohan virðist ekki ætla að finna sér hlutverk og hefur nú snúið sér að handritagerð.



**ALLEN OG RACHEL** Leikstjórinn vinsæli ásamt Ewan Rachel Wood sem leikur í svörtu kómedíunni Whatever Works. NORDICPHOTOS/GETTY

# Snýr aftur á heimaslóðir

**Svarta kómedían Whatever Works er fyrsta myndin sem Woody Allen tekur upp í New York, í fimm ár. Með aðalhlutverkið fer Larry David, maðurinn á bak við Curb Your Enthusiasm.**

Larry David leikur sérvitran New York-búa úr yfirstéttinni sem ákveður að snúa baki við sínu ljúfa lífi og gerast utangarðsmaður. Hann hittir stúlku frá Suðurríkjunum (Ewan Rachel Wood) og eftir að hafa umgengist hana og fjölskyldu hennar uppgötvar hann að bóhemlífið er ekki eins áhyggjulaust og hann sá fyrir sér.

Larry David sló í gegn með sjónvarpsþáttum sínum Curb Your Enthusiasm og miðað við frammistöðu sína þar ætti hann ekki að eiga í erfiðleikum með að leika sömu taugaveikluðu persónuna og Woody Allen hefur haft einkaleyfi á til þessa. David er einnig maðurinn á bak við Seinfeld-þættina sem hafa notið gríðarlegra vinsælda, þar sem hinn taugaveiklaði George Costanza var í raun framlenging á David sjálfum. Eins og við er að búast þegar grínmeistarar eins og Allen og David snúa saman bökum, má búast við því að útkoman verði skemmtileg.

Ewan Rachel Wood, sem leikur á móti David, er ein efnilegasta leikkonan í Hollywood. Hún sló í gegn í The Wrestler en hafði áður vakið athygli í Across the Universe og King of California.

**WOODY Í EVRÓPU:**

**Vicky Cristina Barcelona** (2008)
**Cassandra's Dream** (2007)
**Scoop** (2006)
**Match Point** (2005)

Fimm ár eru liðin síðan Woody Allen tók upp mynd í heimaborg sinni New York. Það var gamanmyndin Melinda and Melinda með Will Ferrell í einu aðalhlutverkanna. Eftir það ákvað hann að flytja sig um set til Evrópu þar sem hann átti auðveldara með að fjármagna myndir sínar. Þar tók hann upp fjórar myndir bæði á Englandi og Spáni og hlaut sú síðasta, Vicky Cristina Barcelona, bestu viðtökurnar. Í þremur þessara mynda lék Scarlett Johansson eitt aðalhlutverkanna en hún er fjarri góðu gamni í Whatever Works.

Næsta mynd Woodys Allen nefnist You Will Meet a Tall Dark Stranger þar sem Anthony Hopkins og Naomi Watts fara með stór hlutverk. Tökur fóru fram í London og því ljóst að leikstjórinn knái hefur síður en svo sagt skilið við Evrópu þrátt fyrir sína nýjustu New York-mynd.




# Varasamur rauður hnappur

Spennumyndin The Box og hin ævisögulega Coco Chanel verða frumsýndar á morgun.

Cameron Diaz fer með aðalhlutverkið í The Box, sem fjallar um ungt par sem fær sent til sín lítinn viðarkassa með rauðum hnappi. Dularfullur maður kemur daginn eftir og býður þeim eina milljón dala ef þau ýta á hnappinn. Í staðinn mun einhver manneskja, þeim ókunn, láta lífið. Þau hafa einn sólarhring til að gera upp hug sinn og takast á við eigin samvisku á sama tíma og þau reyna að ráða fram úr miklum fjárhagserfiðleikum. Á meðal annarra leikara eru James Marsden og Frank Langella. Leikstjóri er Richard Kelly, sem vakti mikla athygli með myndinni Donnie Darko sem kom út fyrir átta árum. Síðan þá hefur hann einungis gert eina mynd, Southland Tales, sem féll ekki í góðan jarðveg. The Box fær 6,4 í einkunn af 10 mögulegum á síðunni Imdb.com.



**THE BOX** Cameron Diaz fer með aðalhlutverkið í spennumyndinni The Box sem verður frumsýnd á morgun.

Coco Chanel fjallar um ævi hins vinsæla franska hönnuðar og leið hennar á toppinn í tískuheiminum. Með hlutverk Gabrielle „Coco“ Chanel fer Audrey Tautou, sem síðast vakti heimsathygli í The Da Vinci Code. Coco Chanel fær 6,6 í einkunn á Imdb.com.

Í gær var síðan frumsýnd The Twilight Saga: New Moon sem er önnur myndin um samband Bellu og vampírunnar Edwards Cullen. Myndin hefur verið gríðarlega vel sótt vestanhafs og má reikna með að hún verði ein sú aðsóknarmesta á árinu. Hún fær 4,5 í einkunn á Imdb.com.

CLINIQUE

# Gjöfin þín er í Lyf og heilsu!

## Ef keyptar eru Clinique vörur fyrir 4.900 kr eða meira*




- Youth Surge SPF 15 Age Decelerating Moisturizer 15ml
- Liquid Facial Soap Mild 30ml
- Lash Doubling Mascara svartur, 4g
- Aromatics Elixir 4ml
- High Impact Lip Colour litur Extreme Pink 4g
- Clinique lyklakippa með: Superbalm Moisturizing Gloss litur Raspberry 5ml

*Meðan birgðir endast
Verðgildi er 15.000 kr

CLINIQUE
Ofnæmisprófað.
100% ilmefnalaust.

Tilboðið gildir í Lyf og heilsu Kringlunni, Eiðistorgi og Selfossi

Lyf & heilsa
*við hlustum!*

# Fólk

folk@frett...

## > FÉLL FYRIR CHASE

Kynbomban **Shauna Sands** sagði nýlega að hún hefði verið fyrsta ástin í lífi Gossip Girl-leikarans Chace Crawford. Þau kynntust þegar hann var átján og hún 32 ára. „Hann var svo guðdómlega fallegur, ég varð strax ástfangin,“ sagði Sands og bætir við að þau hafi átt í ársløngu sambandi.



# Atvinnumennirnir á VHS-spólum

Nýlega gaf Filmus út Atvinnumennina okkar á DVD, alla þætti Auðuns Blöndals um íslenska atvinnumenn í íþróttum sem voru sýndir á Stöð 2 Sport. En það sem meira er: Atvinnumennirnir okkar eru líka gefnir út á VHS-spólum. Þetta er að öllum líkindum fyrsta VHS-spólan sem hér kemur út í langan tíma. „Við ákváðum bara að gera þetta því við fengum svo margar fyrirspurnir,“ segir Arnar Knútsson hjá Filmus. „Þetta kom rosalega á óvart því maður hélt að DVD-ið væri alveg búið að sigra spóluna. Það er samt ennþá fólk sem vill frekar gömlu spóluna.“

Spólufólkið notar svipaða röksemdafærslu og fólk sem kýs vínyl fram yfir geisladiska. „Menn segja að stafræn myndgæði DVD-disksins séu köld og hörð og finnst vanta þá mýkt sem VHS-spólan er með,“ segir Arnar. „Ég get svo sem alveg tekið undir þetta því sjálfur á ég yfir 25 ára gamlar VHS-spólur og nýt þess enn að setja þær í tækið.“

VHS-útgáfan af Atvinnumönnunum okkar er framleidd í takmörkuðu upplagi og kostar aðeins meira en DVD-ið, enda framleiðslukostnaðurinn hærri. Spólan er aðeins fáanleg í Nexus á Hverfisgötu. „Þeir tóku þessu fagnandi,“ segir Arnar. „Þar hafa menn skilning á svona skringilegheitum og bera virðingu fyrir þeim.“ - drg



**MÝKRI MYND** Arnar Knútsson með Atvinnumennina okkar á spólu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Í kjólum frá Birtu

Sönghópurinn Þrjár raddir klæðist sérhönnuðum kjólum frá fatahönnuðinum Birtu Björnsdóttur þegar hann kemur fram á jólahlaðborði í Turninum í Kópavogi. „Við erum gallharðir aðdáendur og okkur langaði að spyrja hana um þetta. Við bjuggumst við að fá neitun en hún tók voða vel í þetta og sérsaumaði fyrir okkur allar,“ segir söngkonan Kenya. „Við byrjuðum á jólahlaðborðinu um síðustu helgi. Önnur hver manneskja spurði okkur hvar væri hægt að kaupa diskinn okkar. Hin spurði hvar væri hægt að fá þennan kjól,“ segir hún og hlær.

Sönghópurinn gaf fyrir skömmu út sína fyrstu jólaplötu, þar sem raddirnar eru einu hljóðfærin. „Þetta eru klassísk og ný jólalög, öll í okkar útsetningum,“ segir Kenya. Á meðal laga á plötunni eru Bráðum koma blessuð jólin, Ljósadýrð og Nú er Gunna á nýju skónum. „Við byrjuðum sem jólatríó en stækkuðum svo í beatbox-hljómsveit. Okkur fannst flott að gefa út jólaplötu til að fullkomna hringinn.“

Útgáfutónleikar Þriggja radda verða haldnir í Salnum í Kópavogi á sunnudaginn klukkan 18 og fást miðar á Midi.is. - fb



**Í KJÓLUNUM** Kenya, Sandra og Inga Þyri í nýju kjólunum ásamt beatboxaranum Bjarti Guðjónssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# FÖGNUÐU NÝRRI ÆVISÖGU

**Útgáfuhóf var haldið í Eymundsson á dögunum til að fagna ævisögunni Mynd af Ragnari í Smára sem Jón Karl Helgason ritaði. Jón Karl hefur um árabil rannsakað líf Ragnars í Smára, sem var goðsögn í lifanda lífi. Hann var áberandi í íslensku menningarlífi um áratugaskeið og átti hann í góðu sambandi við helstu listamenn þjóðarinnar.**



Jón Karl Helgason (til hægri), sem skrifaði ævisögu Ragnars í Smára, ásamt Gunnari Sigurðssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Rithöfundurinn Einar Kárason og blaðamaðurinn Kolbrún Bergþórsdóttir voru brosmild.



Útgefandinn Páll Valsson og Þorgerður Agla Magnúsdóttir fögnuðu ævisögunni um Ragnar í Smára.



Ívar Eric og Gunnar Ragnarsson voru á meðal gesta.



Viðar Hreinsson, framkvæmdastjóri Reykjavíkurakademíunnar, og Þorvaldur Gylfason hagfræðiprófessor mættu í útgáfuhófið.





fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454 | www.fridaskart.is

Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

Auglýsingasími
512 50 50

# Í tilefni af „Thanksgiving“

Í tilefni af þakkargjörðarhátíðinni, Thanksgiving, sem haldin er hátíðleg í Ameríku, bjóðum við upp á ekta, klassíska kalkúnaveislu sem slær allt út.



**Grilluð kalkúnabringa**
kjöt- og brauðfylling, maís, eplasalat, trönuberjasulta og „gravy“.

**Verð 2.990 kr.**

Ruby Tuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN
Höfðabakka 9 & Skipholti 19 Sími 577-1300

PIPAR\TBWA • SÍA • 92138



**BLACK EYED PEAS** Hljómsveitin Black Eyed Peas opnaði sýningu Victoria's Secret með lagi sínu Boom Boom Pow.



**FLOTT** Fyrirsætan Marissa Miller var flott í rauðum og svörtum nærfötum, með svarta vængi.

# Fjaðrir og flottheit hjá Victoria'S Secret

**Árleg tískusýning undirfatafyrirtækisins Victoria's Secret fór fram á fimmtudagskvöld á The Lexington Armory í New York. Hljómsveitin Black Eyed Peas opnaði sýninguna með lagi sínu Boom Boom Pow við góðar undirtektir. Áhorfendur voru ekki síður ánægðir þegar ofurfyrirsætan Heidi Klum steig á svið í fyrsta sinn frá því að hún eignaðist sitt fjórða barn fyrir fimm vikum.**



**Í FÍNU FORMI** Ofurfyrirsætan Heidi Klum geislaði á sýningu Victoria's Secret, aðeins fimm vikum eftir að hún eignaðist sitt fjórða barn.



**GLÆSILEG Í GRÆNU** Fergie úr Black Eyes Peas var glæsileg í grænni samfellu, korseletti og pilsi þegar hún steig á svið og söng á sýningunni.



**HANSKAR OG FJAÐRIR** Fyrirsætan Miranda Kerr tók sig vel út í dökku nærfatasetti.



**FASHION PARTY 2009** Sveinbi skipuleggur tísku- og danssýningu á Rúbín ásamt Rósinkrans Má Konráðssyni og Lindu Ósk Valdimarsdóttur danskennara.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Sportbílar og eldgleypir á tískusýningu

„Við ætlum að fara svolítið USA-leiðina og búa til alvöru tískusýningu með danssýningu og partíi eftir á," segir Sveinbjörn Gísli Þorsteinsson eða Sveinbi, eigandi superman.is, sem skipuleggur svokallað Fashion Party 2009 á Rúbín næstkomandi föstudag, 27. nóvember.

„Ég var að tala við eiganda fataverslunarinnar fabulous.is og fékk þá þessa hugmynd. Daginn eftir fór ég af stað og það er búinn að fara rosalega mikill undirbúningur í þetta. Það eru æfingar tvisvar í viku hjá okkur fyrir tískusýninguna og búið að semja fjögur dansatriði," segir Sveinbi, en dansþjálfunin er í höndum Lindu Óskar Valdimarsdóttur.

Aðspurður segir Sveinbi margt um að vera í partíinu á föstudag. „Við verðum með eldgleypi fyrir utan sem tekur á móti gestum og sportbíla svona fyrir „lúkkið". Sverrir Tattú verður svo á svæðinu með sinn stól. Hann mun byrja á því að tattúvera strák sem er búinn að panta verk og ef hann nær að klára það er möguleiki fyrir aðra að setjast í stólinn," útskýrir Sveinbi, en kynnir kvöldsins verður Haffi Haff. „Miðasala verður við innganginn og svo ætlum við að bjóða hlustendum Flass FM 104,5 að hringja inn og komast á gestalista," segir hann og býst við góðri mætingu á Rúbín á föstudag, en húsið verður opnað klukkan 21.30. „Viðbrögðin eru búin að vera alveg svakaleg og við stefnum í að það mæti hátt í 500 manns," segir Sveinbi. **- ag**

# Lætur gott af sér leiða

„Amma mín lést úr brjóstakrabbameini svo ég hef alltaf viljað gera eitthvað fyrir krabbameinsfélagið," segir Alan Jones söngvari sem endurgerir lagið All You Need Is Love með Bítlunum. Allan ágóða af sölu gefur hann til rannsókna á brjóstakrabbameini.

„Textinn í þessu lagi er svo einfaldur, en náði beint til mín. „Allt sem þú þarft er ást" og það er svo rétt," segir Alan. Þetta verður „live" upptaka í Fríkirkjunni í Hafnarfirði. Ég, Arnar Jónsson og Kristín Ósk Wium Hjartardóttir syngjum lagið saman og verðum með kvennakór í bakröddum. Steinþór Teavue spilar undir á píanó og Elva Björk Rúnarsdóttir á fiðlu. Við tökum upp um miðjan desember og lagið kemur út fyrir jól. Það verður fáanlegt á tonlist.is og allur söluágóðinn rennur beint í rannsóknir á brjóstakrabbameini," útskýrir Alan sem mun jafnframt halda tónleika til styrktar málefninu í Fríkirkjunni 18. desember.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Alan gefur ágóðann af tónlist sinn til góðgerðarmála, en hann hélt nýverið styrktartónleika fyrir Ellu Dís og gaf allan ágóðann í læknismeðferð hennar. Aðspurður segir hann peningana ekki skipta sig máli. „Þetta snýst allt um að gefa til baka og það skiptir mig meira máli en peningar. Þeir munu koma síðar," segir Alan. **- ag**



**ENDURGERIR ALL YOU NEED IS LOVE** Alan Jones ætlar að endurgera lagið All you need og mun allur söluágóðinn fara í rannsóknir á brjóstakrabbameini.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 7 og 10(Power) | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 10 | 16 |
| JÓHANNES | kl. 6 og 8 | L |







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT 2 | kl. 5:20 - 8 - 8:10 - 10:10D - 10:50 | 12 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 10:10 | VIP |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50(3D) | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8(3D) Ótextuð | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| PANDORUM | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 10:50 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 5:50 - 8 | VIP |
| COUPLES RETREAT | kl. 5:50 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT 2 | kl. 5:30D - 8D - 10:10D - 10:50D | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 5:50(3D) | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. | kl. 8(3D) Ótextuð | 7 |
| MY LIFE IN RUINS | kl. 5:50 - 8 | L |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 10:10 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE TWILIGHT SAGA | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 6 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 7 |
| PANDORUM | kl. 10 | 16 |

## NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| LOVE HAPPENS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| 2012 | kl. 4.45 - 8 - 10.30 | 10 |
| 2012 LÚXUS | kl. 4.45 - 8 | 10 |
| DESEMBER | kl. 4 - 6 - 8 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 | L |
| ZOMBIELAND | kl. 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI | kl. 3.40 | L |
| JÓHANNES | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| A SERIOUS MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| 2012 | kl. 5.45 - 9 | 10 |
| DESEMBER | kl. 6 | 10 |
| JÓHANNES | kl. 6 - 10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 8 - 10.40 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 6 - 9 | 10 |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 8 - 10 | 16 |
| JÓHANNES | kl. 6 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| LOVE HAPPENS | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | L |
| 2012 | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| ZOMBIELAND | kl. 6 8 - 10 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |


# Hlýðið og þér munið heyra

Tónlist ★★★★

**Terminal**
Hjaltalín



Eitt af því sem hrífur mest við Hjaltalín er að meðlimir sveitarinnar virðast kæra sig kollótta um flest sem talist getur hipp, kúl og trendí, svo gripið sé til gamalkunns frasa. Ungmennin hafa frá upphafi samið og flutt sitt kammerpopp algjörlega á eigin forsendum og á það eflaust stóran þátt í vinsældunum og áhuganum sem ríkir á bandinu. Nýbreytnin er einkar hressandi.

En sjálfsöryggið er tvíeggjað sverð. Hjaltalín er ekki allra og eflaust koma einhverjir til með að láta lítt beislaða dramatíkina sem umlykur Terminal, aðra breiðskífu sveitarinnar, fara í taugarnar á sér. Platan er langt því frá auðmelt og krefst dálítillar yfirlegu, en þó ætti að vera á færi jafnvel forhertustu efasemdarmanna að sogast inn í vandað verkið að lokum.

Á Terminal stígur Hjaltalín mjög einbeitt skref fram á við frá frumburðinum Sleepdrunk Seasons frá 2007. Enn eimir af huggulegum Spilverks-áhrifum með sínum blásturs- og strengjahljóðfærum, en fjölbreytninni er gert margfalt hærra undir höfði með sálarpoppi, diskói og skítugum gítarleik á köflum, svo fátt eitt sé nefnt. Þá býr platan yfir merkilega skýrum fókus þótt skipt sé um stíla eins og nærbuxur milli laga.

Söngvarinn, Högni Gunnarsson, hefur bætt sig gríðarlega og fer hamförum á Terminal. Með góðum vilja mætti líkja þessari þróun við breytinguna sem átti sér stað á Michael Stipe í árdaga R.E.M., þegar þokkalegasta raulararödd umhverfðist í eina þá bestu, persónu- og auðþekkjanlegustu í bransanum á örfáum árum. Söngkonan Sigríður Thorlacius stendur sig vel eins og fyrri daginn, og sömu sögu er að segja af mannmargri grúppunni eins og hún leggur sig.

Lagasmíðarnar bera með sér metnað og natni. Af mörgum hápunktum má nefna hið hörkugóða upphafslag Suitcase Man, poppsmíðarnar Sweet Impressions og Stay By You (sem báðar hafa á sér notalegan seventís-blæ), Feels Like Sugar (sem byrjar ankannalega áður en það nær glæsilegu hámarki í lokin og þrælvirkar eflaust á tónleikum) og hið rólega og gullfallega Sonnet for Matt (með einkar spar- og smekklega nýttum bakröddum í lokin). Litlu síðri eru diskósmellurinn 7 Years, Hooked on Chili og rokkarinn Water Poured in Wine.

Útsetningar eru víðast hvar viðamiklar, dansa sumar á mörkum þess að vera ofhlaðnar en haldast þó réttum megin við strikið. Frávikið er væmna lokalagið Vanity Music, sem minnir óþægilega mikið á þreytta söngleikjalummu. Ef lagið er hugsað sem brandari, eins og titillinn (Hégómleg tónlist) bendir reyndar til, verður það að teljast afspyrnu ófyndinn og vanhugsaður djókur.

Feillinn í lokin breytir þó sáralitlu um gæði verksins í heild. Hjaltalín er í góðu formi og Terminal er ein af plötum ársins.

**Kjartan Guðmundsson**

**Niðurstaða:** Feiknafín plata frá einni frumlegustu sveit landsins.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 26. nóvember 2009**

### Tónleikar

**19.30** Lettneska sópransöngkonan **Inessa Galante** kemur fram á tónleikum sínfóníuhljómsveitarinnar í **Háskólabíói** við Hagatorg. Á efnisskránni verða m.a. verk eftir G. Rossini, P. Tsjajkovskíj og G. Verdi.



**20.00** **Edgar Smári** og **Símon Hjaltason** halda útgáfutónleika í **Ýmishúsinu** við Skógarhlíð. Þeir spila hrátt og vinalegt kassagítarpopp í anda Turin Brakes og Crosby, Stills and Nash. Húsið verður opnað kl. 19.30.

**20.00** Konsertpíanistinn **Denver Oldham** heldur tónleika í Bíósal **Duushúsa** við Duusgötu í Reykjanesbæ. Á efnisskránni verða m.a. verk eftir Mozart, G. Gershwin og F. Liszt.

### Opnanir

**20.00** **Tolli** opnar myndlistarsýningu í **Smðjunni-Listhúsi** við Ármúla 36. Sýningin verður opin alla virka daga kl. 10-18 og um helgar kl. 12-16.

### Pub Quiz

**20.00** **Fótbolta Pub Quiz** verður haldið á **Enska barnum** við Austurstræti vikulega fram að jóllum. Vegleg verðlaun í boði og enginn aðgangseyrir. Nánari upplýsingar á www.sammarinn.com.

### Upplestur

**20.00** Á **Súfistanum** við Laugaveg 18 munu rithöfundar kynna verk sín og lesa valda kafla. Fram koma **Sigurður Pálsson**, **Jónína Leósdóttir**, **Steinar Bragi**, **Ragna Sigurðardóttir** og **Inga Dóra Björnsdóttir**.

**20.00** **Menningarmiðstöðin Hafnarborg** við Strandgötu í Hafnarfirði efnir til bókakynningar. **Ragna Sigurðardóttir**, **Oddný Eir Ævarsdóttir** og **Kristín Ómarsdóttir** lesa upp úr verkum sínum. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

**20.30** **Glæpakvöld Hins íslenska glæpafélags** á **Grand Rokki** við Smiðjustíg. Meðal þeirra sem fram koma eru Viktor Arnar Ingólfsson, Yrsa Sigurðardóttir og Ævar Örn Jósefsson.

# Góðhjörtuð söngdíva

**Söngkonan Lady Gaga pantaði hátt í hundrað pitsur fyrir svanga aðdáendur sína sem höfðu beðið margar klukkustundir í röð til að fá eiginhandaráritun. Á Twitter-síðu sinni skrifaði söngkonan: „Pantaði pitsur fyrir litlu skrímslin mín sem biðu eftir mér í alla nótt fyrir utan Best Buy. Vona að þið séuð svöng. Borðið ykkur södd.“ Söngkonan gaf pitsusendlinum líka dágóða summu í þjórfé.**



**GÓÐHJÖRTUÐ** Splæsti í flatbökur handa svöngum aðdáendum.




www.ellingsen.is






### DEVOLD ACTIVE
dömu og herra
XS–XXL

Hrindir frá sér raka og heldur líkamanum þurrum og heitum jafnvel þótt flíkin sé blaut af svita eða snjó og frostið fari niður í -20°C.

### DEVOLD EXPEDITION
dömu og herra
XS–XXL

Tveggja laga fatnaður, bæði lögin úr merínó–ull. Heldur líkamanum heitum og þurrum þótt frostið fari niður í -50°C .

### DEVOLD MULTI SPORT
dömu og herra
XS–XXL

Einfaldur og léttur ullarfatnaður úr hreinni ull sem lagar sig fullkomlega að líkamanum. Miðast við -10°C.

### DEVOLD ACTIVE BABY
fáanlegt í bleiku og bláu
Stærð 56–98

Einfaldur ullarfatnaður úr léttri merínó–ull sem einangrar gegn kulda og eyðir raka.

**REYKJAVÍK**
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16

**AKUREYRI**
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
Opið mánud.–föstud. 8–18, laugard. 10–16

Ellingsen
*– fullt hús ævintýra*

### > Reading vill semja við Gunnar Heiðar

Eyjapeyinn Gunnar Heiðar Þorvaldsson, sem er búinn að vera á reynslu hjá enska b-deildarfélaginu Reading, skoraði bæði mörk varaliðs félagsins í 2-1 sigri liðsins gegn Bristol Rovers í vináttuleik sem var spilaður fyrir luktum dyrum í gærdag. Gunnar Heiðar skoraði mörkin tvö snemma leiksins en síðara markið var að sögn vefmiðilsins getbracknell einkar glæsilegt. Knattspyrnustjórinn Brendan Rodgers hjá Reading vonast samkvæmt heimildum áðurnefnds vefmiðils til þess að geta gengið bráðlega frá félagaskiptum Gunnars Heiðars en Gunnar Heiðar er á mála hjá danska félaginu Esbjerg.



sport

sport@frettabladid.is

**AKUREYRALIÐIÐ Í N-1 DEILD KARLA Í HANDBOLTA:** VANN NAUMAN 27-26 SIGUR Á HK Í FRÁBÆRUM LEIK Í GÆR

# *Leikir Akureyringa eru ekki fyrir hjartveika*

Enn og aftur bauð Akureyri upp á spennandi leik á heimavelli, nú gegn HK í gær. Og enn og aftur var það óþarfi hjá liðinu sem leiddi með fjórum mörkum þegar tíu mínútur lifðu leiks. Liðið var heppið, HK jafnaði og hefði getað komist yfir, gestirnir skutu síðan í stöngina, stöngina og út og skoruðu síðan um leið og lokaflautan gall en markið var ekki dæmt gilt.

„Við erum að bjóða upp á mestu spennuleikina hérna hvað eftir annað án þess að þurfa það. Við erum með leikinn í höndunum þegar það eru tíu mínútur eftir en við urðum að hafa spennu í þessu. Ég efast ekki um að við séum lið fólksins, þeir sem mættu núna mæta líka næst. Þetta er ekki fyrir hjartveika,“ sagði Rúnar Sigtryggsson, glaðbeittur þjálfari Akureyrar eftir leikinn.

HK byrjaði betur, komst í 3-7 en þá skoraði Akureyri fimm í röð og komst yfir. Jafnt var í hálfleik 16-16 en Akureyri var betra liðið fyrstu 20 mínúturnar í seinni hálfleik. Liðið var svo einfaldlega heppið að landa sigri.



„Þegar það er stutt eftir ætlum við að fara að verja forskotið sem við erum búnir að vinna okkur inn og við eigum skilið. Á sama tíma taka þeir sénsa og ná að komast inn í leikinn. Á meðan hættum við að spila okkar leik,“ sagði Rúnar sem var augljóslega létt eftir leikinn.

Kollegi hans hjá HK, Gunnar Magnússon, var að vonum svekktur eftir leik en hrósaði sínum mönnum fyrir góðan karakter. „Þetta er bara dæmigert fyrir það að það er ekki alveg allt að ganga upp hjá okkur eins og staðan er í dag. Ég er ánægður með varnarleikinn og Sveinbjörn var góður fyrir aftan. Sóknarleikurinn var ekkert frábær, við eigum aðeins inni þar, en ég er engu að síður ánægður með karakterinn í liðinu. Baráttan var alveg til fyrirmyndar og við gáfumst aldrei upp. Ég verð að hrósa strákunum fyrir þennan leik,“ sagði Gunnar.

„Að mínu mati hefði jafntefli verið sanngjarnt en engu að síður endar þetta svona. Við fáum á okkur tvær mínútur þegar það eru tvær mínútur eftir fyrir kjaft sem ég get bara ekki útskýrt. Það er óafsakanlegt og algjört lykildæmi í þessum leik, svo stórt að við réðum bara ekki við það. Það er bara staðreynd.“

## ÚRSLIT Í GÆR

### *N1 deild karla*

Akureyri-HK 27-26 (16-16)

Mörk Akureyrar (skot): Oddur Grétarsson 6 (7), Jónatan Magnússon 5 (8/1), Árni Þór Sigtryggs son 5 (13), Andri Snær Stefánsson 4/1 (6), Hörður F. Sigþórsson 3 (3), Heimir Örn Árnason 3 (7), Guðmundur H. Helgason 1 (2).
Varin skot: Hörður Flóki Ólafsson 17 (43) 40%
Mörk HK: Valdimar Þórsson 8/4 (16), Ólafur Víðir Ólafsson 7/1 (9), Atli Ingólfsson 5 (7), Sverrir Hermannsson 3 (8/1), Vilhelm Gauti Bergsveins son 2 (5), Hákon Hermannsson Bridde 1 (3), Atli Bachmann 1 (2), Ragnar Hjaltested 0 (5).
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 16 (43) 37%

### *N1-deild kvenna*

Valur-Fram 21-21 (11-10)

Mörk Vals (skot): Kristín Guðmundsdóttir 4 (8), Hrafnhildur Skúladóttir 4/1 (11/3), Ágústa Edda Björnsdóttir 3 (7), Katrín Andrésdóttir 3 (7/1), Hildigunnur Einarsdóttir 2 (2), Anna Úrsúla Guð mundsdóttir 2 (3), Íris Ásta Pétursdóttir 2 (5).
Varin skot: Berglind Íris Hansdóttir 16 (43%)
Mörk Fram (skot):Karen Knútsdóttir 5/3 (13/4), Guðrún Þóra Hálfdánardóttir 4 (6), Stella Sigurð ardóttir 4/1 (14/2), Pavla Nevarilova 2 (2), Ásta Birna Gunnarsdóttir 2 (3), Hildur Þorgeirsdóttir 2 (3), Marthe Sördal 2 (3).
Varin skot: Írís Björk Símonard. 25/1 (53%).

### *Iceland Express kvenna*

Keflavík-Hamar 72-53 (22-26)

Stig Keflavíkur: Bryndís Guðmundsdóttir 23, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 15, Kristi Smith 13, Marín Rós Karlsdóttir 7, Svava Ósk Stefánsdóttir 6, Rannveig Randversdóttir 4, Hrönn Þorgríms dóttir 2, Sigrún Albertsdóttir 2.
Stig Hamars: Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 19, Koren Schram 14, Kristrún Sigurjónsdóttir 11, Fanney Lind Guðmundsdóttir 4, Guðbjörg Sverrisdóttir 2, Jenný Harðardóttir 2, Hafrún Hálfdánardóttir 1.

Grindavík-Haukar 95-80 (52-36)

**Atkvæðamestar:** Michele DeVault 26 (11 frák.), Íris Sverrisdóttir 22 (9 fráköst, 6 stoðsendingar), Petrúnella Skúladóttir 21 - Heather Ezell 37, Telma Björk Fjalarsdóttir 17.

Snæfell-Valur 73-52 (34-21)

**Atkvæðamestar:** Kristen Green 21 (12 frák., 6 stoðs.), Gunnhildur Gunnarsdóttir 12 (7 stoðs.) - Birna Eiríksdóttir 16, Hanna Hálfdanardóttir 12, .

KR-Njarðvík 82-58 (39-28)

### *Meistaradeildin:*

**A-RIÐILL**

Bayern Munich-Maccabi Haifa 1-0
1-0 Ivica Olic (62.).
Bordeaux-Juventus 2-0
1-0 Fernando (54.), 2-0 Marouane Chamakh (90.)
Stigin: Bordeaux 13, Juventus 8, Bayern Munich 7, Maccabi Haifa 0.

**B-RIÐILL**

Man Utd v Besiktas 0-1
0-1 Rodrigo Tello (20.).
CSKA Moskva-Wolfsburg 2-1
0-1 Edin Dzeko (19.), 1-1 Tomas Necid (58.), 2-1 Milos Krasic (66.).
Stigin: Manchester United 10, Wolfsburg 7, CSKA Moskva 7, Besiktas 4.

**C-RIÐILL**

AC Milan-Marseille 1-1
1-0 Mario Borriello (10.), 1-1 Lucho González(16.)
Real Madrid-FC Zurich 1-0
1-0 Gonzalo Higuain (21.)
Stigin: Real Madrid 10, AC Milan 8, Marseille 7, FC Zurich 3.

**D-RIÐILL**

FC Porto-Chelsea 0-1
0-1 Nicolas Anelka (69.).
Apoel Nicosia-Atletico Madrid 1-1
1-0 Nenad Mirosavljevic (5.), 1-1 Simao Sabrosa (62.)
Stigin: Chelsea 13, Porto 9, Atletico Madrid 3, Apoel Nicosia 2.

### *Enska úrvalsdeildin:*

Hull-Everton 3-2
1-0 Stephen Hunt (9.), 2-0 Andy Dawson (20.), 3-0 Dean Marney (28.) 3-1 Sjálfsmark (49.), 3-2 Louis Saha (64.),
Fulham-Blackburn 3-0
1-0 Erik Nevland (43.). 2-0 Clint Dempsay (67.), 3-0 Dempsay (88.)

# Bayern München enn á lífi

**AC Milan slapp með skrekkinn á heimavelli á móti Marseille og er í ágætum málum. Chelsea tryggði sér sigur í sínum riðli en Manchester United tókst það ekki þar sem liðið tapaði fyrir Besiktas á Old Trafford.**

**FÓTBOLTI** Ekkert lið náði að tryggja sér sæti í sextán liða úrslitunum þegar næst síðasta umferðin fór fram í riðlum A til D í Meistaradeildinni í fótbolta í gær. Juventus, Wolfsburg, Real Madrid og AC Milan áttu öll möguleika á að tryggja sig áfram en þurfa þess í stað að bíða þangað til í síðustu umferð til þess að tryggja sér sæti í hópi sextán bestu lið Evrópu.

Bayern München vann sér inn hreinan úrslitaleik á móti Juventus eftir 1-0 sigur á Maccabi Haifa. Juventus hefði getað tryggt sig áfram en tapaði hins vegar 2-0 á útivelli á móti Bordeaux. Franska liðið tryggði sér með því sigur í riðlinum. Sigur Bayern var ekki sannfærandi og liðið þarf að spila betur í lokaumferðinni þar sem þýska liðið mætir Juventus á Ítalíu.

AC Milan slapp á sama tíma með skrekkinn á móti franska liðinu Marseille og er í ágætum málum eftir 1-1 jafntefli á San Siro. Marseille fékk nokkur góð færi til þess að tryggja sér sigurinn en þarf nú annaðhvort að vinna Real með meira en fjórum mörkum eða treysta á það að AC Milan takist ekki að vinna Zürich.

Real Madrid vann 1-0 sigur á FC Zürich og er með tveggja stiga forskot á Milan fyrir lokaumferðina.

Nicolas Anelka tryggði Chelsea 1-0 útisigur á Porto og um leið sigurinn í D-riðlinuum. Atletico Madrid náði aðeins jafntefli á Kýpur.

Það urðu mjög óvænt úrslit á Old Trafford þegar Manchester United tapaði sínum fyrsta heimaleik í keppninni í fjögur ár.

Sir Alex Fergusson gerði átta breytingar á liði Manchester United sem vann Everton í deildinni á sunnudaginn og telfdi fram hálf-



**MIKILVÆGT** Leikmenn Bayern München unnu mikilvægan sigur á Maccabi Haifa í gær og eiga því enn möguleika á sæti í sextán liða úrslitum. MYND/AFP

gerðu varaliði á móti Besiktas. Það nýttu Tyrkirnir í Besiktas sér og unnu 1-0 sigur.

United-liðið hefur þar með lent í vandræðum í tveimur síðustu heimaleikjum sínum í keppninni og liðinu mistókst að tryggja sér sigurinn í riðlinum. Manchester var fyrir leikinn búið að spila 23 heimaleiki í röð í Meistaradeildinni án

Það verður mikil spenna í lokaumferðinni, bæði um hvaða lið fylgir United inn í 16 liða úrslitin en einnig um hvaða lið vinnur riðilinn.

Wolfsburg tapaði fyrir CSKA Moskvu og liðin eru þar með jöfn að stigum. Þýska liðið fær þá toppliðið Manchester í heimsókn. Sigur Wolfsburg myndi ekki aðeins tryggja liðinu sæti í hópi sextán bestu heldur myndi þýska liðið þá einnig tryggja sér sigur í riðlinum vinni liðið leikinn með tveggja marka mun. **ooj@frettabladid.is**



**23 STIG** Bryndís Guðmundsdóttir var góð hjá Keflavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Iceland Express kvenna:

## Keflavík komið á mikið flug

**KÖRFUBOLTI** Keflavíkurkonur unnu sinn fjórða leik í röð þegar liðið vann 19 stiga sigur á Hamar, 72-53, í kvennakörfunni í gærkvöldi. Keflavíkurkonur létu ekki slæma byrjun koma í veg fyrir að þær héldu sigurgöngu sinni áfram. Hamar komst í 24-12 og var 26-22 yfir í hálfleik.

Frábær sprettur í þriðja leikhluta breytti hinsvegar öllu, Keflavíkurliðið skoraði 14 stig í röð og breytti stöðunni úr 26-35 í 40-35 á rúmum fimm mínútum.

Keflavík kláraði síðan leikinn með sannfærandi hætti. Bryndís Guðmundsdóttir átti enn einn stórleikinn með Keflavíkurliðinu en liðið hefur unnið 4 af 5 leikjum sínum síðan hún kom inn í liðið.

Tap Hamars þýddi að KR-konur juku forskot sitt í sex stig eftir áttunda sigur sinn í röð þegar liðið vann nýliða Njarðvíkur. Grindavík vann sinn þriðja leik í röð þegar liðið vann Íslandsmeistara Hauka sannfærandi og Snæfell vann síðan fyrsta sigur sinn í meira en mánuð þegar liðið vann Kanalaust Valsliðið með 21 stigs mun. **- óój**

Erkifjendurnir Valur og Fram gerðu jafntefli í baráttuleik í N1-deild kvenna í handbolta í gærkvöldi:

# Jafntefli í spennandi Reykjavíkurslag

**HANDBOLTI** Valur og Fram gerðu jafntefli, 21-21, í miklum baráttuleik í N1-deild kvenna í handbolta í gærkvöldi. Einar Jónsson, þjálfari Fram, var svekktur í leikslok yfir að taka ekki öll stigin.

„Ég hefði nú viljað taka bæði stigin hér í kvöld. Þetta var samt eiginlega alveg dæmigerður leikur á milli Vals og Fram þar sem liðin skiptast á að eiga góða leikkafla. Liðin eru bæði mjög hröð og eru fljót að refsa og þetta verður mjög kaflaskipt og það er það skemmtilega við handboltann að maður veit aldrei hverju maður á von á,“ sagði Einar.

Gestirnir í Fram mættu betur stemmdir til leiks í vægast sagt kaflaskiptum fyrri hálfleik og komust fljótlega í 1-5 forystu. Það reyndist hins vegar skammgóður vermir því Valsstúlkur hrukku þá í gang og skoruðu átta mörk í röð og breyttu stöðunni í 9-5. Markvörðurinn Íris Björk Símonardóttir sá hins vegar til þess að Fram náði að klóra sig aftur inn í leikinn en hún varði 18 skot í skrautlegum fyrri hálfleiknum. Staðan var 11-10 Val í vil þegar hálfleiksflautan gall í miklum baráttuleik eins og gjarnan tíðkast þegar þessi lið mætast.

Síðari hálfleikurinn var mjög jafn og spennandi en Fram var alltaf skrefinu á undan og staðan var 17-19 þegar um tíu mínútur voru eftir af leik.

Munurinn var enn tvö mörk þegar fimm mínútur voru eftir á leikklukkunni en þá fylgdu tvö mörk í röð hjá Val. Lokamínúturnar voru æsispennandi.

Hildur Þorgeirsdóttir kom Fram í 20-21 og gestirnir í fínni stöðu til þess að hirða þau stig sem í boði voru en Kristín Guðmundsdóttir var á öðru máli og jafnaði leikinn 21-21 og það reyndist niðurstaðan. Valur er enn taplaus í deildinni og aðeins stigi á eftir toppliði Stjörnunnar og á leik til góða og Stefán Arnarson, þjálfari Vals, var því ágætlega sáttur í leikslok.

„Við tökum það frá þessum leik að við erum enn þá taplaus. Byrjunin var náttúrulega skelfileg hjá okkur en við náðum að svara því eftir gott leikhlé.

Ég vissi annars alltaf að þetta yrði jafn leikur og mér fannst lið mitt leggja sig mjög mikið fram, sérstaklega á stórum leikköflum í síðari hálfleik þegar við vorum manni færri. Ég hefði annars viljað fá fleiri mörk úr hraðaupphlaupum og við þurfum að vinna betur í því,“ sagði Stefán að lokum. **- óþ**



**HART Á TEKIST** Stella Sigurðardóttir fær hér óblíðar móttökur hjá Valsstúlkum í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SPORT 2
enski boltinn

# JÓLA ÆVINTÝRI

## Í ENSKA BOLTANUM

4 UMFERÐIR UM HÁTÍÐIRNAR
50 LEIKIR Í DESEMBER SEM SKERA ÚR UM

## Hver Trónir á Toppnum

Í LOK ÁRS




ÞAÐ ER ÓDÝRARA AÐ HORFA Á ENSKA BOLTANN HEIMA

vodafone | Iceland Express | MMIX | vörður

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# GÓÐAR FRÉTTIR

## Nú er Fréttablaðið aðgengilegt hringinn í kringum landið.

Fríðreifing verður áfram á höfuðborgarsvæðinu, suðvesturhorninu, Akranesi, Reykjanesi, Akureyri, í Borgarnesi og Árborg.

Nú verður Fréttablaðið líka aðgengilegt í öllum öðrum landshlutum og fæst í lausasölu á kostnaðarverði.

Þeir sem hafa áhuga á að fá blaðið til sölu á kostnaðarverði vinsamlegast hafi samband við Pósthúsið í síma 585 8300.




### Hér færðu Fréttablaðið á kostnaðarverði:

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Ásbyrgi** | Verslunin Ásbyrgi | **Neskaupstaður** | Olís |
| **Bakkafjörður** | Mónakó | **Ólafsfjörður** | Olís |
| **Baula** | Verslun | **Ólafsvík** | N1 – Olís |
| **Blönduós** | N1 | **Patreksfjörður** | Grillskálinn Patreksfirði |
| | Potturinn og pannan | | N1 |
| **Dalvík** | N1 – Olís | **Raufarhöfn** | Verslunin Urð |
| **Egilsstaðir** | N1 | **Reyðarfjörður** | N1 – Olís – N1 |
| **Eskifjörður** | Shell skáli | **Rif** | Umboð Shell / Tandur |
| | Kría veitingastaður | **Sauðárkrókur** | N1 – Shell skáli |
| **Fellabær** | Olís | | Hlíðarkaup |
| **Grundarfjörður** | Hrannarbúð | **Siglufjörður** | Olís |
| **Hella** | Olís | **Skagaströnd** | Olís |
| **Hellissandur** | Hraðbúð N1 | **Staðarskáli** | N1 |
| | Shell | **Stykkishólmur** | Bónus – Olís – Bakarí |
| **Hrísey** | Eyjaljósið | **Stöðvarfjörður** | Brekkan veitingastaður |
| **Húsavík** | N1 – Olís – Shell skáli | **Víðigerði** | Verslunin Víðigerði |
| **Hvolsvöllur** | N1 – Söluskálinn Björk | **Vík** | N1 |
| **Höfn** | N1 – Olís | **Vopnafjörður** | N1 |
| **Ísafjörður** | N1 | **Þórshöfn** | N1 |
| **Kópasker** | Búðin Kópasker | | |

**Hægt er að fá Fréttablaðið sent frítt í tölvupósti á morgnana eða nálgast það á Visir.is.**




**Allt sem þú þarft...**




**Á HLIÐARLÍNUNNI** Dagur Sigurðsson stýrir sínum mönnum í Füchse Berlín. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

# Austurríkismenn vilja halda Degi sem landsliðsþjálfara

**Degi Sigurðssyni hefur verið boðið að halda áfram sem landsliðsþjálfari Austurríkis eftir að EM lýkur. Hann er einnig þjálfari Füchse Berlin í Þýskalandi.**

**HANDBOLTI** Haustið hefur verið annasamt hjá handboltaþjálfaranum Degi Sigurðssyni. Hann er nú á sínu fyrsta tímabili sem þjálfari þýska úrvalsdeildarfélagsins Füchse Berlín auk þess sem hann hefur áfram sinnt starfi þjálfara austurríska landsliðsins.

Austurríkismenn eru nú að undirbúa sig af fullum krafti fyrir Evrópumeistaramótið í handbolta sem haldið verður þar í landi í janúar næstkomandi. Ísland er einmitt með Austurríki í riðli þar sem Dagur mun mæta mörgum af sínum gömlu félögum í landsliðinu.

„Jú, það hefur verið nóg að gera," segir Dagur í léttum dúr. „Það er líka spilað þétt þessa dagana og því í nógu að snúast. Það hefur gefist lítill tími fyrir landsliðið en ég var þó með liðið í heila viku þegar við spiluðum á æfingamóti í Linz."

### Vann Serdarusic í fyrsta leik

Þar báru Austurríkismenn sigur úr býtum og unnu til að mynda sterkt lið Slóvena í fyrsta leik liðsins undir stjórn Noka Serdarusic, fyrrum þjálfara Kiel.

„Ég tel að liðið sé á ágætisróli. Við eigum okkar vandamál eins og öll önnur lið en helst er það að við erum ekki með jafn sterkt lið og önnur í okkar riðli. Markmiðið er auðvitað að komast upp úr riðlinum en hvort það er raunhæft get ég ekki fullyrt um. Austurríki er með lakasta liðið á pappírnum en á móti kemur að við verðum á heimavelli og það getur vel unnið með okkur," segir Dagur.

Upphaflega samdi Dagur um að stýra liðinu fram yfir EM en þó svo að því verkefni sé ekki lokið vilja forráðamenn austurríska handboltasambandsins halda Degi sem landsliðsþjálfara.

### Tímafrekt að þjálfa tvö lið

„Mér hefur verið boðið að halda áfram með liðið og ég hef verið svolítið að teygja lopann. Ég vil sjá fyrst hvernig hlutirnir þróast hér og hvort ég treysti mér til að vera áfram með bæði lið áður en ég svara. Það þekkist þó vel enda er ég ekki sá eini sem gerir þetta í þýsku úrvalsdeildinni. En þetta er afar tímafrekt og einhvern tímann verður maður að geta hlaðið batteríin og tekið sér frí."

Dagur segir að almenn ánægja sé með gengi austurríska landsliðsins. „Þeir eru ánægður með hvað það virðist vera góður bragur á liðinu. Hingað til hefur austurríska landsliðið ekki þótt merkilegur pappír en við höfum verið að standa í sterkum liðum þegar við spilum vel og erum ef til vill örlítið vanmetnir. En það þarf líka hafa það í huga að við höfum bara verið að spila æfingaleiki og allir mínir leikmenn hafa enga reynslu af því að spila á stórmótum. Ég veit vel hvað það getur verið erfitt og mikilvægt að menn séu með hausinn í lagi í slíkum törnum."

Hann á þó von á því að svara Austurríkismönnum fyrir áramót. „Það er svo sem ekkert stress vegna málsins en ég á von á því að fá símtal fljótlega þar sem ég verð væntanlega krafinn um svar."

### Skrýtið að mæta æskufélögunum

Hinn 21. janúar næstkomandi munu Austurríki og Ísland eigast við á EM. Dagur getur ekki neitað því að það verði sérstök upplifun fyrir sig.

„Ég á marga góða vini í liðinu og sumir þeirra eru æskuvinir, eins og Ólafur [Stefánsson] og Óskar Bjarni [Óskarsson, aðstoðarþjálfari]. Ég ólst upp með þessum strákum og það verður sérkennilegt að mæta þeim í þessum leik."

En skyldi hann fá samviskubit ef honum tekst að vinna sigur á íslenska liðinu og jafnvel sjá til þess að Ísland komist ekki áfram í milliriðlakeppnina?

„Nei, held ég ekki. Þetta snýst fyrst og fremst um að vinna leikina óháð því hver andstæðingurinn er og þeir komast áfram sem eiga það skilið." eirikur@frettabladid.is

Portsmouth leitar líklega ekki langt yfir skammt til að finna eftirmann Harts:

# Grant tekur líklega við liðinu

**FÓTBOLTI** Breskir fjölmiðlar greindu frá því í gærkvöldi að Avram Grant yrði líklega formlega tilkynntur sem nýr knattspyrnustjóri Portsmouth en Paul Hart var sem kunnugt er rekinn sem stjóri liðsins á þriðjudag. Um innanbúðarskipti yrði að ræða þar sem Grant var skipaður yfirmaður knattspyrnumála hjá Portsmouth í október. Þá hefur Hart verið boðið að starfa áfram hjá félaginu sem tæknilegur ráðgjafi hjá unglingaliðum þess.

Darren Ferguson og Alan Curbishley hafa einnig verið nefndir til sögunnar í tengslum við stjórastöðuna hjá Portsmouth en Grant mun vera efstur á óskalista forráðamanna félagsins.

Hinn 54 ára gamli Grant var fyrst ráðinn yfirmaður knattspyrnumála hjá Portsmouth árið 2006 en stoppaði þá stutt við hjá félaginu og tók við sama hlutverki hjá Chelsea árið 2007. Grant tók svo við knattspyrnustjórn Lundúnafélagsins þegar José Mourinho hvarf á braut í september árið 2007 og stýrði því alla leið í úrslitaleik Meistaradeildarinnar, til deildarbikarstitils og harðrar titilbaráttu gegn Manchester United í deildinni.

Grant er reyndar enn að bíða eftir því að fá atvinnuleyfi á Englandi en samkvæmt heimildum BBC-fréttastofunnar ætti það að geta gengið í gegn fyrir helgi. Á laugardag fær Portsmouth Englandsmeistara Manchester United í heimsókn á Fratton Park.

Hermann Hreiðarsson leikur sem kunnugt er með Portsmouth en félagið er sem stendur í botnsæti deildarinnar. - óþ



**AVRAM GRANT** Þykir líklegastur samkvæmt breskum fjölmiðlum til þess að taka við Portsmouth. NORDIC PHOTOS/AFP



Betra verð
Gæði, þjónusta og ábyrgð - það er TENGI
TENGI
Ifö
mora
Mora FMM sturtusett
Verð kr. 4.980,-
Ifö
IFÖ innrétting 75 cm
Verð kr. 69.900,-
Sphinx
Ifö
IFÖ Next sturtuklefi 80x80
Verð kr. 99.900,-
Sphinx Lugano borðhandlaug
Verð kr. 9.900,-
IFÖ salerni með setu
Verð kr 34.900,-
GEBERIT
mora
Sphinx
Mora FMM eldhústæki
Verð kr. 9.900,-
Sphinx upphengt salerni,
geberit kassi, seta og spjald
Verð kr. 55.400,-
Adrian stál ræstivaskur
Verð kr. 22.410,-
mora
mora
Mora baðtæki
Verð kr. 24.900,-
Mora sturtut. með upp/niðurst.
Verð kr.17.430,-
Mora FMM handlaugartæki
Verð kr. 9.900,-
Fagmennska í fyrirrúmi
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050
Opið virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is

## > Emily Procter

„Mér finnst ágætt að líta út fyrir að vita minna en ég geri. Það verður enginn hissa ef ég segi eitthvað heimskulegt en allir taka eftir því þegar ég segi eitthvað gáfulegt.“

***Procter fer með hlutverk lögreglukonunnar Calleigh í þættinum CSI: Miami sem Skjár einn sýnir í kvöld kl. 21.50.***



# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR FYLGIST MEÐ EIGENDATAMNINGU CESAR MILAN

## *Úlfur, úlfur og heimsins stærsta stingskata*



Hundaþjálfarinn Cesar Millan er ein af mínum uppáhalds sjónvarpsstjörnum. Cesar þessi stendur fyrir þættinum The Dog Whisperer á Nat Geo Wild, þar sem hann fær í hendur erfið verkefni sem snúa að kolbrjáluðum hundum sem eru ekki í húsum hæfir, urra á eigendur sína, naga sig í gegnum veggi og glefsa í gesti og gangandi. Cesar mætir sem hinn frelsandi engill með lausnirnar á reiðum höndum. Yfirleitt snúast þær síst um að aga hundinn heldur miklu fremur að ala upp eigendurna, sem með sinni hegðun hafa orsakað óþekktina í hundunum sínum.

Á þriðjudaginn tók Cesar að sér það hlutverk að hjálpa pari sem tekið hafði að sér tvo hunda sem voru blanda af hundi og úlfi. Slíkir hundar eru sérstaklega erfiðir í umgengni þar sem eðlið spilar enn stærri þátt í hegðun þeirra en hjá venjulegum hundum. Aðferð Cesars var þó hin sama og venjulega; eigandinn varð að vera leiðtoginn í sambandinu, vera rólegur og yfirvegaður og láta hundinn finna að það væri hann sem réði. Þetta eru snilldarþættir og mæli ég með þeim.

Sama kvöld horfði ég á þátt um mann sem var í leit að stærstu ferskvatnsstingskötu heims. Hann veiddi ásamt teymi manna stingskötur í Taílandi, vóg þær og græddi í þær staðsetningarbúnað. Magnað var að sjá þessar risavöxnu skepnur í lítilli sundlaug og ósjálfrátt varð manni hugsað til Steve Irwin sem lést fyrir nokkrum árum eftir að stingskata stakk hann með halanum. Þrátt fyrir nokkuð sakleysislegt útlit eru þær stórhættulegar.

Líklega hefur það kitlað margan fiskveiðiáhugamanninn að sjá viðureign nokkurra manna sem veiddu stingskötu á veiðistöng. Marga klukkutíma tók að koma henni upp úr vatninu en talið er að skatan hafi vegið um 200 kíló, aldeilis flottur fengur það. Þess skal getið að allar sköturnar fengu frelsið í þættinum og engin þeirra dó … svo vitað sé.

## FIMMTUDAGUR



▶ **17.30 The O.C. 2** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **18.30 What I Like About You** SKJÁREINN



▶ **18.30 Mæðralíf** SJÓNVARPIÐ



▶ **19.50 Fangavaktin** STÖÐ 2



▶ **20.00 Grilled** STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**15.45 Kiljan** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.15 Táknmálsfréttir**

**17.25 Flautan og litirnir** (8:9) (e)

**17.45 Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn** (7:12) (e)

**18.00 Stundin okkar** (e)

▶**18.30 Mæðralíf** (In the Motherhood) (2:7) Bandarísk gamanþáttaröð um þrjár konur sem reyna eftir megni að sinna móðurhlutverkinu, vinnunni og ástalífinu án árekstra.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Eldað með Jóhönnu Vigdísi** Matreiðsluþáttaröð í umsjón Jóhönnu Vigdísar Hjaltadóttur.

**20.40 Bræður og systur** (Brothers and Sisters III) (63:63) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.

**21.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (9:12) Þáttaröð um vísindi. Umsjónarmaður er Ari Trausti Guðmundsson.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Framtíðarleiftur** (Flash Forward) (5:13) Bandarísk þáttaröð. Alríkislögreglumaður kemur upp gagnagrunni yfir framtíðarsýnir fólks.

**23.10 Himinblámi** (Himmelblå) (e)

**23.55 Kastljós** (e)

**00.25 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 I Love You to Death**

**10.00 Space Jam**

**12.00 The Santa Clause**

**14.00 I Love You to Death**

**16.00 Space Jam**

**18.00 The Santa Clause**

▶**20.00 Grilled** Gamanmynd með Ray Romano og Kevin James í aðalhlutverkum.

**22.00 Flatliners**

**00.00 Thank You for Smoking**

**02.00 Hellraiser: Inferno**

**04.00 Flatliners**

**06.00 Semi-Pro**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Svampur Sveinsson, Lalli, Elías og Ævintýri Juniper Lee.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.20 Atvinnumennirnir okkar**

**11.00 Sjálfstætt fólk**

**11.45 Supernanny** (8:20)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 La Fea Más Bella** (76:300)

**13.45 La Fea Más Bella** (77:300)

**14.30 Eldsnöggt með Jóa Fel** (4:12)

**15.00 Ally McBeal** (8:23)

**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Bratz, Ævintýri Juniper Lee og Elías.

**17.03 Bold and the Beautiful**

**17.28 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (11:22)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (3:24) Charlie uppgötvar að Alan hefur verið að hitta fyrrverandi konuna sína. Til að koma í veg fyrir að Jack komist að því lofar Charlie að kjafta ekki frá. Judith býður Alan í drykk og endar það að sjálfsögðu með ósköpum.

▶**19.50 Fangavaktin** Georg hefur loksins náð takmarki sínu og þríeykið af bensínstöðinni af Laugaveginum er nú sameinað á ný. Ólafur kemst að því að hann hafði ranghugmyndir um fangelsi á meðan Daníel leiðir hann um sali Litla-Hrauns.

**20.30 Eldsnöggt með Jóa Fel** (9:12) Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel.

**21.05 NCIS** (16:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.

**21.55 Fringe** (1:22) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem talin eru vera af yfirnáttúrulegum toga.

**22.45 The Godfather 3**

**01.30 Fangavaktin**

**02.05 Catch a Fire**

**03.45 Havoc**

**05.10 The Simpsons** (11:22)

**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.

**07.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

**08.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

**09.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

**17.15 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.

**18.55 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.

**20.35 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**21.15 Super Six - World Boxing Classic** Útsending frá bardaga Andre Ward og Mikkel Kessler.

**22.00 Bestu leikirnir: Fylkir - Þróttur 18.08.03**

**22.30 World Series of Poker 2009**Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

**23.25 Poker After Dark**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Hull - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**15.40 Bolton - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.20 Tottenham - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.00 Goals of the Season 2006** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**19.55 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**20.30 PL Classic Matches** Chelsea - Sunderland, 1996. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.00 PL Classic Matches** Arsenal - Chelsea, 1996.

**21.30 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**22.25 Coca Cola-mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni.

**22.55 Fulham - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.10 Nýtt útlit** (8:10) (e)

**08.00 Dynasty** (14:29) (e)

**08.45 Innlit/ Útlit** (5:10) (e)

**09.15 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Nýtt útlit** (8:10) (e)

**12.50 Innlit/ Útlit** (5:10) (e)

**13.20 Pepsi MAX tónlist**

**16.50 Lífsaugað** (10:10) (e)

**17.30 Dynasty** (15:29)

**18.15 Fréttir**

▶**18.30 What I Like About You** (1:18) Holly er mikill fjörkálfur sem á það til að koma sér í vandræði og setur því allt á annan endann í lífi hinnar ráðsettu eldri systur sinnar.

**19.00 Game Tíví** (11:14)

**19.30 Fréttir** (e)

**19.45 King of Queens** (5:25) (e)

**20.10 The Office** (6:28) Michael og Holly fá slæmar fréttir frá höfuðstöðvunum og Dwight gerir Andy lífið leitt.

**20.35 30 Rock** (8:22) Flensa herjar á starfsliðið en það er ekki hægt að bólusetja alla og aðeins útvaldir fá sprautu.

**21.00 House** (6:24) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans.

**21.50 CSI: Miami** (6:25) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga.

**22.40 The Jay Leno Show**

**23.25 Nurse Jackie** (6:12) (e)

**23.55 United States of Tara** (6:12) (e)

**00.25 King of Queens** (5:25) (e)

**00.50 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Guðmundur Stefán Maríasson, Páll Þór Ármann og Haraldur Eiríksson hjá SVFR ræða ástandið á laxveiði á markaðnum.

**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm heldur áfram með sitt tveggja manna tal við Gunnar Dal.

**21.30 Grasrótin** Í umsjón Ásmundar Einars Daðasonar þingmanns vinstri grænna.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.55**

### Fringe

Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á um að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni Dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika og oftar en ekki flækjast þau í hrikalega atburðarás sem tengist risastóru samsæri stórfyrirtækis sem gæti mögulega ógnað framtíð mannkynsins.



## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Eldsnöggt með Jóa Fel**

**Stöð 2 kl. 20.30**

Við mælum með hollum og heimilislegum mat hjá Jóa Fel í kvöld. Á matseðlinum verður heimalagað sesarsalat með focaccia-brauði, grillaðir kjúklingaleggir með fersku ítölsku salati og bláberjakaka með ferskum bláberjum í desert.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Andrarúmur
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Kyrr kjör
**15.25** Raddir barna
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsperlur: Ég málaði aldrei drauma
**23.25** Bláar nótur í bland
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (9:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (10:25)
**17.30 The O.C. 2** (22:24) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
**18.15 Seinfeld** (19:24)
**18.45 Doctors** (9:25)
**19.15 Doctors** (10:25)
▶ **19.45 The O.C. 2** (22:24)
**20.30 Seinfeld** (19:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 Gossip Girl** (8:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartí.
**22.45 Grey's Anatomy** (5:23) Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.
**23.30 Medium** (13:19)
**00.15 True Blood** (10:12)
**01.05 Auddi og Sveppi**
**01.35 Sjáðu**
**02.05 Fréttir Stöðvar 2**
**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.35** After You've Gone **11.05** My Family **11.35** Absolutely Fabulous **12.05** Absolutely Fabulous **12.35** After You've Gone **13.05** Saxondale **13.35** Monarch of the Glen **14.25** Absolutely Fabulous **14.55** Strictly Come Dancing **16.25** How Do You Solve A Problem Like Maria? **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **19.00** Lead Balloon **19.30** Saxondale **20.00** Rob Brydon's Annually Retentive **20.30** Never Better **21.00** Dalziel and Pascoe **21.50** Lead Balloon **22.20** Saxondale **22.50** Never Better **23.20** Never Better **23.50** EastEnders

## DR 1

**12.30** Nær naturen **12.45** Hammerslag **13.10** Seinfeld **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.50** S P eller K **15.00** Boogie Update **15.30** Lloyd i Rummet **15.55** Den lyserode panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Pinky Dinky Doo **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Forsvundne danskere **19.30** Bankroverens sidste chance **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** The Wedding Singer **22.30** Forbrydelsen II **23.30** Seinfeld **23.50** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Viten om **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Ardna - Samisk kulturmagasin **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Men Kasper da! **17.05** Fritt fram **17.35** Suppeopera **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Forbrytelsen 2 **21.30** Anne-Kat. ser på tv **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Livet i Fagervik **23.25** Skavlan

## SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Doobidoo **12.05** Andra Avenyn **13.15** Fråga doktorn **14.00** Sommarpratarna **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Robins **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Niklas mat **19.30** Mitt i naturen **20.00** Plus **20.30** Ett fall för Louise **21.00** Debatt **21.45** Kulturnyheterna **22.00** Uppdrag Granskning **23.00** Skavlan




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Mér finnst veitingastaðurinn Núðluskálin á Skólavörðustíg mjög góður. Hitt uppáhaldið mitt er svo Grænt og grillað á Selfossi, en þar er hægt að fá rosalega góða grænmetisrétti.“*

Ragnheiður Eiríksdóttir, hjúkrunarfræðingur og prjónakona.

# Kokkarnir vilja fá styrk frá Seðlabanka

„Við erum búnir að leggja inn skriflega beiðni um styrk upp á 300 þúsund krónur fyrir kaupum á kertum frá Sólheimum í Grímsnesi. Við höfum fengið staðfestingu á að þeir hafi móttekið bréfið en þetta virðist eitthvað standa í þeim,“ segir Úlfar Eysteinsson, matreiðslumeistari á Þremur Frökkum. Fréttablaðið hefur að undanförnu fylgst með Úlfari og félaga hans, Tómasi Tómassyni á Hamborgarabúllunni, og mótmælum þeirra við háum stýrivöxtum Seðlabankans. Þeir ætla ekki að raka sig fyrr en vextirnir eru komnir niður fyrir tíu prósent en þetta eru vafalítið ein friðsælustu mótmæli sem sögur fara af.

Nú er hins vegar tími aðgerða runninn upp og mótmælabræðurnir ætla að klæða sig upp í jólasveinabúning, keyra um Reykjavík á hestvagni og gefa börnum borgarinnar kerti og spil. Úlfar upplýsir að þeir séu þegar komnir með hestvagninn, hestinn sem á að draga hann og jólasveinabúningana. „Þá erum við búnir að fá þúsund spilastokka frá Flugleiðum en okkur vantar styrkinn fyrir kertunum. Vonandi kemur hann frá Seðlabankanum en annars förum við bara einhverja aðra leið,“ útskýrir Úlfar en kokkarnir ætla meðal annars að heimsækja Barnaspítala Hringsins.

Næsti stýrivaxtafundur Seðlabankans verður 10. desember ef marka má heimasíðu bankans en Úlfar er ekki bjartsýnn á að þeir geti rakað af sér skeggið. Jafnvel þótt vextir verði lækkaðir niður fyrir tíu prósentin. „Nei, við ætlum að leika jólasveina á jólaballi Flugleiða í staðinn fyrir spilastokkana og mér skilst að það sé ekki fyrr en milli jóla og nýárs.“ - fgg



**JÓLASVEINAAÐGERÐIN** Úlfar og Tómas ætla að klæða sig upp sem jólasveinar á annan í aðventu og gefa börnunum bæði kerti og spil.



**LÁRÉTT 2.** hærri, **6.** úr hófi, **8.** hlaup, **9.** stormur, **11.** tvö þúsund, **12.** digurmæli, **14.** hrinding, **16.** drykkur, **17.** rjúka, **18.** munda, **20.** í röð, **21.** steypuefni.

**LÓÐRÉTT 1.** harmur, **3.** skóli, **4.** streitast, **5.** angan, **7.** formaður, **10.** lítið býli, **13.** átti heima, **15.** laun, **16.** taumur, **19.** frá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** efri, **6.** of, **8.** gel, **9.** rok, **11.** mm, **12.** grobb, **14.** stjak, **16.** te, **17.** ósa, **18.** ota, **20.** tu, **21.** gifs. **LÓÐRÉTT: 1.** sorg, **3.** fg, **4.** rembast, **5.** ilm, **7.** forseti, **10.** kot, **13.** bjó, **15.** kaup, **16.** tog, **19.** af.

LADDI: LEIKUR FORSETANN Í SKAUPINU

# LADDI LÆTUR ÚLNLIÐS-BROT EKKI STOPPA SIG

„Ég flækti fótinn í einhverri stóllöpp og hrasaði bara,“ segir Þórhallur Sigurðsson, betur þekktur sem Laddi. Hann úlnliðsbrotnaði heima hjá sér og er nú með vinstri höndina í gifsi. „Ég bar hana fyrir mig en maður er víst ekki jafn liðugur og í gamla daga heldur hlunkaðist ég bara niður með þessum afleiðingum.“ Að sögn Ladda tekur brotið sex vikur að gróa og hann þakkar guði fyrir að hann var ekki búinn að panta sér golfferð eitthvert suður á bóginn. „Nei, ég ætlaði reyndar að skoða það, að komast í golfferð þegar þessari törn lýkur loksins. Ég verð bara vonandi búinn að ná mér nógu snemma til að geta farið upp úr áramótunum.“ Þetta er reyndar í annað sinn á þessu ári sem Laddi slasar sig því hann marðist á rifbeini við tökur á slagsmálasenu fyrir kvikmyndina Jóhannes.

Og brotið hefði ekki getað komið á verri tíma því leikarinn er jú önnum kafinn við að bregða sér í allra kvikinda líki í jólasýningunni Skröggur sem sýnd er í Loftkastalanum. Þar leikur Laddi öll hlutverkin og því var ekki hægt að fá neinn staðgengil til að hlaupa í skarðið. „Ég læt mig bara hafa það, leik þetta með höndina svona þótt þetta séu tvær sýningar.“ Til að bæta gráu ofan á svart er hann einnig veislustjóri á jólahlaðborði Hótels Sögu um helgina en það er engan bilbug á leikaranum að finna, hann hyggst bíta á jaxlinn og láta sig hafa það.

Þegar Fréttablaðið náði tali af leikaranum í gær var hann hins vegar staddur í tökum á Áramótaskaupinu. Og úlnliðsbrotið kom þar loksins að góðum notum ef svo mætti segja því hann leikur sjálfan forsetann, Ólaf Ragnar Grímsson. „Já, gifsið kom ekki að sök þar heldur passar bara vel við hlutverkið, hann er hvort eð er alltaf í fatla annað slagið.“

freyrgigja@frettabladid.is



**BROTNAÐI HEIMA** Laddi flækti sig í stóllöpp og setti vinstri höndina fyrir sig með þeim afleiðingum að hann úlnliðsbrotnaði. Hann ætlar þó að bíta á jaxlinn og leika Skrögg í Loftkastalanum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Flestir ljósvaka- og netmiðlar greindu í gær frá dularfullum hópi kvikmyndagerðarmanna sem lét hvorki kulda né kaldan vind aftra sér frá því að skella sér ofan í Tjörnina í miðbæ Reykjavíkur. Svo leyndardómsfull var þessi sundferð að meira að segja lögreglan gat ekki gefið það upp hverjir voru þar á ferðinni. Sú fiskisaga flaug hins vegar hátt að þetta hefði verið tökulið Skaupsins og að þarna hafi átt að gera grín að frækinni björgun **Fjölnis Þorgeirssonar** sem vissulega var einn af hápunktum síðasta árs.

Og ný kitla úr kvikmyndinni Bjarnfreðarson er komin á YouTube. Myndin er lokapunkturinn í sögunum um þetta víðfræga þríeyki; Ólaf Ragnar, Daníel og **Georg Bjarnfreðarson** sem er auðvitað miðpunktur myndarinnar. Kitlan gefur nokkuð góða mynd af söguþræðinum sem hingað til hefur ekki öllum verið ljós. Ef marka má kitluna flytja þeir Georg og Ólafur Ragnar inn á Daníel sem nú virðist hafa reynt við læknisfræðina. Þetta hefur auðvitað í för með sér tilheyrandi árekstra en atriðin benda til þess að þarna sé á ferðinni sannkallaður grínsmellur. - fgg







vísir.is
„...ég sá það á vísi“

HAFBERG
fiskbúð sælkerans

Lúðusneiðar................1590
Lúðuflök......................1590
Laxaflök.......................1590
Allir fiskréttir.............1490

TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 990

Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00

Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686


# Laugarásvideó rís úr öskustónni

Margur kvikmyndaáhugamaðurinn var harmi sleginn þegar Laugarásvídeó brann í lok sumars. Þeir sömu geta nú andað léttar því leigan mun opna aftur á sama stað.

„Þetta leit hrikalega út og maður var ansi svartsýnn. Hélt hreinlega að 23 ára starf væri farið forgörðum á einni nóttu,“ segir Gunnar Jósefsson, eigandi Laugarásvídeós. „Þetta slapp þó betur en á horfðist því allavega fjörutíu prósent af dvd-diskunum eru í lagi. Maður er búinn að vera að þrífa, pússa og setja diskana í ný umslög í þrjá mánuði núna og svo náttúrulega bara að panta inn efni á fullu. Það er verið að koma húsnæðinu í samt lag og við stefnum á að opna aftur 12. desember næstkomandi. Það verður hátíð. Hljómsveitir að spila og snittur!“

Margir tóku brunann nærri sér og netsíðan Kvikmyndir.is setti söfnun í gang. „Það söfnuðust nokkrir hundraðkallar sem nýttust vel í enduruppbygginguna,“ segir Gunnar. Hann er viss um að Laugarásvídeó muni halda sérstöðu sinni og stefnir á að geta fljótlega staðið undir slagorði leigunnar og verið með stærsta dvd-safn landsins.

Það vita færri að Laugarásvídeó starfrækir útibú í Borgarnesi. „Ég byrjaði fyrir jól í fyrra að keyra á Laugarásvídeó-bílnum til Borgarness með fullt af diskum,“ segir Anna Ólöf Kristjánsdóttir, sem sér um Borgarnesútibúið. „Við leigðum okkur bara íbúð – það var nóg af tómum íbúðum í Borgarnesi – og rákum leiguna þaðan til að byrja með. Vorum með afgreiðslukassann inni í eldhúsi. Leigan var bara opin um helgar en þetta mæltist svo vel fyrir að við ákváðum að opna í varanlegu húsnæði að Borgarbraut 52 og erum búin að vera þar síðan í mars. Þessi leiga er náttúrulega eitthvað öðruvísi en leigan í bænum, með minna úrval, en mikið af diskasafninu bjargaðist úr eldinum af því diskarnir voru í Borgarnesi.“ - drg



**SLAPP BETUR EN Á HORFÐIST** Gunnar Jósefsson opnar Laugarásvídeó aftur í desember. Hann stefnir á að geta boðið aftur upp á stærsta dvd-safn landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
ÁÐUR 1999
999,-
JOGGINGBUXUR Á KRAKKA
ST. 2JA - 14 ÁRA
ÁÐUR 2999
999,-
GALLABUXUR Á KRAKKA
ST. 2JA - 12 ÁRA
ÁÐUR 6999
4.999,-
DÖMUÚLPA XS - XL
ÁÐUR 4990
2.999,-
HERRABUXUR
100% BÓMULL
ÁÐUR 2999
999,-
PRJÓNAKRAGI
OFURTILBOÐ
TILBOÐIN GILDA ÚT SUNNUDAG 29. NÓVEMBER · EKKI MISSA AF ÞESSU!
699,-
ÖKKLASOKKAR
5 PÖR Í PAKKA
ÁÐUR 3999
1.999,-
DÖMU HETTUPEYSUR
XS - XL
VERÐ FRÁ
599,-
KÓSÝSOKKAR BARNA
MARGAR GERÐIR
VERÐ FRÁ
2.999,-
HERRAPEYSUR
MARGAR GERÐIR
ÁÐUR 899
499,-
LEGGHLÍFASOKKAR
ÁÐUR 7999
4.999,-
HERRAÚLPA XS - XXL
FAXAFENI 8 · OPIÐ 10-18 · SUNNUDAGA 12-17

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
**ORATORS**
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ólöf meðal þeirra bestu

Nú keppast allir við að gera áratuginn upp með listum. Óháða netmúsíksalan Emusic birti nýlega lista yfir 100 bestu plötur áratugarins. Þar eru tvær íslenskar plötur, þó ekki með tvíeykinu Björk og Sigur Rós eins og vaninn er á svona listum, heldur með **Ólöfu Arnalds** og Sigur Rós. Eina plata Ólafar, Við og við, er í 87. sæti en Ágætis byrjun Sigur Rósar er í 13. sæti. Is This It með The Strokes þykir svo besta plata áratugarins.



### Blóðugt stríð

Eins og búast mátti við er hafið blóðugt stríð á bókamarkaðinum og útgefendur beita öllum brögðum. Tveir menn virðast þó gnæfa yfir aðra ef marka má metsölulista Eymundsson en þetta eru þeir Arnaldur Indriðason og **Stieg Larsson**. Svörtuloft Arnaldar komu út 1. nóvember en þriðja bók Stiegs í Millenium-þríleiknum á laugardaginn. Arnaldur hélt toppsætinu en sagan segir að aðeins hafi munað þremur eintökum á honum og þeim sænska.



### Kominn heim á ný

Flokksstjórn Samfylkingarinnar fundaði um helgina og þar mætti margt hið ágætasta fólk eins og vera ber. Margt var skrafað og margir að hittast og því kipptu menn sér ekkert upp við einn gestinn sem gekk um og heilsaði á báða bóga og spjallaði um lífið, tilveruna og pólitíkina. Það var ekki fyrr en leið á kvöld að einhverjir fóru að spyrja sig hverju sætti; hér var nefnilega kominn **Karl V. Matthíasson**, fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar. Sá bauð fram fyrir Frjálslynda flokkinn í kosningum í vor, en er nú greinilega kominn heim í heiðardalinn.

**- fgg / kóp**



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Lögreglan fylgist með vændishúsum
2. Fermingarbörn söfnuðu átta milljónum
3. Deilt um prjóna og Facebook á bæjarstjórnarfundi
4. Nauðgunum á skemmtistöðum hefur fjölgað
5. Þjóðarhagur ætti frekar að opna nýja verslunarkeðju





